kopar, járn, perlur, gimsteina, sykur, silki og aðra kostulega vöru. Þetta land má vel kallast sú jarðneska paradís. Hún deilist í 15 stór lönd sjerdeilis, í þessum löndum segist að vera 590 stórstaðir, en smærri 1674 staðir og þorp óteljanleg og landsbygðir. Höfuðstaðurinn er Paquin[1]), hvar kóngurinn af Chína heldur sitt hof, þar næst er Quinsay, sem segist að vera 25 mílur umkring, og Canton. Í því mikla kóngsríki Chína er stór höndlan uppá allrahanda, og mikill kaupmannsskapur framinn.

Nú skal þar aftur til máls taka, er eg fyr frá veik, þar sem vjer komum fyrir kastalann Dansborg, lægðum segl og atkerum hleyptum nærri hálfri viku sjóar frá landi, ljetum vora flaug fljúga á stórtopp, skutum þremur stykkjum og ljetum í trómet blása. Og með því að eitt skip, útsent frá Danmörk fyrir hálfu öðru ári, lá þar fyrir, er vjer oss lag tókum, sem kallast Vaturhundur, en að öðru nafni St. Laurentz, skutu þeir þrjú skot aftur í mót oss til æru, uppsettu sitt flagg og bljesu í sín trómet. Strax kom þeirra kaptugi, Ernst[2]) að nafni, á borð til oss, hollenskur að ætt, og höfðu frjettir hvorir af öðrum, og urðu með oss fagnaðarfundir, og höfðu hvorir öðrum góð tíðindi og gleðileg að segja.

Nú er þar frá að segja, að nær kastalamenn fengu oss í sigti, þektu þeir vora sigling af vorri flaug, og jafnskjótt sem vjer vorum fyrir atkeri lagstir, útslógu þeir sinni flaug og skutu af múrunum þremur sínum stærstu stykkjum með trómeta blæstri. En þeir sem þá voru yfirvöld kastalans var rector, sá eð hjet Christofor Milner, og gubernator Henrich Hess að nafni, þessi var fæddur í Helsingeyri af nafnfrægu fólki, hinn annar í Hollandi, og voru báðir mætir menn og vel forsóktir.

Á þessum sama degi, er vjer komum fyrir kastalann,

---

[1]) Paquin = Peking; Quinsay = Hang-tschou. (Sjá: Ivar Hallberg: L'Extrême Orient, undir því orði.)

[2]) Hann hjet fullu nafni Ernst Gerritsen Pricker; sjá um hann Lind, Kr. IV. og hans Mænd, bls. 202 og ath. RC.

varð stór drykkja haldin, með báðum kaptugum skipanna, og lá við fúss yrði með þeim, því sá hollenski kaptuginn Ernst brá vorum kaptuga Christofor Boga um misferli hans kvinnu, hvar um eg hefi fyr talað, það hún hóraðist fram hjá honum, þann tíð hann var á sinni reisu í fyrra sinn að Austindíen, hvar við honum mjög lit brá, svo hann hefði hann í gegn rent með sínum rapír, hefði ei maður í milli hlaupið, því þeir voru ójafnir til hreysti, til hvers sem reyna skyldi. En með því alt vort fólk gekk til með góðri viðleitni þá að forlíka, tókst það um síðir þá að sætta, fyrir góðar umtölur. Eftir þetta alt skeð uppgafst vindrykkja öll í káhyttu og skot urðu niðurlögð; gengum vjer eftir vort erfiði, sem höfðum verið við stykkin að skjóta mestallan daginn, til þvottar, skömmu fyr en vjer gengum til snæðings. En svo bar við, að einn maður á skipinu, Ívar Jónsson[1]) að nafni, úr Jótlandi ættaður, sá eð var stórmenni og mikill fyrir sjer, hann átti nokkrar skyrtur í stampi á þvættum; þessi maður var í stórri vináttu við vorn kaptuga, því hann á fyrri reisu hafði með honum farið að Indíen, en hann var skipmann að nafnbótum, svo að nær eg var að þurka mjer, kom hann upp og hugði að taka sínar skyrtur úr stampinum til þvotts, þá sjer hann lítið kám á einni af púðri og strax sagði mig prófoss það gjört hafa, hverju eg góðmannlega neitaði, en fyrir sakir hans mikla drambs og ofsabræði, vildi mín afbötun lítið eða ekki stoða, og kvaðst mitt líf skyldi hafa, og að næsta morgni bauð mjer til einvígis við sig, svo framt sem eg vildi upp þaðan erlegt nafn og rykti hafa. Kom þá upp minn constabel, Niels Dreyer, og margt af fólkinu, til að stilla hans ofsa og greint klamarí, hvað ei tókst neinum, en kaptuginn var til hvílu genginn; lögðum við svo hendur saman hjer um, að svo ske skyldi, sem hann um mælt hafði, að bað eg Guð um, að hvorum gengi eftir því sem satt segði og betra málefni með færi. Constabel og allir afsök-

[1]) á skrá Símonar Jóhansens er getið um bátsmann að nafni Iffuer Hanssen.

uðu mig; hann átti góðan korða, fór strax og hvesti hann til eggjar og fjekk mjer í hendur, og bað mig vel og mannslega á halda og mig með verja sem eg kynni, en hann kvaðst skyldi mín hefna, ef mjer ósigur til fjelli, og gaf mjer sína hönd þar uppá til sannindateikns. En það hann hjet mjer svo miklu fylgi kom þar af, að hann vissi hvað í öskunni var fólgið, hvar af eg ei vissi hið minsta. Síðan gekk yfir í káhyttu og vekur kapteininn og biður hann leyfis til landsferðar, hvað honum veittist, en ei vissi kaptuginn hvað viðlá. Fór Ívar svo til lands með miklum þjósti og þungum geðsmunum, með nokkrum Indíaniskum, sem þar með bát, er þeir kalla zelinga[1]), voru á borð komnir, kvaðst til miðdags mín þar bíða skyldi, og ákvað þann tíma til hólmgöngu með stórum viðlögum, ef mig bilaði þar að koma. Svo leið sú nótt af, er næst eftir kom, og að morgni komandi, um miðsmorgunstíma, var eftir venjunni til corum hringt og blásið, en að morgunsöng með bæn og blessan enduðum, gengu menn til frúkosts, en á meðan sú máltíð yfirstóð, var einum af skipsfólkinu dagvakt skikkuð, hver eð kallaði með hárri röddu, að einn indíaniskur bátur frá landi til vors skips aðróandi væri, í hverjum sjer heyrðist sár kveinkan sjúks manns að merkja. Nokkrir sögðu að ei skyldi Ívari hafa eitthvað til fallið. Nú sem báturinn kom undir skipsborð, þá fanst svo að vera, að Ívar lá þar sjúkur í augnaverk, því nær óbærilegum, svo að menn stóðust varla hans hljóð og háemjan, og bárust mjer skjótt þessi tíðindi, að ei mundi eg þurfa hann að óttast nje ómakast við hann til hólmgöngu. Varð hann svo með kaðli uppdreginn og í sína sæng innstuddur, og ljet mjer þann boðskap bera, að hann bæði mig skjótt til sín koma, hvað eg og gjörði; var þá mesta hans móði þverrað, og kvaðst vita mitt sakleysi með sínu tilfelli sannvottað vera, bað mig grátandi um fyrirgefning, og gjörðumst við góðir vinir síðan. En vor constabel meðgekk

[1]) nú á ensk-indv. chelingo, af arab. orði shalandi, um litla uppskipunarbáta. (Yule-Burnell)

áðurgreint efni, er hann við mig forþenkti um, og taldist svo alt út til lykta. Síðan að 6 vikna fresti varð Ívar heill sinna sára meina, og lyktar svo hjer um framar að tala.[1])

XV. KAP.

Á þessum sama degi, sem var sá næsti eftir þann, er vjer þangað komum, fór vor kaptugi til lands og til kastalans, og var honum vel fagnað af rector og gubernator; voru þá 9 skot affýrð á þeim múrum, er umkring lágu kastalann Dansborg, og með sama hætti á hvorju skipinu. Fáum dögum síðar var helmingur vors skipsfólks, sem þangað voru nú nýlega komnir með skipinu Christiánshöfn, til lands skikkaðir af rector og gubernator til að vera soldátar uppá kastalanum; á meðal hverra eg var og einnin þar til skikkaður, og þar vakt að halda. En sá annar helmingur vors liðs, ásamt vorum kaptuga Christofor Boga, var skikkaður á hitt skipið, sem nefndist Vaturhundur, en öðru nafni [St.] Laurentz, og sendast skyldi til Ternaseri, hvar að lágu 7 menn af þeirri fyrstu reisu fyrir kaupskap, og var þangað 600 mílur vegar í norður að sigla, og urðu menn þangað hafa sunnan-masson, áður en hún var útblásin, og aftur þaðan norðan-masson til vors kastala, og skyldi skipið þar liggja um veturinn eftir, og í móti páskum þangað til vor aftur koma, ef engin hindran til fjelli. En með því engin vetrarhöfn var við vorn kastala Dansborg, því hlaut skipið um veturinn allan þar að dvelja, og eru þeir á þeirri leið oftast 6 vikur þar í milli. En sá kaptugi, Ernst, sem á þessu skipi frá Danmörk var þangað kominn, skyldi heim aftur með voru skipi Christiánshöfn

---

[1]) Frásögn þessi er nokkuð ógreinileg. Líklega er „áðurgreint efni“ það, að Niels Dreyer sjálfur hafði óhreinkað skyrtuna; „hann“ = Ívar.

þaðan afferðast, og er þar sú vísa, að þeir menn, sem þar hafa lengst verið, skulu lausn fá þaðan, sem girnast til heimferðar með þeim skipum, er þá fyrst kæmi frá Danmörk, Hollandi, Englandi. Fjórir menn af voru fólki fóru heim aftur með sínu skipi, á meðal hverra var minn góður vin Pjetur Van Bergen, með hverjum eg af kastalanum Dansborg sendi mitt brjef, sem eg hingað skrifaði til Íslands mínum bróður Halldóri Ólafssyni til, sem engir þóttust vita dæmi til, að fyr hefði brjef skrifast nje sendst frá Indíen til Íslands. Vor prestur [Herra] Christián mátti og halda rjett sem fleiri, og varð að sigla með vorum kaptuga, Christofor Boga, og hans meðfylgjurum til Ternaseri og ljet sitt líf á þeirri reisu, svo mjer auðnaðist hann ei aftur að finna; hann var ungur maður að aldri, vitur og vellærður og einn góður prjedikari. Eg var mjög honum kyntur og af honum kær haldinn, sem og af vorum kaptuga, Christofor Boga, hver eð fjekk sjerdeilis elsku til mín, svo eg oftlega var hjá honum í hans kvartjeri vakt að hafa honum til skemtunar, og oft bar það til, að hann aftraði mjer með tilgripi neðar að fara eður mersusegl inn að taka, og kvaðst sjá mig oftlega framar mörgum öðrum það og annað fleira óskipað gjöra, en aðra sjer hjá hliðra; þetta kvaðst hann athugað hafa með þögn. Svo og ljetu mig allir menn sjerdeilis vel, og í þann tíma varð ei óvirtur fyrir lítilmensku sakir, þakkir sje Guði! En það segi eg hverjum, sem hlýða vill, að hver einn einstaka maður, sem gefur sig til slíkrar ferðar og á hvorki frændur innan skipsborðs, gjald, nje eftirmælendismenn að, hann má hafa 3 kosti til að bera, sem er hógværð og gott umburðarlyndi við sína yfirmenn og aðra, sem þess eru verðugir, og láta ei alt skipa sjer og vera nokkuð þá í reynir, þriðja að fara vel undan illu, en líða þó ei ofmikið og forsvara sig með æru, gegnd og skynsemi, summa: að gjöra og haga sjer ærlega til máls og gjörða, svo hann megi svara djarflega. Þetta sje hjerum nægilega talað nú um sinn.

Nærri hálfa aðra viku vorum vjer á skipinu, fyr en vjer vorum eiginlega kallaðir uppá kastalann. Svo bar við á

reisunni, að hverjum tveimur voru á ferðinni fengnir 10 ostar án annars kosts, hverja þeir áttu að hafa til fæðslu, nær ei til gæfi að matreiða, en ef það uppvíst yrði, að nokkur öðruvís þar útí höndlaði eður drægi þá undan til sölu, nær hann í Indíen kæmi, sjer til ávinnings, skyldi þar fyrir straffast og með peningaútlátum múlkterast. En nú með því eg öðlaðist svo góðan stallbróður fyrst eg fór heiman, sem var Bernt Andrjesson, sem líkjast mátti við eina góða ektakvinnu í umhyggjusamlegri tilsjón og í öllu því, sem mín dagleg nauðsyn útheimti og honum var máttugt af stað að koma mjer til góða, svo hann mátti ekki mitt mein vita nje líta. En Guð almáttugur gaf mjer og honum góða heilbrigði, svo eg kendi einskis meins, utan einn dag kendi eg lítillrar köldu, og var honum svo mjög um mig hugað, að hann þann dag einskis neytti. Hann hafði lært fyrri í æskutíð skraddarahandverk. Ei var hann eldri en vel 30 ára. Einn ost tærðum við á reisunni, en útköstuðum öðrum skemdum, en 8 höfðum við til Indía, þó hljótt færi, og tókum fyrir hvern þeirra eitt stykki van achten, það er ríxdalur, og hvert eitt þeirra þar er svo gott sem 10 dalir heima í Danmörk. Nú bar svo við, að nokkrir Indíanar komu til skips einn dag, fyr en vjer vorum aldeilis við skipið skildir, og seldum við einum þeirra tvo osta með leynd fyrir tvo spánska dali. En nær þeir á land voru komnir, mætti vor kaptugi þeim, og nær hann kom fram til skips, varð alt fólk á þilfar kallað og af honum þessu yfir lýst, að hann þessum mætt hefði, og hjet þeim stórum harðindum, er gjört hefði. En með því að hann frjetti það og formerkti, eg hjer við riðinn vera mundi, varð af honum ei framar umtalað.

Einn dag vjer hugðum til lands að fara, litum vjer einn ógurlega stóran sjóarorm, sá uppi mókti meir en eyktar tíma, rjett á þeim vegi, sem vjer áttum um að fara til lands, yfir hann vatnaði í 9 stöðum, og meintu menn hann 900 álna langan eður minni kannske. Hlutum vjer við skipið í tvo daga kyrrir að blífa, sakir ótta er af slíkri skepnu og hennar stærðar ofbjóð innlæsir sig í mannsins hjarta.

Befurgjeld[1]) varð útkastað í sjóinn, sem stýrimenn plaga jafnan með sjer að hafa, hvali og sjóorma sem og önnur marskrímsli í burtu að rýma, nær svo þörf krefur, sem að er befurdýrsins eistu, hvers dýrs eðli er að vera bæði á sjó og landi, af hvers hárum að gjörast þeir dýrmætustu hattar, sem kallast befurfeld. Hann gjörir sjer hús í sjóarbökkum úr trjám, og ávalt má hans hali í sjónum liggja, nær hann sefur. Þessi dýr eru mörg í Norvegi, höndlast þar tíðum, þar með og líka otur og mordýr[2]), sem og líka í sjónum og á landi sína umgengni hafa.

XVI. KAP.

Nú víkjum þar til aftur, sem vjer, að liðnum tveimur dögum, eftir það vjer höfðum orminn litið, sögðum laust við skipið Christiánshöfn, og fórum með vorn helming fólks til lands, og gáfumst til þess embættis, er oss af kastalans yfirvöldum varð á hendur sagt, og staðfastlega tiltrúað, að endurnýjuðum eið og frekari mánaðarlaunum nokkra af voru fólki, af hverjum eg var einn þeirra, en ei með stærri tiltekt í það sinn en einu gyllini, sem er ein hálf vætt, frekari en fyr á hverjum mánuði, og þetta skeði tveimur dögum síðar en vjer til lands fórum; varð þá á bumbuna slegið og í pípu og trómet blásið og hver með nafni munstraður og upplesinn undir strangt regimenti, stríðsrjett og orðu; vorum svo hvern dag í fyrstu exerceraðir, munstraðir, tamdir og

[1]) d. bævergejl, stækt efni, sem finst í pung bjórsins, er menn áður höfðu mikla trú á til lækninga og hjeldu að mikil náttúra fylgdi, einsog hjer má sjá.

[2]) Líklega dönskusletta, „maardyr“ = merðir (maar = „mörður“), sem eru náskyldir otrum, einsog kunnugt er. Almennir merðir eru þó engin vatnadýr, en máske er átt við þá tegund, sem á dönsku er kölluð „flodilder“ (mustela lutreola); hugsast getur og að þetta sje norskt mállýskunafn á læmingjum (lómundum, mus lemmus L.), og ætti þá nafnið að vera dregið af því þeir „mora“ í stórhópum. En jeg held helst að fyrsta tilgátan sje rjett.

tilvandir til stríðsatferðar eftir hermannavísu, og hverja þriðju nótt vakt skikkað með sterkum viðlögum og uppvakningu til góðrar aðgætni í heiðnu og framandi landi, þar með trygða og trúskaps eftir inntaki vors eiðs við kóng vorn og compagníið, þar sem varð hverri róðu og kvartjersfólki vakt strengilega tilsagt, í hvert sinn, er yfirvöld gengi til porta eður út, þar sem vaktin stóð, og ekki voru á sinni skildvakt uppá kastalans múrshyrningum, skyldi vopnum týgjaðir í orðu standa, eftir venjulegri stríðsmanering, þeim til æru, kónglegrar tignar vegna í Danmörk, og í framandi manna nálægð og athugasamri ásýnd. Síðan að nær vjer af þessari munstring heim gengum og að artikulum upplesnum varð oss afdeilt og skift hverjum 7 í hvern einn skutul og herbergi fengið, hverjum út af fyrir sig, og einn á hverjum skutli útvalinn til formanns og trúlegrar aðgætni, að í hvers þeirra herbergi alt vel og kristilega tilgengi, bæði um daga, kvöld og nætur, og til slíkrar yfirsagnar höfðu þessir menn af yfirvöldunum fullan myndugleika, hver yfir sínum skutli, hvað mjer varð og einnin tilsagt og herbergi út af fengið, og ei þeir sístu af fólkinu, og varð hvert herbergi nefnt eftir nafni sjerhvers skutulsmeistara, og voru þangað fengnar til nægjanlegs borðbúnaðar krúsir, könnur, skálir og diskar, einnin þau steinker, sem vatnið skyldi í geymast og gegnt börmum í jörð niðurgrafin til kælu, og voru indíaniskar konur gamlar til vatnsburðar keyptar, sem langt var að dregið, og þær í smærri steinkerum sjer á höfði bera eftir þeirra venju, og hverri þeirra var sitt herbergi afdeilt. Og að þessu öllu svo aðgreindu og tilskikkuðu fóru þeir allir til skips í vorn stað, sem heim skyldu ferðast, en vjer settumst að nefndum herbergjum til dags og nætur, athafna, umgengni og veru. Þar með var oss skikkaður einn indíaniskur maður að þvo allra vor línklæði, Athrumbus að nafni, en sakir þess síns embættis var kallaður maynath[1]). Þessi skilaði hvern laugardag vorum

[1]) o: af tamíl-orðinu mainato, þvottamaður. (Yule-Burnell.)

línklæðum með góðri afhendingu. Við þennan mann hafði eg þrátt gaman, hverju hann vel gegndi jafnan.

Á þriðja degi eftir vorn landgang og alt tilsagt, sem kastalans þjónustu viðveik með allri hegðan og háttalagi að slitinni munstring, sem haldin var upp á kastalans skansvelli, var hringt til máltíðar, og að henni endaðri gefin vor venjuleg ranzona, vart peli af frönsku rauðavíni, og ein flabkanna í hvern skutul. Síðan hófst vor vakt, og viðhjelst hverrar róðu hverja þriðju nótt, og var á hverri hyrningu kastalans vakt sett, sem þar stóð 2 klukkustundir í senn, en sú fimta stóð fyrir porti kastalans með sama skamti tímanna. Á hverri hyrningu kastalans eður rúndel var gjörð sem ein þró með múrverki vænu, hvar inni vaktin stóð, nær skruggur, reiðarslög og vatnssteypur úr lofti umnuddaði í þreifanlegu náttmyrkri með ofbjóðlegri ógnan og skelfilegum hætti, og þar uppaf var múrað eitt karnat eður sem ein húfa með litlum turn og gyltri flaug yfir, svo ei náði þá vatn yfir hellast, er þeir undir stóðu. En þeir, sem tilsettir voru umkring ganga um nætur og trúleik vaktmannanna að hugleiða og rannsaka, voru ei með vaktinni, sem í fyrstu var gubernator og vaktmeistarinn, og hverjir, sem sofandi þá finnast eður fyrir athugaleysi af þessum verða gripnir eður í einhvern máta lúraðir og yfirfallnir, hafa eftir lögmálinu og stríðsartíkulum líftjón sjer aflað, og þvílíkur skarpur stríðsrjettur er alstaðar á hverri festingu herra og kónga, eftir sem mjer er kunnugt orðið.

En hvað voru starfi við veik á kastalanum daglega var ekkert annað en vor vakt, og fyrst vjer vorum nýlega komnir, vorum vjer drílaðir eður exerceraðir hvern morgun áður en frúkostur var tekinn, og þar með kend stríðs mentan og atferð; item nær pipar kom frá kónginum til Travanzour upp á vorn kastala, skyldum vjer hann harpa, það er hreinsa úr honum alt gras og hroða í gegnum eitt stórt sáldur, en hverjir að hjeldu vakt voru frí, og plagaðist oss ein myskin víns að gefast af vorum butiler eður bryta fyrir vort ómak. Item ein fanó,[1]) það er indíanisk gullmynt, sem gilti 11

[1]) o: fanam, ýmist úr gulli eða silfri, með mjög mismunandi gildi; í Madras t. d. var 1 fanam = ca. 15 aurar (Yule-Burnell); þessum

danska skildinga, varð oss hvern laugardag útgreidd til þvottalauna, sem þó korta skyldi vor laun eftir tímans upphæð og þessara smápeninga; ein þessi fanó gilti sem ríxdalur heima í Danmörk, og nær einum spönskum dal skyldi versla, voru 10 fanó úttaldar af verslurunum, sem á kauptorginu sínar krambúðir hafa og þar daglega standa, það í tje að láta, sem hvern um nauðsynjar og eftir beiðist, eftir þess lands háttalagi, og síðar skal betur umtalast með Guðs hjálp. En fyrir eina fanó útteljast af verslurunum 86 caser, það er índíanisk koparmynt, með hverri kaupa má hvað mann girnir.

Kastalinn var veglega múraður og stafferaður með rúndelum á hverri hýrningu og smáturn yfir hverjum rúndel með gylltri flug, sem eg fyr hef um talað. Innan múra í miðjum garði kastalans stóð vor kirkja, sem var eitt gamalt hús, hverja áður fyrri hafði haft einn portogaliskur pápisti, þar inni var kvöld og morgna jafnan söngur haldinn með bæn og blessan, item hvern sunnudag prjedikun með sakramentanna útdeilingu og hvern miðvikudag. Vor prestur á kastalanum, nær eg þar kom, hjet H[erra] Jens, einn sjerdeilis góður prjedikari og söngmaður hinn besti, röggsamur, einarður og djarfmæltur í sinni prjedikun hvað áhrærði um trúarbrögð pápista og Calvinista og Lútheriana; honum var eg með öðrum þremur skikkaður til djákna, á meðan eg þar dvöl hafði, og var mjer jafnan sjerdeilis góður og eftirlátur umfram aðra.

Eirekur Smiður hjet sá maður, sem sagði fyrir öllu kastalans múrverki, en indíaniskir múrmeistarar höfðu alt verk og ómak fyrir, hverjir þar til eru mjög hraðir og tamir, framar þeim hjer í Norðurálfunni. Við syðri múr og skansvöll kastalans, innan múra, stóð ein há höll og eitt mikið hús, upptil hvers að lágu margar tröppur; þar uppi sátu vor yfirvöld daglega og hjeldu sína máltíð, svefnherbergi, samastað og sæti, item dómhús, ráðstofu og reikn-

---

peningi var skift í „cash“ (skr. karsha, tamíl kāsu, og var síðar 1 fanam = 80 cash).

ingsstofu. Önnur smá herbergi og vor svefnhús stóðu við suðursíðu og suðvestursíðu innan múra á kastalanum. Á austursíðu kastalans innan múra stóð það mikla og uppmúraða kokkhús og einn uppmúraður brunnur, úr hverjum dregið var seyði til sjerhverrar máltíðar.

Umkring allan kastalann á hans múrum í öllum veggskörðum voru járnstykki bæði stór og smá, þau stærstu þeirra skutu 18 marka lóði, en þau smæstu 9 marka lóði, og voru að tölu yfir 80 eður vart 90; item skotvopn með tvennu móti, músskveitur og fýrverk, var á kastalanum nægilegt; item lóð með fernu móti, sem voru hlekkjalóð (leinkelóð), standlóð, krosslóð, skæralóð og almennileg lóð[1]). Þessar tilgreindar varnir voru á kastalanum Dansborg með fleira því sem tilheyrði.

Hvað vorum matskamt viðvjek á kastalanum er hið sama að segja sem á reisunni og fyr hefir frá greint verið, utan vjer fengum í frúkost hvern morgun hrísgrjón í nýrri mjólk vel seydd og soðin, og oftlega ferskan fisk, item ferskt svínflesk og ferskt geitakjöt og fugla nokkurs slags. Hundrað geitfje var á þeim eftirkomandi vetri, er eg þar kom, á kastalanum alið til sláturs handa kastalafólki, og var svo magurt um veturinn að þær umveltust af vesöld, svo dauf jörð verður þar um vetrartíð af þeim stór-regnum og daglegri norðanveðráttu, er þar um drifa. Sauðfje er þar mótlíka og geitfje, utan horn og skegg skilur, ull hefir það enga heldur en geitfje, en lit ber það ýmsan, sem er hvítan og svartan, mórauðan, bláan og rauðan.

Ei smíðast þar klæði, því þar er engin ull, heldur annar margslags vefnaður, úr bómull, úr silki, úr móru[2]), það vex á sjerdeilis viðarkyni, og bera þess þræðir gullslit þar úr verkaðir, og verður því þrátt í skyrtur saumað til prýði. Þar vefst pells- og gulls-vefnaður, item silfurs og kopars,

[1]) Um þessar skotfærategundir sjá Blom: Kr. IV.s Artilleri, bls. 261—286.

[2]) d. mor, þ. Mohr, fr. moire, einskonar silkivefnaður; orðið er annars á frönsku upprunalega notað um vefnað úr hárum Angorageitarinnar (e. mohair, af arab. mokhayyar, sem upprunal. þýðir dúkur úr úlfaldahárum).

blýant og úr pálmviðarberki, sem er svo seigur álíka sem seymi, og úr þeim berki gjöra þeir sín segl og atkeriskaðla, sjómanna höfuðklæði, körfur og fleira. Af því einu trje mega þeir eta, drekka, klæðast, veiðarfæri og skipkaðla með öðrum reiðskap gjöra, sín skip og skútur þar úr smíða og með þess berki saman að sauma, svo sem þar plagast, hversu stór sem þau eru. Eigi eru þau með súð heldur á röndum samanfeld og fest með skíðu yfir, einni utan, en annari innan á hverjum samkomum, og yfir þær í gegn saumað með þessum berkisþræði, svo tilbúnum, sem þar til hæfir. Þessi pálmviðartrje eru mjög fallega og skikkanlega niðursett sem fylkingaraðir með vissum mælir á lengd og breidd, en standa þó ei nálægra til samans en þriggja málfaðma bil hvers þeirra á milli; lauf þeirra eru breið, nærri tveggja álna eður þriggja í kring, þau verða höfð fyrir skerdiska bæði á kóngsborði og annarstaðar í stórhófum og hjá herrafólki; þau eru neðarlega og upp til miðs 2 og 3 feðminga digur, og eru uppmjó og hol innan, svo þó sum sjeu opin neðarlega og menn megi þar inni sitja, bera þau samt ávöxt tvöfaldan árlega, svo sem alt annað þar innanlands, sem með rjettri frjósemi stendur. Þessi pálmtrje bera tvöfaldleg gæði eftir því, sem þeim er hagað, því nær þeir vilja, fyrir þeirra umbúning, bera þau cocos eður carhanske[1]) nytur, sem barnshöfuð stórar og sumar enn nokkuð stærri, í hverjum vex sá hviti kjarni, úr hverjum þeir pressa oleum eður viðsmjör, hverjum þeir áður í bing kasta, svo þær úldni og eru síðan hafðar til pressunar, hvar þær verða sundurbrotnar og sá feiti kjarni úrtekinn, sem að er að smekk sem hið besta súra smjör, og síðan ofan í pressuna látinn, að honum körfuðum sem smæst, en sú pressa er að mynd sem strokkur, og er úr heillri eik gjörður og hörðu viðarkyni, og er innan eggsljett, neðarlega er á henni tappi, út af hverju tappað verður oleum það, sem pressast þar inni, með þvílíkum umbúningi og hjer greinir, að ein bryggja

[1]) hjer er vitanlega átt við kókoshnetur; hvernig stendur á nafninu „carhanske" veit jeg ekki með vissu, þó er orðið kárhí til í maledívisku í merkingunni kókoshnot, og væri hugsanlegt að lýsingarorðið ætti eitthvað skylt við það.

eggsljett er gjörð rjett kringlótt, og upp úr henni miðri stendur þessi pressa, upp úr henni stendur ein stöng sem bulla í strokki, og út úr þeirri stöng er eitt trje, fyrir því trje er spentur einn uxi, sem pressar nefndan nytnakjarna til oleum, og vjer köllum viðsmjör. Þetta viðsmjör verður selt í pottatali, fyrst til smurninga, því Indíanar smyrja sig daglega, og þeir sig tvisvar, er þar hafa efni til og formegan; í annan máta tíðkast það til ljósa; í þriðju grein til fisks og kjöts steika. Oftast hafa Indíanar soðmat veglega krydd- aðan með safranuðu soði, altíð ferskan og í oleo uppsteiktan. Engum leyfist nautum þar að slátra, hvorki innlenskum nje aðkomandi þjóðum, því þeir eftir lærdómi Pitagore[1]) halda nautin helg vera og sálir í sjer hafa, og verða nautin því þar sjálfdauð. Kóngsins son af Egyptalandi[2]) kom þar á fund þess indíanska kóngs í þann tíma, sem vjer þar dvöld- um, hver eð þar dvaldi í nokkra mánuði; hann fjekk það leyfi að láta slátra tvævetra nauti, og skyldi enginn þess neyta utan hann alleina, og skyldu þess bein brennast í eldi, hvar fyrir hann varð ærnu fje við kóng til að kosta.

XVII. KAP.

Sá indíanski kóngur, sem kallast kóngdómsins vegna Nica de Regnate[3]), hann tilbiður eina hyrnda kú, hver eð í einu sjerdeilis vel tilreiddu herbergi og luktu hefir með

[1]) o: Pýþagoras, hinn frægi gríski spekingur, ca. 530 f. Kr.

[2]) Egyptaland var þá komið undir Tyrki (unnið af þeim 1517), og getur því ekki verið að tala um konungsson þaðan í byrjun 17. aldar, svo þetta hlýtur að vera missögn.

[3]) Nica, Nico eða Naik er titill, sem upprunalega er kominn úr sanskrít „nāyaka", er þýðir „höfðingi" o. s. frv., og er notað í mörg- um indverskum málum, líka í tamíl og öðrum, sem ekki eru af sans- krít komin. Konungur sá, sem hjer er um getið, hjet rjettu nafni Raghunatha, en sonur hans Rambandra. — Um trúarbrögð þar í landi vísa jeg í B. Ziegenbalg, Genealogie der Malabarischen Götter. Madras 1867. Góð dönsk bók um það efni er L. P. Larsen, Hindu-Aandsliv og Kristendommen. Kbhvn. 1907.

sjerdeilis vaktan og prýðilegum samastað sína veru og stöðu með gull-legu skarti og gimsteina prýði öll tilsett, og balsameruð, og með gullvefnaðarklæði öllu bardýruðu með dýrmætustu gimsteinum yfirhulin. Til hennar gengur hann á kvöld og morgna henni lotning að veita, og, með leyfi, vaskar sínar hendur og andlit í hennar vatni, þar með sinn munn, og í hvert sinn yfireys sinn hvirfil með því sama að lyktum. Son átti kóngur sjer með sinni drotningu, sá eð var útvalinn prins og kóngsefni eftir kóng látinn, ef honum svo auðnaðist, sá eð var 17 eða 18 ára gamall, hvers mynd ásamt hans föðurs var í vorri kirkju, og var ei óhýrleg að líta. Hans innileg girnd var sá að kristnast og meðtaka vora trú, hefði honum það gagnast fyrir sínum föður, en það vildi ei svo horfa, og stóð kóngur þar mest í mót sem hann orkaði, svo hann fjekk því ei ráðið fyrir harðýðgi síns föðurs, en lengi stóð það í vigt, og var á meðan beðið fyrir honum í vorri kirkju til Guðs, að hann vildi af sinni náð upplýsa hans hjarta til rjettrar trúar.

Kóngsins höll var sögð vegleg, og hans palats prýðilega stafferað; hans trón eður kónglegur stóll er af marmara og svo sljettur sem eitt egg, umkring nærri 12 álna; þar situr hann daglega, og hans hofprestur gegnt honum, á dýrmætum og gull-legum sessum, með samanvöfðum fótleggjum eftir siðvenju Indíana, og mýkt þeirra lima, sem jafnlega sig smyrja og balsamera með oleo og dýrmætasta balsamo. Hjá hverjum þeirra standa 3 smásveinar, einn sá eð klippir arech eður paga, sem er að stærð, lit og hörku sem muscat, það taka þeir fyrst í munninn og tyggja það og útspýta því fyrsta munnvatni, síðan þau blöð, er þar vaxa, taka þeir sjer í munn með hinu og tyggja til samans; innan í þeim er það kalk, sem brent er úr gimburskeljum, lítið á riðið; af þessu öllu svo samanblönduðu og tuggnu verður þeirra munnur sem fullur blóðs sje, og nær það er fulltuggið, renna þeir því öllu niður og verða þar af druknir meir en af tóbak, og þetta kalla þeir bítilarech eða bítilapaga[1]), og

[1]) bítil er lauf af beteltrjenu, Piper betel L. sem er tuggið með þurkuðum areca-hnetum. Það er algengur siður víða í Austurlöndum.

segja gott við blóðsótt vera. Og þessi þjóð, sem eru landsins innbyggjarar og Malabarer kallast, drekka enga áfenga drykki, utan þetta oftnefnt bítilarech láta þeir í staðinn annara landa víns og öls drykkjuskapar sjer nægjast. En vín bruggast þar úr pálmviðarvíni, sem þeir kalla arrach, og er að smekk og reynslu sem brennivín, og verður það daglega selt og keypt af þeim framandi þjóðum, er þar eru innlendar orðnar, sem er fyrst Portogaliskir, Caffer, Prægier, Selinger[1]), Mórer, Bengalianer, Egyptskir, Arabiskir, Molucher, Javer, Engelskir, Hollenskir og Danskir. Portogaliskir brugga þar eitt slags vín, er þeir kalla vín to pass[2]), hvert eg eitt sinn prófaði, og er velsmakkandi og áfengt mjög.

Nú víkjum þar til sem kóngsins athæfi áhrærir og daglegt háttalag, að með því eg greindi eins hans þjenara embætti og daglega iðju þá að vera bítilarech að klippa fyrir kónginn, þá er það hans annars þjenara embætti að halda á einum gullpotti, í hvern kóngurinn spýtir af sínum munni, því nær hann tekur tóbak eður bítilarech, þarf þess jafnlega við. Þriðji hans þjenari stendur með eina gull-

lega viftu að mynd sem þetta  [3]) og blaktar

henni fram og aftur, og af þeim vindi, sem þar af kemur, verður svali þeim, er svo við höndlast, og slíkt er almennilegur landsvani í hverju húsi, og þar með kreista þeir hver annars líkama undir svefn á kvöldin, þeim til heilsubótar, er svo við gjörast, hvert skikk að vjer og einnin tíðkuðum.

Hvað kóngsins daglega stássi og þjenaranna viðhöndlan viðvíkur, er hið sama kóngsins hofpresti auðsýnt, af hverjum kóngurinn heldur mikið, og nær sem nokkrir framandi heimsækja kónginn og hafa nokkuð sjerdeilis við hann að

---

[1]) ɔ: Cheling, Cheli, orð notað af Portúgalsmönnum um indverska kaupmenn. Uppruni þess er óljós (Yule Burnell). — Um „Prægier“ (= „parías“) sjá lýsinguna í 20. kap. hjer á eftir.

[2]) líklega vinho de passa, vín sem er búið til úr rúsínum.


[3]) myndin er hjer tekin eftir hdr. Lbs. 723, 4°.

útrjetta, þá leyfist þeim eigi fyrir kónginn inn að ganga, fyr en presturinn segir kónginum fyrir lukkustund góða við framandi að tala, og þó það sje um miðnátt, og komi boð frá kóngi, hljóta þeir þar strax því viðbúnir vera, án dvalar, og þeir hljóta túlk að hafa, sá eð með stórri auðmýkt tuktuga meðalgöngu hefir þeirra í milli, með þeim hætti, að hann byrgir sína ásjónu fyrir hvorjum þeirra fyrir sig. Það sje hjerum talað nú um sinn að fullnægju.

Og skal enn um kónginn áminst verða, fyrst þar um, að kóngurinn að auk sinnar drotningar hafði, nær vjer fyrst þar komum, 900 frillur, en síðan aflagði hann úr þeirri tölu 300 við sinn son, en ei þær sömu, svo hann sjálfur hjelt 600 úr því í sínu syndaregistri. Þessar hans frillur hjeldu einn veglegan og vel til reiddan sal með gyltum pílárum í kring og gluggum úr christallus-gleri; að þessum sal gekk kóngurinn daglega sjer þá að útvelja til holdlegrar saurgunar, er hans hjarta í hvert sinn útkjöri. Þær plaga sig daglega að smyrja, og eru með dýrmætu skarti prýddar, um sig miðjar hafa þær gullvefnaðarklæði með gimsteinum samið og prýtt, gullhringa um tær og fingur, með gimsteinum innsmelt, item ennisgull og eyrna, og í þeirra nösum, um mjóaleggi og úlflíði gullhringar, item um þeirra höfuð gyllinistykki með gimsteinum í fest; item einn veglegur brjóstadúkur, sem mikils fjár er verður, með perlum, gulli og gimsteinum prýddur, og með þvílíku skarti eru þær daglega prýddar. Á einum góðum veðurdegi nærri miðju sumri er þeim út leyft af þessum sal að spátsera á hverju ári, samjafnt kóngi sjálfum, í þreföldum hring kóngsins æðstu stríðsmanna, og er þá á bumbur slegið vel 9 og í básúnur blásið, og stórblysum upp haldið. Annars skeður þeirra útgangur ei tíðar. Og sem nokkrar úr því tali deyi, verður talan með annara jafnmargra uppfylt. Og nær sem kóngur deyr, hljóta allar að brennast með honum lifandi[1]), því alls landsins fólks greftran skeður með þeim hætti, að

[1]) Þegar Raghunatha dó, 25. Nóv. 1626, voru 119 af konum hans brendar með honum (Schlegel I, 4, bls. 162).

öll lík eru brend á þriðja degi frá þeirra andláti, hvar um framar skal talast í öðrum stað og skal um kóng um sinn úttalað vera.



Musteri í Tandsjúr.

Nú með því fyr er frásagt um kóngssetrið Travanzourem, vil eg ei framar þar um tala, en um kirkjusmíði þeirra vil eg lítið áhræra, og það fleira, sem því og þeirra trúarbrögðum viðvíkur, offrunum og skurðgoðadýrkunum og slíka

fantasi, hvar með eg vil einn og sjerhvern uppvaktan hafa Guði jafnan verðugar þakkir færa, sem oss hjer í kristindóminum hefir miskunsamlega leitt úr sliku háskasamlegu myrkri villudómsins og glötun fordæmdra. Blessað sje nafnið vors miskunsama Guðs æfinlega. Amen.

XVIII. KAP.

Í hverjum stað Indía, sem eg hefi heyrt um rætt og lesið, er ein stór höfuðkirkja, sem kallast sínagógur eður pagógur. Svo var og í þeim litla stað hjá vorum kastala, sem Trangobarich nefndist og fyr hefir verið um getið, ein þvílík uppmúruð kirkja með háum ferköntuðum turni, og einn uppmúraður hár garður um kring. Þar úti móts við kirkjudyrnar innangarðs stóð einn hár og mikill vagn með ýmislegum svívirðinga myndum of viðbjóðslegum og lastlegum frá að herma. Innan kirkju, á stöllum eður afmúruðum sætum, standa 6 afguðamyndir hvorumegin, bæði nauta, svína, geita, buffala, hver að eru sem naut að sköpun, en eru þó eigi, hverra mjólk að er sem geitamjólk. En á þverum gafli er eitt mikið altari með gulli veglega prýtt; þar upp yfir eru þrír stallar, innvik og sæti, mjög veglega tilsett, á hverjum að standa þeirra æðstu guðir þrír, sem er Suami, Rami og Tameran[1]), og standa rjett upp á enda sem menn, en þó ei í manns myndan. Suami, sá æðsti þeirra

[1]) Ekkert af þessum nöfnum er eiginlegt guðanafn nema Rami = Rama. Máske hefur presturinn kinokað sjer við að segja Evrópumanni, annarar trúar, hin heilögu eiginnöfn guðanna, og því aðeins nefnt þá tignarheitum sínum. Suami er = suāmin, sanskrítorð, sem þýðir Drottinn, Tameran er = tamburān, á malabarisku (malayalim) = Drottinn, Guð, konungur, og það er líka notað í tamíl af Shívadýrkendum (Yule-Burnell), og má af því ráða að í musteri því, er Jón Indíafari hjer lýsir, hefur Shíva verið dýrkaður. Ef það er rjett að ein af líkneskjunum hafi verið nefnd Rama, hefur Vishnú verið dýrkaður þar líka, því Rama er eitt af persónugerfum hans. — Þriðja líkneskið hefur varla verið Brahma, því ekki er vant að smíða líkneski af þeim guði. Líklega hefur það verið guðinn Pilleiyār eða Ganesha, sonur Shíva, sem er látinn vera með fílshaus.

guð, hefir manns ásjónu og snabel sem fíll fram úr sínum nösum, þeirrar meiningar, að svo sem fíllinn er mestur dýranna, sje þessi guð mestur guðanna. Sá sami hefir klær fjórar og kórónu á höfði með grimmu tilliti. Hinn annar hefir ei snabel, en kórónu og klær, sá eð kallast Rami. Hinn þriðji var með sama skikk og hinn annar, er þeir kalla Tameran. Þessir þrír þeirra afguðir verða útbornir einu sinni á hverju ári, á hverjum degi að er þeirra stórhátíð hin mesta. Á þeim sama degi er þeirra vagn tilreiddur, um hvern eg hefi fyr áhrært. Fyrst er sett í hann miðjan ein há stöng að mynd sem eitt mastur, og á það sama mastur eru settar svo sem þrjár mersukörfur eður þrjú sæti, eitt efst, annað á mitt mastrið og hið þriðja neðst, með prýðilegum gullvefnaðartjöldum og umbúningi þar um kring. Í þessi þrjú sæti eru settir áðurnefndir þrír guðir, Suami hefir það efsta sæti, Rami hið annað, sem á miðju mastri er gjört, og Tameran það neðsta. Í hvert sæti eru settar tvær kvennsviftir, með gull-legar viftur, að blakta þeim yfir þessum afguðum, svo að ekkert duft, ryk eða fluga megi þá á setjast nje falla. Efst á toppi er ein lítil silkiflug með mörgum litum og með gulli og gimsteinum bardýruð. Sjerhver borgari í staðnum er munstraður og með nafni upplesinn og tilskikkaður með köðlum að draga þennan afguðavagn, allan þann tilsettan dag á hverju ári, eitt stræti upp en annað ofan, alt til kvölds, með 30 eða 40 bumbum og þremur básúnistum á hvora hlið, og hermannaflokki vopnuðum alt um kring, sem kallast taliarii. En á meðan allur borgaralýður gengur heim til máltíðar, ganga allir ógiftir í þeirra starf, að draga þennan mikla vagn, þangað til þeir koma aftur að endaðri máltíð, og ganga aftur til þessa óþarfa verks, hinir til sinnar máltíðar. Þessum afguðum verður nokkru offrað af hverju húsi, er þeir verða fyrir dyr dregnir, eftir því sem hver er megandi til, af tóbak, rísgrjón, bítilarech, item þar sem þessu verður ei offrað, verður úthelt rauðu vatni. Borgarherrann eða borgmeistarinn, sem þar kallast almanich[1]), nær sem þessi afguðavagn

[1]) jeg get ekki með vissu sagt, hvaðan þetta orð er komið, líklega er þó síðari hluti þess tamíl-orðið maniyakkaren, borg rstjóri.

kemur fyrir hans húsdyr, standa þar 2 hafrar fullvaxnir og maður með einn stóran kornsigð í hendi hjá hverjum þeirra, hárbeittan, sem eftir borgmeistarans vissri tilsögn í mesta skyndi þá afhöfða. Og eftir það gjört er slegið larm uppá allar bumburnar og básúnað, þar með var þar rauðu vatni úthelt, tóbak, rís og bítilarech þeim gefið, sem vagninn drógu, líka sem annarstaðar fyrir dyrum. Item á þessum sama degi verður blótnautum útslept, sem svo eru kappalin, að þau nálega ólm eru af ofsælu og við framandi ofbjóðleg, svo menn hljóta sig til vara að taka. Vjer nokkrir gjörðum þeim stórar fortölur um þeirra blindleika, er þau vöktuðu, fyrir meðalgöngu vorra þjenara, hvernin að þeir tæki dýrðina frá Drotni og tillegði hana skepnunum, hverju að þeir svo gegndu, að þeir sæi Guð eigi. Og þegar að kvöldi leið, var þessi vagn með afguðunum og greindu stássi dreginn í sitt venjulegt pláss aftur gegnt kirkjudyrum. Og nær þeir voru svo þar með hann komnir því nær, útgengu allar hórur af kirkjunni, pagóga sirke eður kirkjuhórur, að fremja dansleiki fyrir guðunum, og með þeim þeirra meistari, sem nefndist baldor[1]); þessi selur þær daglega fyrir gjald, bæði stríðsfólkinu og þeim ógiftu í borginni, hvert gjald að innlegst í kirkjunnar rentukammer, og verður haft til hennar uppbyggingar, en þær eiga aftur víst sitt uppheldi af kirkjunnar inntekt hjá hennar forverjurum. Presturinn, sem oftast situr fyrir kirkjudyrum, og kallast brameni[2]); gengur einnin út guðunum að fagna með stórri auðmýkt og lotningu, og síðan urðu þeir af þremur þeim útvöldustu þeirra á meðal, sem voru synir prestsins, virðuglega innbornir með miklum bumbuslætti og básúnistanna skörpum blæstri og hljóðfæraslætti, item kirkjuhóranna danslátum í þeim prýðilega búningi, sem annars þar á milli, nær þær þjóna ekki

[1]) o: portúg. bailador, af orðinn bailar, dansa; af sama orðinu er og hið alkunna nafn á dansmeyjunum við musterin „baiadera“, portúg. bailadeira, þær sem Jón Indíafari kallar „kirkjuhórur“; orðin „pagóga sirke“ hef jeg ekki áður sjeð notuð um þesskonar stúlkur, þær eru annars nefndar á tamíl devadāsi (guðsambátt) eða devastrī (flt. devastrīgal), og orðið „sirke“ er líkl. = strīgal o: stúlkur, konur.

[2]) Brahman.

fyrir guðunum, er í kirkjuna upphengdur, sem á þann hátt er í skikkan og hjer greinir, að þær hafa sem aðra uppbrók af gullvefnaði með gimsteinum og perlum veglega tilsett og verð er mikillra summu peninga, item einn veglegan brjóstadúk, sem og frábært fje kostar, með öðru frábæru hringa- og gimsteina-skarti, sem sett er á og af þeirra líkama eftir hentugleika. Síðan að loknu greindu starfi gengur hver heim til sín.

Þessar greindar kirkjufriggjur dansa alla tíma fyrir afguðunum hverja nótt frá náttmálum og til miðnættis, og um tólftu stund nætur, sem er miðnættisstundin, verður einhver af þeim tólf guðunum útborinn upp eitt stræti og annað ofan í vagni með logbröndum, eldfuðri, básúnum og danslátum, item trumbslögum og öðru þesshátta vegsemdarprjáli. Á þetta heyrðum vjer hverja nótt, sem vakt stóðum uppá kastalans skansmúr.

Um eitt miðdegi bar svo einn tíma við, að einn að nafni Pjetur Lálik, minn góður stallbróðir, og eg urðum óvarlega eftir fyrir utan portin kastalans, hver jafnan lukt stóðu um hvert miðdegi, meðan máltíð yfir stóð, og undir eins var miðdegismáltíð í borginni haldin, sem og jafnan plagaðist; gengum við og spátseruðum um torg víða, og nær við komum að þeirri stóru kirkju, er þar stóð, eður pagóga, sat goðapresturinn úti fyrir kirkjudyrum, og var að eta bitilarech. Við gengum til hans og kvöddum hann blíðlega. Hann tók okkur blíðlega með tugtugri bendingu og reverentsíu, og bauð okkur sess hjá sjer. Við slógum upp á skemt við hann, nú meðan engir til sæi, að vildi leyfa okkur kirkjuna innan að skoða. Hann kvaðst það ei voga með neinu móti, því það mundi sitt líf gilda og embætti. En fyrir okkar langgæða brekan og eftirleitni gjörðist sem við um báðum, þó bljúgur væri, fyrir tilsagt verð, og vildi hann að við afdrægjum okkar skó, og bauð okkur höndum að okkur halda og ekkert mein gjöra, utan augum renna, annars kvað hann sitt og okkar líf gilda. Skó vildum við ei af draga, enn út og inn gengum við spakferðugt og án alls piltskapar, hvað hann að lyktum prísaði,

og skildum við vel við hann að loknum launum. Ei var þar inni annað að sjá utan þá 6 afguði hvorumegin, og þá þrjá þeirra æðstu á gafli, yfir því altari veglega tilreiddu, er þar stóð; og búningur þeirra kirkjukvenna, er uppi hjekk, og fyr hefir nefnt verið.

XIX. KAP.

Innan borgar og utan standa mörg goðahús, sem nætur og daga ljóslampar inní brenna. Þar inni standa þeirra 12 afguðir, og einn af þeim æðstu þremur hinn 13. á miðjum gafli. Oft gengum vjer þar inn, þá engir til sáu, en ei þó eg, heldur stóð eg vakt úti, og fyrirbauð eg þeim neitt vont aðhafast, en ljós slöktu þeir, en eg hjet þeim harðindum ef goðin bryti eða svívirðingar sýndu, hvað eg oftlega naumlega fjekk hindrað, svo sem einn tíma skeði, að einn Hollenskur svívirti þann æðsta, er á gafli stóð, er um nótt skeði, og oss lá fyrir í fár að koma, en það hindraðist, því það var vitnalaust, hverjir helst af oss það gjört hefðu. Fyrir utan sínar kirkjur og goðahús hafa þeir fagra lunda af oleoviðartrjám með dýrri frjósemi uppvaxna, en þá umkring eru fagrar flatir sljettar. Í þessum lundum á sumrin veita þeir sínum afguðum tilbeiðni með matoffri, svo þar stendur pottur við pott og eldur undir. Ei máttum vjer þar inn ganga, utan á horfa í nálægð. Þá eru enn aðrir lundar, í hverjum að standa afguðir ýmislegra mynda, sem almenningur og fátækt fólk tilbiður og þar með framandi af almúgafólki, er til borgarinnar sína leið leggja með eitt og annað til kaups, af hverju þeir hljóta öllu toll að gjalda, jafnvel af mykjuskánum, því þeir halda mikið af þeim vegna kúanna, og í þeim brenna þeir öll sín lík. En þann toll allan til sjóar og lands, sem þar inntekst, tillagði kóngurinn sá heiðni vorum kastala, uppá vors kóngs vegna, því

allar þær skútur, sem þeir kalla siampanur[1]), er þar sigldu fyrir, hlutu kastalanum toll að gjalda. En nær það viðbar, að þeir hjeldu frá og vildu ei tolla, urðum vjer með tólfæring eftir þeim að róa, en ei vjer, heldur sjálfir Indíanar, en vjer sátum vopnaðir með brennandi lunta, svo þeir með nauðgan urðu tollinn að láta.

Nú er að tala um þeirra hátíðahöld, með því áhrært er um þeirra goðahús og dýrkan til sinna afguða og offranir, um hvern þeirra galenskab margt væri fleira að tala ef tíð tilfjelli. Eigi á björtum degi heldur á nætur halda þeir sínar hátíðir, danslæti og æfintýrleg spil, með ýmislegum myndum, er þeir sig með búa og íklæða, þau afguðaspil með stórri list og meistarasnilli að leika og spila við stór bál og blys, hvar uppá vjer eitt sinn sáum með óglöggleika af vorum skansi, og þó um nótt. Eitt þeirra spil virtist oss líkt Jónas spámanns historíu, í því hann hvalurinn svelgdi í sig, því einn þeirra íklæddi sig hvalsmyndan og svelgdi þann, er þar til kjörinn var og framkastaður. Og þessir búningar til þessara afguðaleika verða upphengdir í þeirra kirkjur og þar til varðveittir. Annað spil, sem vjer sjeð gátum, var þessháttar, að einn maður tekur sjer sjö epli í vinstri hönd og úttínir þau öll með hraðasta hætti í kring sig miðjan, og eftir því sem þau koma í hans lófa hvert eftir annað, svo útgrýtir hann þeim aftur, svo þau nema aldrei staðar, heldur sem eitt hjól renna í kring um hann svo hart, að þau ei eygjast nema þyturinn og sem eitt þeytispjald, en ekkert þeirra á jörð fellur, en að þrotnum þessum leik, falla þau öll hvert eftir öðru í hans lófa. Þriðja leik sáum vjer þann (og tíðar), að þeir taka tvo ali, einn stærri og annan minni, og sá á þeim heldur kastar þeim minni í loft upp, og nær hann vill niður á oddinn, otar hann þeim alsoddi upp í mót honum, er hann í hendinni ber, og svo gengur hann mörg hestsskeið, að sá litli alur, sem laus er, fellur aldrei niður, fyr en hann tekur hann

---

[1]) = champana, sampan, líkl. úr malajisku upprunalega; svo kallast nokkurs konar litlir bátar þar eystra (Yule-Burnell).

í sinn lófa, og þetta kallast að láta leika á als oddi. Margt fleira leika þeir gamansamt og furðanlega fásjeð. Einn klúrlegur leikur var þar um veturinn innbyggjurunum uppsettur og tilsagður að leika, þeim er vildi það til gjalds vinna, að stinga gat í gegnum sinn aflvöðva, og þar í gegn skyldi einn mjór línuþinur dragast, hver lína að fest var upp í einn eikartopp, og skyldi sá maður þangað vindast, og nær tilsagðist varð honum ofan hleypt [og slept] í einu á þessari línu, sem á snið til jarðar lá, á hverri hann hjekk með sínum handlegg með öllum sínum þunga, og í gegn lá gjörða und. Sumir urðu vitlausir og ómegna, nær þeir ofan hrukku. Vor línvaskari Athrumbus var einn þessara, sem svo mikið til gjalds gjörðu, hverjum vjer stórar ávítur veittum, og lofaði aldrei oftar þreyta skyldi.

Nærri kyndilmessu um veturinn kom þeirra prestahöfðingi eður biskup til þeirrar borgar, sem undir vorn kastala Dansborg lá, Trangobarich að nafni, og víðar til allra annara borga, sem í hans stifti og umdæmi voru. Og fyr en kom að þeirri móðu, sem á suðaustursíðu við kastalann lá (í hverri að voru margslags fiskar, ormar stórir og krókódílar), sendust boð áður fyrir honum, svo ei óvarlega upp á kæmi. Varð þá skjótt viðbrugðið í borginni. Tóku þá allar kirkjuhórur sig með venjulegu skarti að prýða og staffera, og alt staðarins stríðsfólk sig að tilbúa, item allir goðaþjenarar með prestunum. Þessi allur skari með mörgum bumburum og básúnistum gengu af borginni lítinn veg ofan eftir fögrum söndum, svo sljettum sem verða kunna, hverjir svo fagrir eru nær maður í móti sólu gengur, að ein ögn sýnist sem fegursta gull en önnur silfur. Og nær þessi prestahöfðingi á einum fíl yfir móðuna fór og miklu föruneyti, og lá í sínum palakín, í hverjum hann var borinn, sá af fílsbeinum gjörður var, gyltur og með göfugu smíði tilsettur, tók allur þessi skari til að auðsýna sitt vanalegt stáss með trumbslögum, básúnum, hóranna danslátum og stríðsmannanna vopnfimi, og sá larmur og þvílíkt látgæði varaði á allri heimleið þeirra til borgarinnar, þar til hann kom heim að kirkjunni. Var þá slegið uppá allar

bumburnar og básúnerað og kvinnurnar í sinni umbyltan ljeku margvíslega fyrir, eftir þeirra háttum, sem þeirra baldor fyrirmyndaði, sem þeim daglega stjórnar, sá eð hefir eina klingjandi og skært hljóðandi koparplötu í sínum vinstra lófa, á hverja hann með einum sjerdeilis nertugum stálhamri klappaði, og með það slag í hvert sinn þær skyldu dansmyndina fremja. Síðan gekk hann í kirkjuna og var þar í langri tilbeiðslu fyrir guðunum, og á meðan varð ein bóma sem eitt hátt mastur úti fyrir kirkjugarðshliðinu uppreist, og efst í hennar toppi eitt veglegt sæti tilreitt, í hvert hann um níundu stund nætur þeirrar uppstje, og þar þær þrjár klukkustundir til miðnættis kyrlega út dvaldi, á hverri eykt að var í munnlegu samtali við Satan, svo sem gömul ólofleg vísa jafnleg er hjá þeim Malabaris, í hverju slíkra yfirpresta stifti og umdæmi á þessum nefndum tíma sjerhvers árs, sem er þann 1. Febrúarii. Því að þeirra trú er svo varið, að þeir eiginlega tilbiðja Satan, og af honum óska sjer og árna alls þess, sem þeim þykir sig um varða. Því þeir segja, að Guð almáttugan, þann sanna og blessaða dýrðarinnar og friðarins höfðingja og kóng eilifðarinnar þurfi þeir ekki að tilbiðja, því hann sje góður og friðsamur, án stygðar og styrjaldar, og með því hann sje svo mjög blíðlundaður, þá hafi hann ei viljað kífa við Satan nje stríða, eður hafa hann sjer í nálægð, heldur afdeilt honum sinn samastað, hvar hann mætti yfir drotna, sem er loftið, jörðin og sjórinn. Og með því Satan væri illur og mjög týranniskur, þessvegna hlyti þeir hann að tilbiðja og hann með sinni iðuglegri tilbeiðni og offrunum til friðs að stilla. Þess vegna skyldi nú sá yfirprestur þeirra aðfrjetta Satan í vinsamlegri viðræðu, hverrar náðar þeir ættu af honum á eftirkomandi ári að vænta, um öll árgæði lands og sjóar, og nær skip kæmi frá Danmörk, um stríð og gagnlegar höndlanir og annað svoddan. En á meðan svo fram fór þeirra á milli, varð eitt bál mikið kynt og upptendrað um kring nefnda bómu. Og að lokinni eykt og viðræðu þeirra á milli mátti presturinn fleygja sjer úr öndverðum topp trjesins í það brennandi bál, til vitnis, að ef það bál honum ei grand

gjörði, þá skyldi þeirra samtal gegnsatt reynast eftir prestsins framburði. Og nær hann úr bálinu gekk heill, varð á bumbur barið og básúnerað, einnin af dækjum danslæti margskonar framin og með hermanna hárri siguremjan við leik lokið.

Að næsta morgni ferðast prestur þaðan og í nálægustu borg, sem nefndist Trichlagour[1]). Í þá borg gengum vjer oftlega, nær oss gafst til leyfi, að skoða þá veglegu goðakirkju og hennar veglegu uppmúran, því hún var öll utan með ýmisleg bílæti, og hver þró neðarst í hennar múrveggjum svo gjörð fyrir unga og eldri, að þeir máttu sig þar í leggja og sína bæn þar inni gjöra, svo mót var fyrir höfði, höndum, hnjám og öllum líkamans liðamótum. Einn mjög hár kirkjugarður var hana umkring, hvar uppá stóðu myndir margra kvikinda meistarlega afmálaðar, hverjar álengdar sýndust sem lifandi væri. Sú borg lá eina mílu vegar frá vorum kastala.

Einn aldingarður vænn lá þriðjung úr mílu frá vorum kastala. Firna þrátt gengum vjer þangað, þó Indíanum lítt líkaði, sakir troðnings helst. Þar vóx eitt gras, það eitt sjerdeilis að sköpun og lit, á meðal annara margra og ýmislegra, og með undarlegri luktan, sem þeir kalla dýfelsgras[2]), og er þar haft að stóru áliti. Það gras brenna þeir til púlvers eður dufts, og segja þeir, að því dufti eður ösku fylgi sá firnakraftur, að þar sem þeirri grasösku verður niður sáð, að strax úr þeim sama stað flýi sá óhreini andi, og því er sú siðvenja í sjerhverri borg Narsinga-kóngsríkis, að þessa grass ösku verður á sjerhverju vori um sjerhvert borgarstræti niður sáð og út fyrir portin sjerhvers staðar. Og í sjerhverri borg þess ríkis eru 7 menn þjónandi til þeirrar iðju að niðurdreifa þessari ösku í sama mund dags, er nú var greint, svo Satan burt rými úr þeirri borg og

[1]) líklega er átt við bæinn Tirukkadhavur (Trukkulur, Trikkelore).

[2]) holl. duyvelsgras, djöflagras. Líklega er átt við darbha-gras (poa cynosuroides), sem Indverjar trúa að mikil náttúra fylgi, og nota til ýmislegra heilagra athafna.

gjöri ei skaða, hvorki með eldbruna eða nokkru öðru, hvað þó þrátt skeður, að sá vondi andi brennir þar þrátt af um nætur heil stræti og verða þeir 7 menn að nafnbót kallaðir dýfeljagarar[1]). Þeir spila þar fyrir utan daglega fyrir afguðum á hljóðfæri, því þeir taka sjer ei aðra iðju fyrir hendur af engu til. Þeir ganga með gula öskusekki sjer á herðum, hverja þeir uppsetja á hverju nóni, og hafa stafi með ýmsum litum sjer í höndum, og eru allir balsameraðir með ýmsum color og farfa. En þessi aldingarður, hvar inni þetta gras vex, er eiginlega kirkjunnar og staðarins eign, og sje þarum nóg sagt að sinni.

XX. KAP.

Nú eftirfylgir stutt fráskýring um aðferð Indíaniskra, þá þeir úthefja sína dauðu og brenna þeirra líkami utanborgar.

Á þriðja degi eftir hvers þeirra andlát verða líkin úthöfð, en á meðan þau eru heima í sínum húsum, syrgja ekkjurnar með sínum nágrannakonum, skyldum og tengdum, þrisvar á hverjum degi í afdeildu takmarki fyrir utan húsið með hryggilegri aðferð og sorglegri ásýnd, svo þær berja sig og bíta í hendur og hold og í andlit pústra, klóra og klípa, svo þær bláar, blóðugar og benjaðar eftir standa. Þess á milli falla þær með einum hast til jarðar, ausa þær moldu yfir höfuð sjer og hana upprífa og sinn munn með hana fylla, velta sjer og áminnilega veina. En nær sú sorgarhríð í sjerhvert sinn er yfirstaðin, standa þær strax upp og kveða sín sorgarkvæði þess á milli, inn til þess þær aftur upphefja sína sorgarlega atferð. Þessi sorg þeirra stendur yfir í hvert sinn eina klukkustund. Síðan ganga þær inn aftur. En á þeim degi, sem sjerhvert lík verður

[1]) auðsjáanlega úr hollensku, duyveljager ɔ: djöflaveiðandi.

út borið fyrir suðvesturport staðarins í víst afmarkað pláss, þar sem plagast jafnan líkin að brenna, þar í þeim stað er gjörður einn laufskáli ferdyraður og inn í honum eru niðurhlaðnar mykjuskánir þurrar, hvar líkið verður upp á lagt. Nú sem líkið er útborið af húsinu, stendur þar einn vel tilreiddur palakín, sem vera skulu líkbörur hins dauða, hvar inn sá framliðni verður lagður á eina sæng, og yfir línklæði haft með mörgum litum, og með silkiklæði yfir tjaldað með veglegum farfa ýmislegum. Svo nær þeir líkið upphefja á sínar axlir, sem almennilega af fjórum borið verður, verður strax á 18 bumbur slegið með einum larm, og í þrjár básúnur blásið, og ganga tveir þeim framliðna á hægri hönd en einn til vinstri handar; einn maður gengur hvoru megin við líkið með heytuggu í hvorri hendi, sem gegndýfð er í oleo, hver upptendruð verður með eldi, og gefur mikið log og glampbirtu af sjer. Sje það kvinna manns, þá gengur bóndi hennar næst líkinu og þeir nánustu og mikill fólks fjöldi af borgarlýð í pörum, allir með orðentligum hætti, en smárill undan, hverjir að keyptir eru með þeim eldri til að syrgja og sem verst að láta, einkum þegar ríkara manna börnum fellur til sín feðgin og nákomna að syrgja, svo nær laun skulu lúkast, fá þeir tvöfalt sem verst hafa látið og eru bláir og blóðugir, rifnir og hárreittir. Auðkendur er þeirra bumbusláttur, nær þeir fylgja sínum dauðu út að brenna, því það gengur alt til með sorglegri aðferð.

Og nær þeir koma út þangað, sem líkin plaga að brennast, sem er utan borgar, þar nefndur laufskáli stendur, ganga þeir, sem líkið bera, þrisvar í kringum þennan laufskála, rjett sólarsinnis, og síðan í hann innleggja þeir líkið, ofan á þann harða mykjuskánahlaða, er þar fyrirfram er niðurhlaðinn, og sá maður, sem plagar að þjóna þeim dauðu, er strax þar fyrir hendi, hver eð í þennan laufskála strax inngengur og hagar þeim dauða við, svo hann liggur á sína vinstri hlið. Síðan ganga inn allir frændur og tengdamenn, og taka með sjer það allslags, sem sá dauði, þá hann var lifandi, lagði sjer til fæðu, sem er af fiski, soðnum rísgrjónum, hænsnakjöti, aldinum, tóbak og bítilarech. Og nær þeir

allir hafa honum því offrað og lagt upp á hans varir, þá tekur hann það burt aftur alt þessi áðurnefndi maður, og lætur það sem í aðra mundlaug, og verður síðan með honum uppbrent. Og nær þetta er svo algjört, ganga allir náungar út, en þessi maður vippar þeim dauða í kring með skyndi og brýtur hann úr hnjáliðunum, og leggur báða hans fætur undir hans kvið, en hann sjálfan á grúfu, og breiðir það ytra línlak utan um hann allan, er hann haft hefir daglega um sig miðjan, þá hann lifði, er þeir kalla *kleken*[1]). — Þeirra klæðnaður er ekki utan það klæði, en sumir hafa ekkert um sig miðja utan eina þríkantaða blöku ofan fyrir sína blygðan. Sumir hafa dúk lítinn um sitt höfuð, með þessum sama dúk verður þeirra ásjóna byrgð og þeirra höfuð umdregið. Síðan eru innbornar enn meiri harðar mykjuskánir, og þeim hleður sami maður ofan á hinn dauða og umkring hann með snillilegri hleðslu, og að öllu svo búnu gengur hann út af þessum laufsal. Svo ganga allir náungar saman í einn hóp og halda hendi hver um annars háls í einum hring, og upphefja miklar hrinur og há óp með hryggilegri sorgaraðferð og eymdarlátum, og ganga þrisvar rjettsælis í kring nefndan laufsal. En allur smárill og þeir sem fylgja, þeir klóra sig, kreista og klípa, ausa moldu í höfuð sjer og bíta sig í hendur, pústra sig og uppfylla sinn munn af moldu og dufti. Að þessu öllu svo búnu verður laufsalnum burtu svift með öllu.

Þar eru á meðal innbyggjaranna landsins eður þeirra Malabari þeir menn, sem nefnast Pragier eður Prægier[2]), og eru þeim Malabarisku viðbjóðlegir og af þeim í forakti og

---

[1]) er varla úr tamíl, á því máli er þesskonar dúkur kallaður göwanam, en máske er orðið úr hollensku kleedje, þ. Kleidchen, lítill dúkur eða klæði, og hefur Jón Indíafari þá heyrt Hollendinga eða Þjóðverja á kastalanum kalla þetta fat svo.

[2]) þetta er auðsjáanlega sama sem orðið pariah (á tamíl parai), sem er notað um menn af lægstu stjettum víðsvegar á Indlandi, og þaðan komið inn í mörg Norðurálfumál. Í ýmsum eldri fræðibókum er sagt að það sjeu menn fyrir utan stjettir, en svo er ekki, orðið er samnefni fyrir margar lágar stjettir, og sumstaðar á Indlandi eru jafnvel til stjettir, sem eru taldar standa skör lægra en paríarnir.

forsmán hafðir og haldnir, af því þeir eru framandi, fátækir, og eta sjálfdauð naut þeirra Malabarisku, hver þeir um nætur á laun inn draga í sín hús sjer til fæðslu, nær eigendur hafa húð afflegið. Þessa menn hafa þeir og kaupa til hryðjuverka, og á meðal annars kaupa þeir 4 menn af þessum Pragier í hvert sinn nær lík skulu brennast til að bera þangað nýja og blauta kúmykju til að yfirþekja og hylja líkið og allan þann umbúning, svo það stöðvi eldsins bráða brenslu og líkaminn þess heldur gjörsamlegar upp-brenni, svo beinin á næsta morgni liggja tóm og drifthvít eftir í öskunni, hver af náungunum verða gjörvöll samanlesin og tínd, og með snilli upphlaðin í ferkantaða og uppmjóa standhrauka, og verður daglega þeim svo af náungunum við makt haldið, nær þeir af storminum niður hrynja. Strax að morgni ganga frændur út til nefndrar eldgrafar og taka eitt eða tvö sjerdeilis bein úr líkamanum, og að öllum hinum upphlöðnum ganga þeir heim með þau bein og láta í mortel og steyta þau til púlvers, þar af gjöra þeir farfa hvítan, með hverjum þeir smyrja sig yfir brjóstin bæði þrjú strik, og yfir hvern aflvöðva handleggsins þrjú strik, og yfir ennið þrjú strik. Þessum nefndum teiknum halda þeir á sínum líkama við makt heilt ár um kring í staðinn sorgarklæða, sem tíðkast meðal annara þjóða. Og fyr en líkmenn ganga frá þessum umbúningi, gjöra þeir gagnvart vindi eina holu á þessa gröf, inn að þeim hörðu skánum, hvar inn þeir settu eina heytuggu, hverri þeir áður fyrri dýfa í oleo, eldkveiktri og logandi, sú er upptendrar alla gröfina. Og að svo öllu viðloknu ganga líkmenn heim, og nær þeir koma á miðja leið, setja þeir sig þar niður, og að gjörðum reikningsskap, hvað sú líkför kostað hefir, verður sjerhverjum peningur útgreiddur, eftir sem hver er umkominn, frá meira manni til hins minsta. Síðan gengur hver heim til sín, og lyktar þar framar um að tala, utan hvað áhrærir þær konur, er sig láta viljugt lifandi brenna með sínum mönnum dauðum, af kærleik til þeirra, hvern þær þar með auðsýna.

En hverjar þær konur sjeu, er slíkt leyfist að gjöra og

svo breyta, eru þessar. Fyrst sú kona, sem ryktuð verður, að hún hafi mann fram hjá bónda sínum, en ei hefir bevísast satt vera, og deyi svo hennar bóndi, þá er það svo sem hennar eiður, að hún gengur lifandi viljugt í bál með bónda sínum, þar með augljóslega ávísandi að hún engan framar en sinn ektamann elskað hafi; en hver af þesshátt kvennmönnum ei svo breytir, verður síðan framar meir til æfiloka aldrei ærleg haldin, og ei má hún hafa sess nje samneyti með þess lands erlegum kvennmönnum. Ein slík kona ljet sig þar með slíkum hætti um vorn þardvalar tíma með sínum bónda lifandi brenna, sú eð með mikilli gleði og hljóðfæraslætti gekk og lagði sig í fang sínum liðna manni og hann að sjer faðmaði, hverri þangað fylgt var með bumbum og básúnum í flokki margra giftra kvenna. Ein kaupmannskvinna þar í borginni fjekkst naumlega frá að brennast með manni sínum, utan fyrir sterka tilhlutan vorra yfirmanna, því öll mál, sem í borginni tilfjellu, voru fyrir rjett innlögð upp á kastala, og skyldu trakterast, dæmast og úrskurðast eftir þeirri kónglegri befalningu. Sú önnur, sem leyfðist að brennast, ef svo vildi, var þesshátt kona, er engin börn átti. Annars leyfðist ei að nokkur brendist.

XXI. KAP.

Sterkt lögmál hafa þessir Indianar yfir sjer í hverju málaferli meðal allra stjetta þar í landi, og sjerdeilis straff til hvers brots; svo brúka þeir hengingar, steglur, eld og margskonar kvalræði, hálshögg, beinbrot, klípingar, innisveltur og ormabit. Þar var maður og kvennsvift upp á kóngsgarðinum einn tíma, þá vor general reisti til Travanzour, sem smeigt var einum stórum járnbolti í gegnum hvors þeirra báða kálfa, í hverju þau vöfruðu nakin daglega bæði. Ei fjekk eg þeirra afbrot að vita. Hvort hjóna, sem sig

missjer í sínum ektaskap, hljóta mikið straff að úttaka með mörgum hætti, hvers hætti eg ei minnist; item ungar og ógiftar, að sínu ráði spjölluðu, fá með sínum krenkjurum mikið straff og æruhnekki, en hver sú, sem ei treystir sjer til sig erlega að halda, henni leyfist að gefa sig úr selskap ærlegra og úr borginni í samfjelag hinna krenktu, hverjar vera verða utan staðar portanna, og þar kallast *avasari magni*, hvað eð útlegst hóra.

Sirka kallast þar kvennsvift, *abbæ* ó faðir, *ammæ*, ó móðir, *nica* herra, *nerpa* kalla Indíanar eld, *tanarí* vatn, *cundovara* að sækja hvað fyrir sig, *irima* bróðir, *irimæ* systir, *vele* sá eða það sem gamalt er, *tingra* að eta, *toccuna tingraní* eti þjer dálítið, *ní* er þjer eða þú, *culcraní* drekki þjer, *culcrulidt* er krús, *toppe* hattur, *pacra* er að horfa eftir nokkru, *ine pacraní* að hverju geymir þú?, *angra* er að ganga, *ine angraní* hvert gangi þjer?, *cumbride* sá sem hár er, *metta* mikið, *taí* tík, *teyra* mjólk, *lette* eður *lecte* er hleypt mjólk, *bumbarda* fallbyssa, *spengardi* smábyssa[1]). Eg minnist ekki úr þeirra máli meira,

---

[1]) Hr. Chr. Schlesch, gjaldkeri Trúboðsfjelagsins danska, sem hefur dvalið langvistum á Suður-Indlandi, og er ágætlega að sjer í tamíl, hefur gjört mjer þann greiða að skýra þessi orð fyrir mig. Þau eru flest talsvert afbökuð, og sum er ekki hægt að segja um með vissu hvað á að vera. — Avasāri er = hórkona, og þykir ófínt orð, fínna er að segja vipasāri; hvað magni er, er ekki víst, tamíl-orð er það tæplega; abbæ = appā, vocativus af appēn, faðir; ammæ = ammā, voc. af ammāl, móðir; nica = najāgan, herra, höfðingi; sirka = strī kona, flt. strīgal; nerpa = neruppu, eldur; tanari = tannir, vatn; cundovara = konduvara, sækja; að því er snertir irima, irimæ og veli er óvíst hvaða tamíl-orð þau eiga að tákna; tingra = tinna, borða; toccuna tingrani mundi á hærri stjetta tamíl heita kondsjam tinnu nī; ni = nī, þú; culcrani = kudi (nī), drektu; culcrulidt er óvíst hvað er; toppe = toppi, hattur (lánað úr hindústönsku); pacra = parkka, gæta að e-u; ine pacrani = jenna parkkirāj nī, að hverju ertu að gæta? angra er líkl. afbökun úr 2. pers. í eintölu = nadakkirāj, þú gengur; ine angrani? = jenge pōgirāj nī, hvert ertu að ganga? cumbride er óvíst hvað er; metta = metta, mikið; tāj er alment orð sem þýðir móðir; nāi er = hundur; teyra = tajir, súrmjólk; lette er líkl. ekki tamíl en portúgalska orðið leite; bumbarda og spengardi eru ekki heldur tamíl-

því það er alt gleymt sem fyr lítið var. En það veldur miklu, að portogaliska talast þar almennilega, eins af sjálfum Indíanum við framandi og Spanskir sjálfir, og verður svo samblandað við indíanisku hvort af öðru brjálað. Svo er og öll portogaliska mjer gleymd, þó eg lítið þar í kynni, fyrst eg hingað til lands úr siglingum kom, og þar með fleira margt merkilegt, eftir því eg forsómað hefi með það fyrsta þar um að skrifa.

Nú er þar aftur til máls að taka, þar eg mintist á um þeirra strangt lögmál þar í Narsinga kóngsríki og víðar annarsstaðar, og að þeir straffi allra handa misgjörðir frá mesta til minsta með tilsettu ýmislegu straffi. Til dæmis að taka eitt straff af mörgum. Við óhaldinyrðum: Sá eð þar tekur góss eður gjald til láns af öðrum mönnum og borgar ei aftur í ákveðinn tíma, þá hefir hann það vald eftir lögmálinu, sem skuldina á inn að heimta, að taka þann mann höndum, er honum átti skuldina að lúka, og leiða hann ofan á torg borgarinnar, þar daglega er kauphöndlan framin, og leggja þann þunga stein uppá hans hrygg, á hvern klappað er staðarins mark með hangandi hringi, og þar daglega til taks liggur fyrir hendi, og oss virðst hefir að vega mundi 6 fjórðunga þyngd, og láta hann í boglykkju með bundnum höndum ofan á ristar frá sólar uppkomu og til þess hún undir gengur með þann stóra stein standa, og tveir stríðsmenn standa hjá honum, hann slá, ef hann steininum af sjer veltir, og strax upp aftur láta, utan hann vilji honum meiri vægð sýnt hafa. En sjaldan plaga þeir svo strangt straff á að leggja fyr en í þriðja sinni, og hinn þá friðmælist og fullkomnar sit loforð. Hjerum ei fleira.

Á þessu staðarins kauptorgi eru aldini, hænsni, egg, fiskur ferskur margskonar, item kopar og látúnsverk með mörgu móti, caton, silki og margslags vefnaður, og allskonar aldinkjarni, einnin gulls- og koparmynt til kaups haldið daglega.

---

ord, fallbyssa er þar kölluð pirangi, byssa tubakki, en líklega eru þessi orð úr málblendingi þeim er Norðurálfumenn og Indverjar töluðu sín á milli.

Nú er að tala fátt eitt um þeirra höndlan til sjóar og lands, eftir því sem eg fjekk fornumið. Í fyrstu sá þeir árlega þeirra akra, af hverjum vex hið dýrlega rískorn tvisvar um árið, í Aprílis og Septembri að mig minnir; það vex mannshæð, en í lægsta lagi í brjóst manns, en mjölakrar er þar hvergi, svo vjer vissum til, utan uppá Ceylon, og þar er strokkuð mjólk, en eigi þar sem vjer vorum, heldur er hún með öðrum hætti handtjeruð til smjörs, sem er fleytt ofan af hinni mjólkinni, svo sem önnur fita vor á meðal, og það smjör er rautt að lit og verður útselt til að steikja í fisk og kjöt í pottatali eður uppá mælir svo sem oleum. Af þeirra oleoviðarbómum vex viðsmjör, svo sem eg fyr hefi á vikið, í þeim nytum er þeir kalla carhaniske nytur eður cocus, í hverjum fyrir innan skel og kjarna er ilmandi vatn, hvert menn drekka til lystisemi daglega og eta kjarnann ferskan, af hverjum smjörið pressast. Sykurtrje, er menn sjúga og tyggja, sem og magnis[1]), margskonar epli og aldini, bónantser, límóner, sítrónur, pómerants og símitrer[2]). Ei er þar hunang, svo eg þess var yrði; önnur allskonar aldini meina eg þar vaxi. Í annan máta tilsetja þeir sín pálmviðartrje, þau sem þeir þar til velja, og nær sem þá svo girnir, með þeim hætti, að þau tvöföldu blöð, sem uppvaxa úr þeirra toppi og brúkuð verða þar fyrir pappír, og úr þeim gjöra sjer bækur, á hver þeir skrifa með járnstíl, hvað þá girnir, sögur, rímur, kvæði, eður og annað, sem þar tíðkast; þau sömu blöð eru mjög frammjó, og þau uppteygja þeir, svo sem þá menn upprjetta hár á höfði manns, og vefja þau hart saman þar um að utan, og úr þeim pálmaviði, er svo er við höndlað, drýpur vín í þeirra potta, er þeir kalla vín de palme, það drekka menn og kaupa daglega til þess að klukkan slær 10 fyrir miðdag; síðan súrnar það mjög, svo það verður ei drukkið, og skiftist þá um nafn þess víns, og þaðan til

[1]) máske er átt við aldini mangótrjesins; óþroskuð eru þau kölluð mänkäj á tamíl.

[2]) jeg get ekki með vissu sagt við hvað hjer er átt.

kvölds nefnist *súre;* úr því bruggast þar það vín, sem þeir kalla *arach,*[1]) og er sem brennivín. Annað ölslag er þar ekki. Af þessu drekka hvorutveggja, framandi og soldátar (en ei landsmenn) sig drukkna. Um bómull hefi eg nokkuð áhrært, sú eð vex á viðum, svo sem innan í einu eggi, hvert eð klofið er eftir miðju og situr hún þar inni sem ein þykk og hvít mygla eður hvítt silki. Þeir brúka það hálmgras undan rískorni vex fyrir sinn nautpening, hver eð alla tíma inni stendur á nætur, og úr hans mykju eru daglega mykjukökur gjörðar, bæði til eldiviðar og að brenna hina dauðu. Líka er uppá landsbygðinni á sumurin heyjað fyrir naut, buffla, því það stendur inni á vetrinum, því jörðin er dauf af ógnarlegu regni, sem þar ofan hellir, en geitur og sauðfje elur sig mest úti sjálft, þó magurt verði.

Handverksfólk mikið er í Indium, Mórlandi og Egyptó, sem og víðar annarsstaðar í Suðurlöndum uppá allra handa, sem er múrverk, trjeverk, leirverk, járnverk uppá allrahanda munstur, bílætissmíði, koparsmíði frábreytt, úr fílsbeinum, úr tönn og fleira þesshátta, úr gulli með gimsteinum sett og perlum meistarlegt smíði, úr silfri og messing. Item upp á allra handa vefnað, og sín catons-klæði að mála og pússera með allskonar farfa, hvar til þeir hafa löng hús úti án veggja, og þar inni borð svo löng sem húsið er, og þar á sína potta með allra handa color, og sinn pensil eður penna, með hverjum þeir marka og útrita öll þau catonsklæði og silki, sem þeir vilja farfað hafa. Þeirra penslar eru úr svínsburstum gjörðir, smáir og stórir, með hverjum að þeir eru vel tamir með meistaralegri snild að gjöra allra handa myndir þar á; með stórri list, kæti og klingjandi raust, sitja þar við öllum dögum til kvölda, utan um sjálft miðdegið, nær þeir til máltíðar ganga í sín hús. Og

---

[1]) sure er notað um geraðan pálmasafa. Orðið er uppr. úr sanskrít (sura), en er komið inn í mörg önnur indversk mál. — Arach = d. arrak, e. arrach, er einskonar brennivín bruggað úr pálmasafa. Orðið er uppr. arabiskt og þýðir „sviti".

þar inni sat eg oftlega við borðið, og mig þangað til sín vingjarnlega meðtóku. Og nær sem hvert klæði er ferðugt, verður það strax útbreitt á sljetta grund í mót sólu, og útspýtt að það þorni.

Járnsmíði smátt og stórt verður þar tíðkað, og þeir sem eru kljensmiðir ganga daglega á strætin fyrir hús í borginni, hrópandi ef nokkurn um nokkuð nauðsynjaði, er smásmíði viðvíki og það útbærist og tilsegðist, og slíkir báru belg og steðja, hamar og töng undir hendi sjer, en piltur þeirra drattar með kolapoka. Ei hafa þeir belgsmíði sem vjer, því hann er án rifja og er sífullur af vindi, með engu trje, en langri járnpípu, sem föst er og negld framan á belginn. Þennan belg leggja þeir niður á hlaðið í hverjum stað, og setja niður þar sitt steðjakorn og taka svo til á knjám standandi belgnum að blása, ei sem vjer, heldur grípa þeir í miðjan belginn og þrykkja svo og kreista hann, en strax ornar.

Eftir stór regn á vetur verður leitað í leir og sandaur eftir gimsteinum, af þeim sig þar til útgefa, og selja gimsteinafágurum og þeim, sem þá júbilera[1]) og með köntum útskera og snikka. Einnin finnast nokkur slags gimsteinar með sjó, og perlur finnast í skelfiski sjóreknum, og þær skeljar, í hverjum perlur eru, nefnast perlamóðir, og úr þeim eru smíðuð staup og skálir prýðilegar, og eru svo seigar, að varla með hamri brotnar verða. En með hverjum hætti að þeir skera þá gimsteina, veit eg ei, hverja þeir suma gjöra ferkantaða og suma áttkantaða, hverjir þó eru svo mjög harðir, að eldur grandar þeim ekki, og ei verða þeir með járnsleggju, ei heldur á ambolti eður steðja brotnir. Og fyr en vorir kaupmenn af Indíanum gimsteina kaupa, verða þeir áður með eldi og á ambolti reyndir, því Indíanar hafa marga með röngu gimsteina áliti prettað af framandi og aðkomandi þjóðum, það sem þeir hugðu gimsteina vera og reyndist oft gler, hvað margan dárað hefir, því

---

[1]) cfr. d. juvelér, gimsteinasali, „jubilera“ þýðir hjer að skera og fága gimsteina.

Indíanar eru þar uppá og margt annað pússerí behendugir, sniðugir og útlærðir. Svo nær þessir júbilerer og steinsniðarar koma upp á kastalann Dansborg með sína gimsteina til sölu til vorra yfirmanna, urðu þeir með þessum hætti reyndir og prófaðir, og alla þá, sem þeir last á lögðu og aftur ráku, máttum vjer kaupa, hefði oss gjald ei brostið, af hverjum eg öðlaðist $2^1/_2$ hundrað, þó flestir verðlitlir væri, og ei póleraðir nje tilsettir sem skyldi. Tveir smápokar af gimsteinum fullir fóru heim með Christiánshöfn, því skipi, er eg með til Indíum út sigldi, og einn gimsteinn þar í var skatteraður og virtur fyrir 500 dali, sá eð var rúbín, og svo stór sem fremsti liður á fingri manns. Kóngur á lausn á öllum gimsteinum, er frá Indíum heim flytjast, og kvittast þar með, hvað þeir urðu honum skyldugir, sem voru í því Austindiska compagníi, fyrir þann styrk, sem kóngur þeim gjörði, sem var stykki, púður, lóð og hvað annað þá nauðsynjaði.

Skipa-, skúta- og bátasmiðir eru þar. Skip nefna þeir eftir því sem Portogaliskir, *navis;* skútur kalla Indíanar *siampaner*. Þeir bátar, sem róa á 10 eður 12 menn, kallast *zelinger*[1]), en þeirra fiskibátar, sem að eru tveir eður þrír samanbundnir trjedrumbar, og á rær einn maður og á sumum tveir langt út í haf með net til fiskiveiðar, á hverjum þeir hafa þríköntuð segl, og eru gjörð svo sem þeirra net og skipskaðlar úr oleoviðarberki, nefnast *cadmeda*[2]). Og þeim skútum og smáskipum, sem Malabari hafa, sigla þeir þar innanlands en ei lengra. En Mórskir hafa skip uppá 300 lestir, og eru með oleoviðarberki samansaumuð; þeim sigla þeir bæði í Arabía, Egypta[land] og til Chína.

Járn er nóg í Indíum, úr hverju þeir smíða sverð og hjálma, pílur og alt til hers, og hvað annað nauðsynlegt.

---

[1]) navis er latn. orðmynd, portúg. orðmyndin er nao, navio. Hin tvö orðin hafa áður verið skýrð (bls. 262 og bls. 282).

[2]) á tamíl kaddamaram, sem eiginl. þýðir trje buńdin saman; að því er Hr. Schlesch hefur sagt mjer, eru það vanalega þrír bjálkar og er miðbjálkinn lengstur.

En skildir þeirra eru af leðri og eru límdir og pappaðir og með bómull innan stappaðir. Þeir gjöra þeim stóra hlífð í bardögum, því þeir kunna meistaralega sig með þeim að verja fyrir höggum. Þar með kunna þeir sjálfir kostulega með vopn að fara, bæði sín magafött sverð, með hverjum þeir höggva yfir sinn skjöld og undir, og með sín spjót, hver að eru 9 og sum 10 álna löng. Þar með og líka hlífa hermenn þar sjer með sínum skjöldum fyrir sólu um miðdegið, því hún er þar þá svo heit um sumurin, sem eitt nálægt brennandi eldsbál, og verður sandur sem eimyrja og brennir fætur og iljar, utan maður sem harðast hlaupi, en bærilegra er á jörðu og grasi að standa eður ganga en á sandi. Stál er þar ekki, annars mundu þeir hin bestu sverð smíða; því er þar stál dýrt, en menn varast stál þangað að flytja. Látún er þar nálega að lit og fegurð sem gull, tin sem silfur, kopar mjög skær og rjóður.

Á vetur geta ei fiskarar þar fyrir miklum brimum framkomist með sína trjedrumbsbáta til fiskiveiða. Í efstu viku fyrir páska eru 3 af þeirra guðum í einum vagni til strandar hafðir með mörgum bumbum og básúnum, og er sjór í veglegum gullkerum úr ströndinni uppborinn, og yfir goðin öll ausinn, hvert þeir láta í sömu ker af goðunum aftur renna. Og þeim sama sjó verður af prestinum með einum nýlaufguðum vendi dreift á sjóinn, sem vera skal eitt vígt og heilagt vatn, eftir þeirra trú og vísu, svo að því betri fiskiheill og sjóarbjörg yrði, og síðan þar eftir fara fiskimenn til sjóar með sín net, sem þeir hafa í körfum innilukt, svo þau glatist ekki í sjóinn, nær þeirra bátar umvelta, hvað oftlega við ber, en allir fiskarar eru þar svo vel syndir sem selur í sjó.

Í þeim stað Carical, er mílu vegar liggur frá vorum kastala í suður, þar inni bjuggu 600 fiskarar. Þangað gengum vjer í þrjár reisur og sáum uppá um veturinn, að þar voru um daga 300 ungir piltar sundlist að læra, 10, 12 og 16 vetra, langt fyrir framan brimbrot, svo einn fiskarason meðtekur sama embætti sem hans faðir haft hafði, og

allir hljóta þeir í sundlist útlærðir að vera. Og nær sem þessir fiskarar að landi koma, bjóða þeir sinn fiskafla til kaups í borginni og kastalanum, og verður svo daglega við þá höndlað þar um, svo þeir fá nægjanlegt gjald til sinnar atvinnu. Einn tíma um veturinn buðu fiskarar eina skelpöddu til kaups, hverja þeir höfðu í neti fiskað, og sú var mjög stór, svo sem þær stærstu skötur, er hjer dragast mega, en mönnum þótti hún dýrari en hófi gegndi, svo hún varð ei keypt í það sinn. En góðar og sætar eru þær að eta og líka heilnæmar. Það er ein undarleg skepna í sinni sköpun. Um hennar búk allan er sem ein holdgróin skel með dökkum og hvítum blettum. Sú skel er svo hörð sem tönn en seig sem horn. Hún hefir fjóra fætur og klær á þeim öllum. Þá hún liggur kyr, sjái þjer ekki neitt til hennar fóta. Einsog landpöddur eru þær að sköpun, en þær eru smáar og alast við gras og góðar jurtir á landi, og má bera í vasa sínum, af hverjum eg fann eina á minni útreisu í Afríka, og eg hef fyr umgetið að mig minnir[1]). Þessi sjópadda var svo sterk af sjer, að hún bar oss níu frá kirkjunni, sú eð stóð í miðjum slotsgarðinum, og til portsins kastalans, svo það var ritað í vora reisubók, er þeir kalla journal. En sú, eð eg fann og átti, svo mjög lítil, dró einn mann úr stað. Það virðist mörgum ófróðum þar um mjög furðanlegt, að ekki stærri skepna skuli hafa svo mikinn kraft í sjer. Ó, Guðs verk eru öll mjög frábær og fyrir allri mannlegri skynsemi undrunarsöm og furðanleg!

---

[1]) Þetta er misminni hjá Jóni Indíafara.

XXII. KAP.

Landamerki staðarins Trangobarich, sem lá við vorn kastala, skoðaði eg í þrem stöðum, og horfði sitt hvert í ýmsar áttir. Fyrst lá þar í hverjum stað ferkantaður útklappaður eggsljettur steinn með útklappaðri þró, í hverri lágu trjekol ei fyrir löngum tíma þar innlátin. Steinninn lá jafnt jörðu niður smeltur. Umkring kolþróna voru bekkir útklappaðir, útí hverja þróarbekki var einn annar eggsljettur, ferkantaður steinn niður smeltur, og ríkisins merki á klappað, og hverjir þeir menn af landsfólkinu, sem báru nokkuð fjemætt á sjer sjálfum, hestum eða nautum, innan staðarins landamerkja, en þó þeir ættu ekki leið til borgarinnar hlutu þeir toll að gjalda, og jafnvel þó þeir hefðu hlöss af mykjuskánum. Og allur sá tollur til lands og sjóar, sem kastalanum að hnje, var af kaupmönnum borgarinnar meðtekinn og kastalanum afgreiddur, eftir befalningu þess heiðna kóngs, og eg hefi fyr um getið.

Eg hefi fyr ávikið um kastalans bygging og daglegt háttalag þar inni, utan hvað áhrærir þá nýju kirkju, er inn á kastalanum gjörðist með hvelfdum yfirmúrum, geysiháu yfirræfri og veglegum turn með gyltri flaug, sú eð gjörðist af þeim indíanisku múrmeisturum eftir vorri fyrirsögn og danskri manering.

Sú stóra pagóga og goðakirkja, sem í borginni stóð, þá hún hafði uppbygð verið í fyrstu, hafði ei meir kostað hennar uppbygging en 15 dala gildi, svo er þar alt erfiði ódýrt. Og öll landsins gæði fást þar með besta verði, ferskur fiskur, hænsni, geitfje, sauðfje, svín, mjólk, ris og allskyns epli og aldini seldist daglega til kastalans með góðu verði, því að 9 hænsni fengust þar fyrir 6 fiska gildi, og svo hvað um sig með góðu verði.

Skömmum tíma þar eftir er eg var í land og uppá kastalann kominn, bar svo við einn dag að eg með tveimur

kastalamönnum, hverjir fyrir hálfu ári voru fyr en eg þar komnir með Vaturhundinum frá Danmörk, var genginn í hús eins skraddara, sá eð var einn portogaliskur mann og kristinn, einn frómur mann, Antonius að nafni, þess erindis að láta tilsetja oss hverjum einum klæðnað af catoni, svo sem þar plagast. Því þessir Spanskir, sem nefnast Portogaliskir[1]), og fyrir 300 árum hafa þá indíanisku siglingu til sjóar fyrst uppbyrjað, eru um öll Indíen búsettir og útdreifðir, og hafa víða kastala og borgir af indíaniskum kóngum og herrum. Og nær vjer vorum þar í þessa manns húsi nýlega niður setstir kom einn indíaniskur maður þar inn, sá eð var einn af þeim 7 er nefnast dýfeljagarar; sá hinn sami hjelt á einu hljóðfæri, með hverjum þeir plaga daglega fyrir afguðum að leika og þjóna, og bauðst til fyrir gjald að uppspila, en vjer afsögðum honum gjald og gjörvalt samlag fyrir þess kristna manns túlkan og meðalgöngu, en hann því þrásamar bauð sig að spila og gjald heimti; hverjum eg gramdist, og með því eg sat innar lengst hjá skraddaranum skipaði eg öðrum minna meðfylgjara, Pjetur Arndal að nafni, að leiða þann vonda mann burt, sem hann og gjörði. Jafnsnart kom hann aftur með sama þráatvik og ávarp sem fyr. Þá stóð upp sá annar, er Salómon hjet, og með hastyrðum útleiddi. Inn kom sá vondi maður í þriðja sinn, og bað um gjald, en skraddarinn skipaði honum harðlega út, en það vildi ei stoða, heldur móðgaðist mjög við oss, og mælti: »Þjer látið yður kalla Christiana og sinioris[2]), það er herra, en tímið ekki að útláta einn cas eða tvo (það er koparmynt og ganga 86 fyrir eina fanó, sem eru 11 danskir skildingar), en þjer megið heita hundar en ei menn.« Þá svarar skraddarinn og bölvar hinum trúlausa og þaggar hann mjög, og segir til mín, hvort eg skilji orð hins ómilda manns. En eg neitaði. Þá segir

---

[1]) Portúgal lá þá undir Spánarkonung, og því kallar Jón Indíafari Portúgalsmenn þannig.

[2]) o: port. senhores; á íslensku er kunn ítalska myndin af því orði: signor (ít. signore).

hann orð hans, og nær sem eg þau skiljanlega heyri bregður mjer þunglega þar við, svo eg með hast hljóp úr insta sess og fram yfir borð og menn, og greip eg hann í fullri bræði, og hýddi eg hann út fyrir húsdyrnar. En hann því meir egndi mig til reiði með sinni þrásamlegri ánauðgan og lastyrðum, svo eg greip til minnar verju, er eg bar við mína síðu, og hugða eg með henni hans hljóðfæri í sundur að höggva, en hann varð fyrir, svo hann fjekk þrjá áverka, einn í höfuðið og sinn á hvorn handlegg, svo hann fjell niður, og meinta eg hann dauðan vera. En með því þetta hús var gagnvart kastalans porthliði og sem eitt steinkast þaðan, og vaktmeistarinn var þar staddur á meðal vaktmanna í það sinn, og gat litið þennan atburð, gekk því út til mín, og upphóf með mikillri grimdar reiði mig með stóryrðum að ávarpa, og með sínum rotting[1]), sem er reyrleggur, eitt mikið slag mjer yfir herðar gefa, svo eg mjög til kendi, hvað eg fjekk ei þolað, svo eg af óþolinmæði greip í hans reyrlegg og útkipti honum af hans hendi og langt í burt fleygði, og kvaðst ei líða hans högg, með því eg væri til manns kominn og hlyti sjálfur að líða fyrir mitt brot. En með miklum móð hótaði mjer kóngsins járnum, hvað hann fullvel enti, því hann strax ljet mig með sjer ganga heim í portin, og jafnskjótt mig í járn setti, hvaryfir mínir lagsmenn stórlega hörmuðu með tárum, einkum einn, að nafni Eirík Lange, sem í þann tíma hafði fimm ár þar dvalist af þeirri fyrstu reisu, til þess er nú svo skeði. Því þessum manni hafði það á orðið einn tíma, að hann í bræði hafði einn indíaniskan mann með flatri sinni verju slegið yfir þverar herðar, hvar fyrir hann skyldi lífið mist hafa, hefði hann ei náðar notið, sakir þess stranga sáttmála milli kónganna. Og nær eg var svo í járnin kominn með öðrum fæti komu mínir stallbræður, jafnvel þeir indíanisku kaupmenn, sem þeir kalla marcatores[2]), og þeir heiðnu stríðs-

[1]) d. rotting, e. rattan, reyrleggir af einskonar pálmategund, sem notaðir eru fyrir göngustafi osfr.

[2]) port. mercadores.

menn, sem kallast taliarii, og þjónuðu oss jafnframt á kastalans skansmúrum innan porta, með vakt og fullum trúskap, og höfðu vestur-rúndel kastalans að vakta, hvað þeim aldrei sló feil í nokkuð sinn. Þessir komu að samharma mjer. Minn þjenari, einn indíaniskur piltur Sivile[1]) að nafni, og var af Portogaliskum kristnaður, samharmaði mjer svo mjög, að hann varð varla huggaður. Nær þessi atburður skeði var nær um þriðju stund eftir miðdag. Um kvöldið kom vaktmeistarinn eftir venju að tillykja portin, og var þá hans reiði að mestu sefuð.

Um morguninn kom minn kaptugi í land. Christofor Boye, því hann var ennþá eigi kominn uppá sína reisu til Ternasseri, þar sem 6 af Dönskum voru, og eg hefi fyr umtalað. Með honum gekk sá annar kaptuginn Ernst, sem var kaptuginn á hinu skipinu, Vaturhundinum. Og nær þeir svo í samræðu gengu í gegnum portin og sáu mig eigi, þá eg fornam það, bauð eg kaptuganum Christofor Boga góðan dag. Og strax leit hann tilbaka og sá mig í járnbelti innlæstan, hvað honum gaf stóra forundran, og aðfrjetti mig hvað mjer hefði tilfallið. Og nær eg honum hið sanna þar um segi fjell honum það þungt mjög minna vegna, og sagðist síst hafa viljað að mjer hefði slíkt til handa fallið, en þó mundi það svo hljóta að standa sem komið væri. Þá svarar hinn annar kapteinn og segir: »Það er vel þó þjer mættuð sjálfir á yður kenna, þessir ófyrirlátsamir!« Þá svarar minn kaptugi, Christofor Boye: »Ó nei, Ernst, þessi maður er ekki einn þvílíkur, sem þjer til meinið, heldur frómur og meinlítill«, og afsakar mig með föðurlegri afbatan sem mest kunni, og lofar það skuli með Guðs fulltingi gott verða, þó ei verði samdægris, og segir eg skuli án sorgar vera og hann skuli mjer jafnflatur liggja. Og nær Ernst það heyrði undrast hann mjög og vildi ótalað hafa. En mjer fjellu þungt hans mótmæli, og sagði eg hvernin það megi tilkoma, að hann mjer svo gegnmæltur sje svo lítt stöddum, og þar með ókendum, eða hverja verð-

[1]) líkl. hefur hann heitið Djívilej, „blað lífsins“.

skuldan eg þar til hafi? Hann biður mig til góða að halda og sagðist skyldi mjer jafnmörgum gagnyrðum tæra hjá rector og gubernator. Eg kvaðst það feginn og með þakklæti vilja góðfúslega meðtaka. Kaptuginn Christofor Boye segist skuli finna mig að kvöldi nær hann til skips færi, og mjer þá nokkuð huggunarsamt í fregn færa, og gengu þeir báðir svo þaðan. Eg bað þá í friði fara. Þá sögðu mínir lagsmenn eg hefði nú mikla huggan öðlast. Um kvöldið seint gekk kaptuginn Christofor Boye frá yfirvöldunum, og kom til mín í portið, og sendi sinn þjenara eftir einum vínpotti og drakk hann þann út með mjer, og fór svo út til skips að gjörðri blessan yfir mjer og kastalanum, og lofaði að morgni næstum aftur í land að koma, og skyldi þá alt lagfærast með Guðs fulltingi.

Að morgni kom kaptuginn enn í land aftur og fann mig, og lofaði að þann dag skyldi eg laus verða og frí, hvað og skeði nær þriðju stund dags eftir miðdegi, að vaktmeistarinn kom í portið og spyr mig að, hvar minn þjenari sje. Eg segi hann muni nálægt þar vera. Þessi 15 ára gamall piltur var skírður af þeim Portogalisku og kristinn orðinn, svo sem þeir hafa fleirum gjört, sem þeir af sínum foreldrum í ungdómi keypt hafa, eiginlega til þess eins að koma þeim til Guðs. Og að honum innkölluðum og komnum segir vaktmeistarinn til hans: »Far þú og kalla á þann trúarlausa mann, sem húsbóndi þinn hefir höggvið, að hann forlíkist við hann um unnið skaðræði.« Nú var hann því nær orðinn heill sára sinna, því minn elskulegi vin, M. Henrich vor bartskeri, hafði hans sár minna vegna um bundið með dygð og hollustu. Og nær hann kom í portið þá segir minn þjenari til hans: »Sjá hjer og hugleið hvað minn herra hefir að líða fyrir þig, armur Satans þjenari!« Hann svarar: »Abbæ«, það er »ó faðir«, og eftir það talað varpar hann sjer fram á sína ásjónu flötum niður til jarðar, og fer skríðandi til minna fóta og vill kyssa þær, enn eg fyrirbauð honum það, og eg skipaði honum upp að standa aftur á sínar fætur. Síðan var hann af þjenaranum aðspurður fyrir vaktmeistarans tilstéðjan, hversu mikið fje eg skyldi

honum í sárabætur lúka. En hann kvað mig því að mestu ráða. En fyrir langa tilleitni míns þjenara Sivile ánafnar hann tvö stykki van achten, það eru tveir ríxdalir. Þjenarinn sagði að gjörvalt hans líf sje ei svo mikils vert, þar fyrir þurfi hann ei svo mikils að óska, og um síðir ljet hann sjer nægja með 2 fanóer, það reiknast að vera 5 álnir og einn fiskur, hvað mjer leyfðist ei sjálfur honum að afgreiða, heldur hver með öðrum af mínum lagsmönnum tilsögðu mjer hver sína fanó, eður hversu mikið sem með þyrfti, hvarfyrir eg öllum mjúklega þakkaði. Síðan ljet vaktmeistarinn þjenarann tilsegja honum sitt strengilegt forboð mjer framar á vegi mæta eður nokkuð til miska mæla eður gjöra, heldur jafnan mjer úr augsýn víkja, annars sagði hann hann rjettsleginn vera af minni hendi. En vor bartskeri M. Henrich lofaði mjer hans undir með allri hollri græðslu að tillykja, hvers hold hann sagðist heldur vilja lækna og slíkra 10 en eins vors hvers annars. Svo var þessi maður úr því skelkaður fyrir mjer, hvar hann sá mig álengdar, að hann tók til hlaups í mesta máta og kom hinum öðrum til að hlaupa af hans meðþjónum, er þá þar fyrir hendi og í nánd voru, og sagði: »Flýjum, flýjum! Nú er sá fyrir hendi, er oss vill höggva og deyða!« Þetta sögðu oss þeir indíanisku piltar, er oss þjónuðu.

Að þessu svo lagfærðu gekk eg með vaktmeistaranum til vorra yfirvalda, er í þeirri háu höllu voru fyrir sitjandi, verðugar þakkir að veita fyrir auðsýnda vægð og straffs linan fyrir opinbert misferli mót kónganna contract og sáttmálsgjörð þeirra á milli. Hver þessara yfirvalda fjögra, sem var rector, gubernator, kaptuginn Christofor Boye og kaptuginn Ernst drukku mjer til allir með blíðyrðum og hagkvæmu tiltali, og báðu mig sakir viðliggjandi vanda og voða að eg mig vel um sæi, svo eg í ólukku ei rataði fyrir nokkurn þvílíkra manna, hvað og skeði fyrir Guðs náðarsamlega aðstoð og fulltingi. Svo var eg framvegis í stórri vingan við mín yfirvöld, ei síður mínum samþjónum, þar með og einnin við þá Indíanisku, bæði kaupmenn í borginni og annað fólk, því þó minn kaptugi hefði ei fyrir

hendi verið bæn fyrir mig að gjöra, þá höfðu indíaniskir kaupmenn sig í eining samanbundið bæn að gjöra fyrir mjer hjá yfirvöldunum, svo sem þeir plöguðu tíðum að gjöra nær voru fólki nokkuð saknæmt tilfjell, hvarmeð þeir leituðu oss virðingar, afhalds og hróðurs vor á meðal.

XXIII. KAP.

Það skip Christiánshöfn, með hverju eg lukkulega enti mína útreisu til kastalans Dansborg, varð um sumarið fraktað og til heimferðar búið, svo þeir í Septembris mánuði þaðan í burt sigldu í Guðs náðar trausti, og hreptu góð byrleiði og farsala heimferð með vel heilbrigðu fólki. Og með einum manni, Pjetri Van Bergen, skrifaði eg brjef af kastalanum Dansborg, sá eð var á því skipi, til míns bróður, Halldórs Ólafssonar hingað til Íslands, búandi í Súðavík við Álftafjörð, og sögðu menn slíkt ei skeð hafa, að frá Indíum og hingað hefði brjef flutst. En það sama brjef meðtók af hans hendi Hans Ólafsson Holst í Eyrarsundi, hver þá var þangað kominn uppá sína reisu til Íslands, samskipa öllum Íslands þess árs kaupförum, og var þessi maður mjer vel kunnugur að fornu og kaupmaður uppá Skutulsfirði. Þetta góða skip Christiánshöfn var 10 mánuði á sinni heimreisu, og að tveimur árum liðnum fór þetta skip aftur til Indíen og hrepti enn góða reisu. Í Nóvembermánuði sama árs, Anno 1623, afsigldi kaptugi Christofor Boye, minn kaptugi, frá vorum kastala í norðvestur til Ternasseri, sem þaðan lá 600 mílur burt, og bíhjelt góðu byrleiði þangað, sem var sunnanmasson, og dvaldist í burt allan veturinn til passionem.

Nú eftirfylgir framvegis þar um að tala með allrastyttsta hætti, hvað hið sjerlegasta viðbar á þessum vetri vor á meðal, sem kastalann bygðum Anno 1624.

Alls á kastalanum af vorum eigin selskap minnir mig

að væru nær 80 persónur ásamt yfirvöldunum, nær skip voru frá haldin. Og á þeim vetri dóu víst tveir partar fólksins af blóðsótt, hver að er þar almennileg fyrir innlenskum og framandi og þar landfarsótt, en einn partur eftirlifði um vorið. Þann sjúkdóm bar eg í 12 vikur tveim dögum fátt í, og lá eg ekki meir allan þann tíma en tvo daga, og ei forsómaðist mín vakt að heldur. En tilefni þar til að eg og nokkrir aðrir urðum svo nærri oss að taka var sú skæða blóðsótt, sem deyddi nærri tvo parta af voru fólki, svo flestir af þeim er fram stigu lágu ekki nema 2—3 og sumir lengst 4 daga. Einn afdeildur legstaður fyrir þá framliðnu var fyrir utan kastalann, með uppreistum stakkitum eður þilgerði íkring, og var hurð með sterkri læsingu þar fyrir, og var lykill þar að presti jafnan afgreiddur í hvert sinn, sem þeir framliðnu þar inn bárust til greftrunar, og var þeim dauðu ærlega útfylgt af öllu kastalafólki, með vopnaburði undir veglegu stríðsmerki með pípu, trumbu, og eftir prjedikun, sem gjörðist yfir sjerhverjum framliðnum, varð að lyktum þrisvar skotið eftir hermanna vísu, því vjer höfðum engar klukkur á kastalanum. Indíanar stóðu þar jafnan nálægt og þar um kring í stórhópum, og hugleiddu vora hegðan og aðferð, bæði í þessu, og stundum á sunnudögum nær þeir girntust nokkuð fáeinir að verða eftir á kastalanum undir prjedikun áður en portin tillukt urðu, hverjir eð stóðu utan kirkjudyra og á horfðu nær sacramentum altarisins útdeildist. Ei sögðust þeir lasta vorn lærdóm eður hegðan; samt sögðust þeir ei kunna sína lærdómshegðan og átrúnað að afleggja, svo lengi sem þeirra herrar og yfirvöld sjer ei annað bjóða nje tilsegja gjörðu. Þeir eru blindir, sem von er, því þeir hafa blinda leiðtogara, en meiri furða er yfir þeim, sem í ljósinu ganga, að þeir skyldu sýnast í sinni göngu og athöfnum til máls og gjörða líkir, eða kanske verri þeim, sem án ljóssins eru, og aldeilis í myrkrunum ganga. Þar er í öllum stöðum orðentleg skikkan eftir þeirri vísu, sem þar tíðkast, rjettur mælir og vigt og hvað annað þvílíkt, og ei má nokkur öðrum rangt tilgjöra, hvorki í orðum nje verknaði, svo sem eg

hefi fyrri lítið áhrært. Þeir lasta lesti marga og lýti, þeir lasta ofneytslu og ofdrykkju og alt óhóf, og aldrei vilja þeir nokkurt vín eður áfengan drykk til sín taka; þeir hrista sín höfuð, slá sjer á brjóst og hrækja við, nær þeir líta ofdrukkinn mann, og kalla hann að vera *búratze*[1]) sem drukkinn er, það er illa afmyndaðan. Einn af voru liði Marteinn að nafni, ungur mann og mjög góður skrifari, en þó mikill ofæsingur, dramblátur og spjegjarn, fordrakk sig um vorið um Jónsmessuleyti einn dag sem hann um máltíðartíma að luktum portum á kastalanum, svo sem plagaðist um hvern miðdegisverðs tíma að gjörast, var utan kastala. Og nær hann fann portin tillukt vildi hafa klifrað upp á múrinn, og hálsbraut sig í sínu óviti. Síðan var hann upptekinn, innborinn, og af bartskerum álitinn, og að morgni uppskorinn eftir yfirvaldanna tilskikkan, og fanst með því móti dáinn, að hann sig fordrukkið hefði, og að væri sjálfs síns banamaður orðinn. Var hann svo einn fjórða part úr mílu af Indíaniskum burtborinn, er þar til fengnir og keyptir voru hann þar að jarða, svo hann í reit vorra burtsofnaðra bræðra ei jarðaðist, heldur með slíkri greftran fráskildur yrði, oss þeim liföndum til viðvörunar.

Tveir menn af voru liði, einn að nafni Stefán Andrjesson, annar Lauritz Símonsson, drukku sig einn tíma um veturinn mjög drukkna, og í því óviti settu sig upp í móti sínum yfirvöldum, og þess vegna urðu í fangelsi og járn settir, hvar þeir ábættu yfirvöldunum slæmt umtal að veita með hótunarorðum og ásetningi burt að hlaupa, sinn trygðareið að brjóta og skyldugri hollustu undir fætur varpa, hvar upp á yfirvöldin sjálf persónulega heyrðu er í leyni stóðu. Þessir skyldu vippast tveim dögum síðar, og skyldi undir þeirra lukku komið hvort þeir biði bót eður bana. En svo er straffinu varið, að þar er reistur stigi upp undir einn ásenda, er efst stóð út úr einum húsgafli mjög háum, og þann stiga gengu þeir uppundir ásendann, í hverjum var ein hjólblökk og einn kaðall í gegnum hana, hvers

[1]) máske = tamíl verittu, drukkinn.

endi bundinn var um þeirra samanreyrðar hendur við þeirra bak. Og nær prófossinn, þegar blásið var í pípuna, stiganum frá kipti, þá skyldu þeir, hefði straffið framgengið, skrika því nær til jarðar, en þó ei öldungis, í einum rykk, og í hnykk verða þeirra handleggir samanknýttir fram yfir þeirra höfuð, annaðhvort öxlin úr liði eða í sundur. En strax prestur viðverandi og til reiðu og bartskeri nær svo við ber ef líf í tollir. Og nær greindir menn voru uppkomnir undir straffsins naumasta punkt, gjörðum vjer, kastalans soldátar og herlið, sem þar stóðu allir hertýgjaðir í afpassaðri orðu, eitt alarm og hróp til yfirvaldanna, um lausn á því fyrir þessa tvo menn, hverju ei varð svo skjótt gegnt, heldur stóð í ríg nokkra stund. Síðan snerum vjer vorum byssum til þeirra með uppblásnum lunta, hvar við þeir blygðuðust mjög. Í því sama bili komu gangandi allir kaupmenn staðarins, sem kallast marcatores, og þeir þrír tólkar, sem voru bræður af Mórlandi, og þjónuðu vorum kastala þar fyrir nær þörf gjörðist, fram fyrir yfirvöldin með stórri auðmýkt, hið sama uppkveðandi sem vjer, að þeir menn mættu náðast, hvað strax skeði eftir herranna befalingu, að þeir voru kvittir gefnir og strax lausir látnir. Svo affýrðu soldátar sínum músskvettum yfir alt með hast. Þetta þótti þeim Indíanisku stórt virðingarteikn, hvar fyrir þeir sig vorum yfirvöldum mjög þakkláta tjáðu.

Nú er þar til máls að taka þar sem kastalans yfirvöld um haustið sendu 9 menn með einni skútu í Bengalía með blý til sölu, sem þar er sá besti kaupeyrir næst gulli. Þessum barst á í miklum stormi um nótt í níðmyrkri miklu við eitt sandrif, en varð þó mannhjálp. Þar sem þetta skeði var nálægt landi, hvar skipbrotin aðdrifu, þar nálægt stóð ein mikil og mektug borg, sem var margar mílur umkring, sem nefndist Meslapoten[1]), þar inni bjuggu 7000 sem allra handa vefnað frömdu, en eg minnist óglögt tölu gullsmiða og annars handverksfólks og borgara, er þar inni bjuggu. Skamt frá þessari borg lá einn frábærlega mikill stríðsher

[1]) o: Masulipatam.

úr fjarlægð aðkominn, yfir hverjum að drotnaði Mogúla Soldáns son[1]), sá af honum var haturlega útrekinn fyrir forsvar og atlot, er hann í gegn síns föðurs ráði og vilja oftlega þeim kristnu veitt og auðsýnt hafði. Eigi minnist eg þá miklu tölu hans herliðs, en 11 þúsund fíla, 11 þúsund úlfalda og 11 þúsund hesta hafði hann[2]). Hann vildi taka sjer land hvar hann sæi vel um horfið vera í takmörkum heiðinna þjóða. Hann hjelt góðri justitie í sínum her og bauð hreinlátt framferði hverjum sínum undirgefnum. Hann hafði inntekið þennan stað og hann skattgilt undir sig. Og nær hann spurði það til sinna herbúða að nokkrir kristnir væri þar komnir, er skipbrot hefðu liðið, sendi hann strax boð eftir þeim. Og nær þær komu fyrir hann meðtók hann þá ljúflega til sín, og hjelt ljúfar samræður við þá uppá portogaliskt og hollenskt tungumál, bjóðandi þeim vist með sjer undir sitt trygt forsvar og blíðlegt yfirlæti, þar með 16 gyllini hvern mánuð og þrenna hátíðaklæðnaði, einnin skyldi þeir sinni trú og ákalli til Christum traustlega halda mega, og í síðasta máta að öðlast frítt orðlof og burtfararleyfi nær svo girnti. Einnin skyldu þeir meðan sjer þjentu sjer nálægast ganga, af öllum sjer þjenandi hirðmönnum, því hann til kristinna manna hefði stóra geðþóknan, og kvaðst fyrir þann skuld vera á þeim flótta. Hvar upp á þeir honum lítillátlega andsvöruðu, að þeir þjentu kónginum af Danmörk og væri hans eiðsvarar, og mættu því ei við

---

[1]) Það var Shah Jehan (Sultan Kharram), sonur Jehangirs stórmógúls; hann hafði þá gjört uppreisn gegn föður sínum. Um dvöl hans í Masulipatam og viðskifti við ýmsa Norðurálfumenn þar, sjá William Foster: The English Factories in India 1622—23, Oxford 1908, bls. XXVII, XXXIX, 312—316. Hann varð síðar keisari eftir föður sinn látinn (ríkti 1627—1658).

[2]) Í brjefum, sem prentuð eru hjá Foster á tilgreindum stöðum er líka getið um tölu herliðsins. Enskir kaupmenn tveir, Thomas Mills og John Dods, sem þá voru í Masulipatam, nefna 4500 riddaraliðs, 500 fíla og 10—12000 fylgdarliðs og úlfalda, alls hjerumbil 16000 manns, en hollenskur kaupmaður, Jan Libenaer, segir að í hernum hafi verið 14000 riddarar, 1500 fílar, 2500 úlfaldar og 36000 fótgöngulíðs.

hann sína trygð brjóta. Og sem hann það heyrði þóknaðist honum það mjög vel, og prísaði þeirra trúskap og hollustu, og gaf þeim síðan herlega skenking og blítt burtfararleyfi og leiðibrjef alt heim til vor, hvað þeim vel lukkaðist.

Einn af voru fólki, Cornelius að nafni, sem var timburmann og fjöltamur á margt og voru margar góðar dygðir gefnar af Guði og listir ljentar, hann var manna prúðastur í daglegri umgengni, skikkanlegur, allra manna best rómaður og nálega hinn fríðasti að yfirlitum. Þessi hafði orðið fyrir ósköpum stórum fyrir eiturlegt ákast einnar galdrakonu í Hollandi fyrir skömmum tíma áður en hann afsigldi úr Hollandi, af því hann vildi ei til ekta taka hennar dótturdóttur, hverri hann þó hafði fyr gjört nokkur lofyrði, svo hann í þeim ósköpum hrapaði til nokkra óhæfilegra verka, er svo skeði, að hann einn tíma við laugar og lindiþvott, svo sem plagaðist hvern dag, að kastalamenn gengu til holdsþvottar, og var í bland annara sinna sex skutulsbræðra, og einn þeirra, að nafni Cláus timburmann misti einn spanskan dal úr sínum gjaldpungi við móðuna, og það opinberaðist af einum gömlum galdrakarli, sá eð glögglega að þeim öllum fyrirkölluðum í hans einhýsi áhæfði og með hendinni til benti til þess, er gjört hafði, sem var nefndur Cornelius, hvað alla forundraði stórlega. Þessi gamli maður hafði þrjár skrifaðar bækur úr sjerlegu bókfelli 300 ára gamlar, og ljet ei við jörð liggja, heldur hafði eina steintöflu þeim undir næst jörðu; í þeim var fyrir bókfelli mannsskinn, og mátti teygja sem einn vildi og hrökk aftur í sitt far. — Annar glæpur, er honum í ósköpum til vildi, var skelfilegur og mjög viðbjóðslegur, að hann (með leyfi) samræddist geitkvikindi á einum síðla níðmyrkvum aftni, að hverju verki og óhæfu hann stóð sú engelska kvinna Temperentzia, hverrar maður var bókhaldarinn Hieronymus, sem með einum indíaniskum pilt var á reiki fyrir utan smiðjuna, hvar inni hans verknaður gjörðist. Hann var einn af mínum skutulsbræðrum, og var orðinn rjett lútherskur, eftir því sem heyrast mátti. Hann var

gjarn að lesa í lútherskum bókum og allra psálmabókina á dönsku kenda eg honum, svo var hann minn sjerdeilis góður vinur, og hrygði mig stórlega hans hryggilegt tilfelli og missjáningur. Slík freistni kom að honum úr svefni, svo hann upp hrökk hastarlega mjög, og í einu harðlega stje á gólfið úr sænginni. Eg brá við af svefni og spyr hvað olli hans snöggvu viðbragði. En hann kvaðst ganga verða fyrir dyr, og var langan tíma úti. Og nær hann aftur inngekk og til rúms lagðist varpaði hann þungum anda. Eg spyr hann að sök til útivistar, en hann mjer engu gegndi en lá lengi eftir grátandi. Að morgni næstum eftir barst þetta vanrykti á loft, og nær eg fregna læt eg hann það vita, og ef ósatt virtist skyldi röksamlega af sjer hrinda. Hann kvaðst því samþykkur og lofaði svo reynast skyldi. Nær slíkt illmæli komst fyrir yfirmenn vora fanst þeim mikið um þvílíkt, einkum rector, því þeir voru vinir frá ungdómi og höfðu samtíðis í einn skóla gengið. Um morguninn annan þar eftir gekk hann í portin og út um þau, syngjandi með sinn bestan búning og sinn málstokk í hendi. En vaktin spurði hann að hvert hann hefði sjer ásett að ganga, en hann kvaðst við Antoní skraddara erindi eiga. Og sáu þeir hann þar ei meir. Yfirvöldunum þótti vel þó svo farið hefði, en ljetu í orði sem þeim þætti stór misgáningur orðinn, og gáfu álösur vaktinni, að þeir höfðu honum ei hindran nje öftrun gjört. Rector ljet skrifa fyrir hann í allar áttir og spurðist með seinasta til hans, að hann var kominn til Pulicat[1]), þar Hollenskir hjeldu plássi til kauphöndlunar, hvert eð lá 60 mílur þaðan frá vorum kastala Dansborg. Litlum tíma fyr en þetta skeði upprítaði hann kastalann Dansborg rjett orðentlega, og var síðan heim sent með Perlunni til kóngs og compagniisins, og varð mjög prísaður og stórum afhaldið, að með penna yrði svo vel tilsett. Hann var mikill hagleiksmaður uppá alt trjesmíði, húsa og bílæta, turna og alt snikkerí, en allra helst hinn besti skipasmiður, item hinn allra besti söngmaður og reiknings maður.

[1]) Bær á Coromandelströndinni, nokkru fyrir norðan Madras.

XXIV. KAP.

Sá piltur Sivile, og eg fyr nefnt hefi, þjónaði mjer 12 vikur. En fyr en hann burt veik útvegaði hann mjer einn indíaniskan ágætan og rjett náttúrugóðan pilt, 11 vetra gamlan. Hans móðir var ekkja, hana leit eg ekki utan tvisvar; hún bað mig trúlega um þennan sinn son, að aga hann og upptukta eftir minni vild og vísu, og kenna honum kristna siðsemd, og hann með mjer að taka til Danmerkur og koma honum þar undir skírn og kristindóm, hverju eg lofaði henni með því móti að þar til öðlaðist leyfi generalsins, nær hann frá Danmörk kæmi. Annar hennar sonur var áður en svo skeði til Danmerkur kominn með þeim fyrstu skipum, er Catthei hjet, en síðan Christián. En þessi hennar nefndur sonur, sá eð mjer vel og dyggilega þjenti og nokkrir öfunduðu mig af, hjet Agamemnon eða Agamenan. Hann var vel skaptur af Guði og hafði bleikt hörund. Í hvert sinn bað hann um leyfi að hann mætti utan porta stundum um nætur dvelja, að horfa á þeirra afguðahátíðir, og þau spil og þá leiki, er þeir við eldsbál og stór blys fremja; bað hann þess jafnan á knjám standandi. Og hvert kvöld gekk hann til mín, fjell á knje og tók mína hægri hönd og lagði hana sjer í höfuð og bað mig að blessa sig, og í mörgu öðru sýndi hann gott viðmót. Hvern laugardag sendi hans móðir mjer stóra svo sem eskju af látúni fulla af bökuðum sykurkökum árið út.

Einn dag seint á sumri bar svo við að vjer sjö mínir skutulbræður fengum leyfi (svo sem hinir aðrir, er með heilbrigði voru) að ganga uppí landið að rjetta bein vor, nærri tvær mílur. Og þá vjer vorum lítinn veg frá borginni gengnir, kom margt fólk ofan úr landinu oss í móti, sem bar aldini margskonar í körfum á höfði, svo sem þar plagast, og annað fleira til borgarinnar. Þessir menn kölluðu

til vor, segjandi »pampó!«[1]), það er slangi eða stór ormur, en vjer hugðum það vera mundi bambus, það eru reyrpípur, sem þeir þar taka tóbak í gegnum, og skikkuðum vjer vorum piltum að fara til þeirra og kaupa af þeim handa oss nokkrar. Og nær þeir komu á þann veg og litu hvað á ferðum var hlupu þeir aftur til vor með miklum látum og felmtri, og sögðu oss hvað fyrir hendi væri. Og nær sem þeir sáu oss taka til hlaups óttuðust þeir vorra vegna. Og nær vjer litum þennan slanga ógnaði oss hans stærð og grimt viðmót. Strax sem hann leit vora eftirför upphóf hann sig með mikillri grimd oss í mót, svo vjer tvístruðumst til beggja handa, en höfðum þó vor sverð á lofti til höggva, en hann varði sig lengi, þar til hann sá vort einþykki og öruggleik sjer í móti, upphóf því síðan að renna og gegnsmaug hvern buska, sem fyrir varð, en vjer af mesta kappi eftir runnum. Einn að nafni Pjetur Arndal gat honum eitt gilt högg gefið nálægt hans sporði, en með því mjög bitvant var á hans húð varð því lítil hans skeina. Þetta varaði vel á hálfa eykt að vjer 7 við hann sókn hjeldum. Og nær mínir lagsbræður þóttust mæðast og engu gátu að heldur til leiðar komið, hvernin sem vjer á marga vegu viðleituðum, umflúðu oss fjórir af þeim og kváðust þreyttir vera, þar með og einnin sögðust ekki lengur sig í slíkan háska leggja vilja, því svo urðum vjer sterka vakt á oss að hafa, að vjer máttum honum ei nálægra standa í sjerhvert sinn, en sem hans lengd var til, á hvern bóg, sem hann sjer veik, því hans viðbrögð urðu bæði grimm og hastarleg, og skæð meinsemd vís ef svo til viljað hefði, annaðhvort af hans eitruðum blæstri, ellegar af þeim broddi, er situr á framanverðri hans tungu, með hverjum hann plagar að stinga margan til heljar, og er með þremur litum, sem er svörtum, gráum og hvítum, hvers orms stunga eða bit er svo skaðnæmt að fáir með lífi frá komast, og lifa sumir ei meir en 12 stundir; fyrir þess sakir tilefnuðust mínir lagsbræður að rýma og báðu oss hina þrjá ei lengur

[1]) o: tamíl pambū, höggormur.

að til voga, sakir þvílíks háska, á meðan grið gæfust, en mjer virtist stór minkan í framandi landi, og það eg því hina tvo, sem var Pjetur Arndal og Salómon að verða eftir hjá mjer, hvað þeir og gjörðu, einkum fyrir mína bón, því þeir voru og mjög um mig hræddir, og sáu mitt kapp og stóra kostgæfni þar til orminn að yfirvinna, hefði Guð viljað mjer sigurinn senda. Og nær hinir voru í burt gengnir og frá viknir, þó oss lítt líkaði, gáfum vjer oss til með fullri alvöru og góðu samheldi sömu áfram halda og sóktum eftir orminum af mestri hörku, þar til hann hljóp inn í stóran buska, og svo hart þar inni frambrautst, að allur runnurinn skalf og bifaðist, líka jörðin undir vorum fótum. En á meðan hann svo í runninum umbrautst hljóp eg í mestri vogan fram fyrir runninn, og í því sama kom hann í grimmu áliti og miklum skunda út af runninum, og nærri tveggja álna uppreisti sinn höfuðhluta, og æddi grimmilega mjer í móti með blístri og blæstri miklum, svo mjer sýndist sem hjelublár reykur undan honum færi og hann um kring færi, og svo varð eg af Guði dýrðlega upplýstur að eg hann nje hans grimt álit ei við skelfdist, en mínir lagsbræður hljóðuðu mjög og urðu hræddir, og báðu mig í Guðs nafni mig nú að vara. Og í það sinn hann meinti mig að stinga hjó eg til hans með allri þeirri orku, sem Guð mjer ljent hafði, með breiðum pampart og mínu beggja handa afli svo geysilega, að þeim virtist að ei hefði framar af mjer að vænta verið eður mínum líka, nær álnar lengd frá hans höfði, svo í sundur tók í einu, og hljóp sverðið í jörð undir hjöltin, en nær eg vildi hafa því aftur náð þá var það í sundur undir hjöltunum, og urðum við blaðið upp að grafa. Eg gekk strax á milli stykkjanna, svo ormurinn ei aftur skriði saman, því svo plagast, hvað Indíanar höfðu áður fyrir skömmu mig um fræddan. En nær eg vildi hafa burt skorið úr höfðinu ormstunguna með fullum ásetningi, með því eg hafða nokkuð, en þó oflítið, heyrt um hennar náttúru, þá gripu mig mínir stallbræður og hindruðu, svo eg mínum vilja ei fjekk framkomið, hvers eg síðar iðraðist, því að einn bartskeri í Kaupinhafn sagði eg mundi

vist hafa fengið 60 dali, en einn vitur maður í Írlandi kvað mig í þann tíð fávísan verið hafa, er eg slíku hafnað hefði, og sagði mjer vísa hundrað dali þar í landi, sakir lækninga, er henni fylgdu, við margskonar meinsemdum og sjúkdómum. Og svo nú að þessu verki unnu og yfirstöðnu gengum vjer þaðan og vorn veg upp í landið, keyptum mjólk og hvað annað þar fyrir hendi var.

En nær yfirvöld kastalans spurðu hvað gjörst hefði gengu þeir þangað út sem ormurinn lá dauður að skoða hann, hvers stærð þá mjög undraði, en ei var hann digrari en sem tveggja álna umkring, en lengd hans hjeldu sumir 8 álna en sumir 9, hvarum eg kann ei glögt að skrifa. En inn í vora reisubók eður journal var þetta teiknað og fyrir stórt frægðarverk rómað og haldið, bæði vor á meðal og Indíana, af hverju mjer jukust stórar virðingar manna á milli og gott yfirlæti, einkum á ferskum tíma þessa verks. Og um kvöldið, strax sem vjer heim komum, skikkaðist mjer boð frá rector og gubernator uppá þá háu höll að koma. Og nær eg þar kom ávarpaði rector mig allþýðlega, og kvað mig stórt frægðarverk unnið hafa, mjer til stórs lofstírs, og vera búinn það í reisunnar bók innskrifa, og sagðist 7 ár í bili hafa í Indium verið uppá Jackitra[1]), það liggur í Java, og í öðru sinni til Pulicat, og kvaðst svo stóran orm ei sjeð hafa unninn verið. En frá einum ormi sagði hann mjer væri í einum hól í Java, og kæmi ekki út nema hvern aðfangadag fyrir jól, og yrði í það sinn miklir dynkir og jarðskjálftar þar í nánd nær hann út og inn brytist, og sagðist hann álengdar sjeð hafa með mikillri hræðslu ásamt öðru fólki, og kvað hann lítinn hvalvöxt hafa, og menn meini einn anda eður forskaptan glæpamann. Síðan gekk eg í burt með kærleika að meðtekinni allra herranna tildrykkju, og tilskikkuðu 8 marka staupi víns.

---

[1]) o: Djakatra (Jakatra, Djajakarta), sem þá var merkisstaður, en nú lítilsháttar verslunarbær.

Í hvert sinn eg gekk ofan á staðartorgið gengu kaupmenn, er þar í krambúðum stóðu, mjer í mót, og einn ungur kaupmann hafði sjerdeilis venju til með faðmtökum mjer að fagna, nær eg í hvert sinn þangað kom, og kallaði mig sinior Joram[1]).

Eitt kvöld síðla undir settri vakt bar mjer til orða við einn að nafni Pjetur Jensson. Sá maður hafði verið með því skipi, sem frá Danmörk var sent, Anno 1620 að mig minnir, til Spitzbergs eður Grænlands fyrir hvalveiði, þó það hindraðist, en þeir komust í miklar raunir og stóran lífsháska af þeim mikla hafís, hver eð svo mjög að þeim þrengdi, að þeir 80 mílur hjeðan frá landi í landnorðurshafi urðu á einu stríðsskipi kóng Christiáns 4. svo hart í ísnum klemdir og forfallaðir, að þeir urðu frá skipinu og mestöllu því góðu þar var inni að víkja, með sínum bát nær 30 fólks, og þær 80 vikur sjóar rjeru þeir oftast, og voru í stóru lífsfári daglega staddir af sjóarógn, frosti og vosbúð, þar til þeir náðu landi, að mig minnir, nálægt Húsavík, af hverjum margir kumluðust af frostum og freku kvalræði, þeir eð hjer um veturinn dvöldust hjá frómu fólki, á meðal hverra að var þessi Pjetur, sá eð sína vist ásamt þeirra bartskera hafði hjá Halldóri sál. lögmanni á Möðruvöllum[2]), alt til eftirkomandi sumars og skipaútkoma varð í kaupstöðunum. En til ósamþykkis okkar á milli í það sinn var ei annað efni en óþjálg Íslands umræða þessa litt skikkaða óþakklætisbófa, sem var hans skenkur fyrir velgerðir meðteknar, lífgjöf og landsvist. Varð eg því beiskur og honum mjög gramur, svo eg gaf honum högg undir vanga, með hvert hann hljóp til yfirvaldanna og forklagaði mig, svo eg með honum varð uppá trjehestinn

[1]) líklega hefur Indverjinn kallað Jón á portúgölsku senhor João (Joam).

[2]) Halldór Ólafsson, lögmaður norðan og vestan 1619—1638. Um hann sjá Lögsögumannatal Jóns Sigurðssonar í Safni til sögu Íslands II, bls. 132—133.

settur, og varð strengilega fyrirboðið mig framar að móðga eður til reiði upperta, hvað hann og gjörði síðan.

XXV. KAP.

Nærri fjórða part úr mílu frá borginni stóð einn hestur af pappi og úr leðri gjörður, mjög geysilega stór að vexti, sem var nærri 5 faðmar umkring og þvílikt á hæð. Uppá honum sat ein mannsmynd mikil að stærð og vexti, sá eð hafði tvö andlit, eitt á bak en annað í fyrir, með grimmlegu augnatilliti ásýndar; hann var og líka úr pappi og leðri gjörður, nokkra hundrað ára gamall, og var myndaður eftir einhverju mikilmenni, sem í gamallri tíð hafði þar í landi verið. Tvennir beislistaumar voru á hestinum ímyndaðir í hendi þess, sem á baki hestinum sat, og við hverja beislisskúlu stóð ein mannsmynd, sem í tauma hestsins hjeldu, sem sýndust athuga vilja tiltal síns herra, þess á baki sat, hestinum að halda og sleppa, nær þeim af honum svo tilsegðist, af sama gjörðir sem hið annað. Undir hestsins kviði og kringum hans leyndarlim stóðu nokkur ungmenni með sama manier sem hitt annað. Út í þetta takmark gengum vjer oftlega að skoða þetta nú greint, hvað oss þótti nýstárlegt og óleiðigjarnt á að horfa, nær vjer þangað gengum.

Eitt þeirra goðahús stóð þar hjá og nálægt við, hvar inni stóðu þeirra afguðir 7 með þeim einum æðsta þeirra afguði, sá eð jafnan stendur fyrir miðjum gafli í hverju smágoðahúsi, og eftir þeirra plagsið brunnu þar ljós inni af viðsmjörsfeitleika, sem vort fólk tíðast útslökti, en til athugunar á meðan stóð eg vakt úti, því mjer fjell ei þeirra dirfska, og bað eg þá ei meir gjöra, annars hótaði eg þeim trygðrofi, en þeir óttuðust mig mjög og mínar strangar hótanir. Þetta sje nægilegt hjer um sagt.

Nú eftirfylgir um þeirra hjónaband, að þessi þjóð, Malabarí er svo nefnist (hverjir að eru djöfulsins tilbiðjendur, að hann gjöri þeim ei vont, eftir því hann sje illur), hafa þann sið, að allar þeirra ungu dætur giftast innan 10 ára, fyrst þá þær eru 4 ára og svo fram undir 10 ár; — flestir þeirra synir og með sama hætti. Á þeim degi, er þau skulu til hjúskaps trúlofast, verða þau lögð hvort um sig í einn palakín, hvar inni þau liggja á veglegum sængum, og smurð með veglegu balsami, margslags farfa. Þar yfir er tjaldað með marglitu silkiklæði. Hann sem að er brúðguminn verður borinn undan með básúnum og trumbuslögum langt fram á dag, allan staðinn í gegn, en hún á eftir með sama hætti og verður þeim af flestum húsum peningum offrað, og sumstaðar eitthvert til æru gefið, og síðan fyrir kirkjugarðshlið borin, þar presturinn þau saman vígir að jafnt þeirra höfðum lögðum með handauppáleggingu. Síðan verða þau þangað borin, sem hennar foreldrar eru fyrir ráðandi. Svo eru boðsmenn kallaðir, (hjá almúgafólki) á jörð úti settir, fæða vel tilreidd framborin, vatn rautt, ilmsætt, til drykkjar gefið, síðan eftir máltíð bítilarech etið, af hverju menn verða sem drukknir, og tóbak allra seinast tekið.

Þeirra reverentia er svo við almennilegt landsfólk, nær þeir heilsast útrjetta sína hægri hönd, en nær ypparlegir menn eða vjer kristnir þá fundum á strætum eður torgum, minnast þeir við sínar báðar hendur, og frá munni samjafnt útrjetta í breiddan faðm með hneigðu höfði. Þetta sje nóg hjer um sagt.

En sjerhver fyrnefnd barnung brúður, verður heima hjá sínum foreldrum til þess að hún er 14 ára gömul, og leggur hennar brúðgumi að helmingi á móts við hennar foreldra verð fyrir hana. Síðan á hennar fjórtánda ári tekur hann hana heim til sín til allra atlota og hjáhvílna og daglegrar forsorgunar þaðan í frá.

Nær börnum er nafn gefið, verða þau vel stálpuð þeirra bramení eður presti færð, og ber eld yfir þau með langri ræðu, annað smásmuglega veit eg ekki þarum að segja.

Einn þeirra Indíana leit eg ásamt mínum lagsbræðrum og vorum presti einn tíma besetinn af óhreinum anda, og er þar í hverri borg einn sá maður, sem venju hefir til djöfulinn út að drífa nær svo skeður, með einum hvellum klukkumálmi, hvern hann ber í sínum lófa og slær uppá hann með einum sjerdeilis nertugum stálhamri við hans eyra. Í þessum manni talaði sá óhreini andi, og gaf svar uppá hans sjerhverja spurning og ávarp, hvaðan hann hefði komið eða manninn fundið, eða hvað hann gæfi honum að sök, eður hversu lengi hann vildi hann plága. Hverju öllu hann svo gegndi: í fyrstu, að hann hefði komið frá Trichlagour, sem liggur mílu vegar frá vorum kastala, og kvaðst þar hafa eitt heilt stræti afbrent; þennan mann sagðist hafa fundið fyrir utan borgina, hvar hann hefði verið að baða sig í einu vatni; og hvað hann honum til sakar fyndi, sem væri hans óhlýðni við sig og aflögð venja sjer að offra, og meðhald kristinna, er þar væri í landið komnir. Hinn spyr hversu lengi hann vilji manninn besitja. Hann segir svo lengi sem maðurinn ei sig við sig forlíki með venjulegri tilbeiðni, lotning, offrunum og öðru þesskonar. Þessi maður segist vilja mannsins vegna við hann forlíkast með tilsagðri upphæð offursins, með öðrum tilteiknandi álögum, eftir megnandi og mögulegum hætti. Andinn óhreini tilgreinir hvað fyrir sig; í fyrstu tilskilur hann í árlegt offurgjald fyrst tvo caponiska eður gelda hana í matoffur, þar næst rísgrjón fyrir eina fanó, bítilarech fyrir aðra, tóbak fyrir þriðju, og þar með afskiljandi öll atlot við oss kristna. Þessi maður var í forsvari fyrir þann besetna, og rýrði hans atföng og formegan og kvað fátækt hans og vesaldóm meira en það offur eður þau útlát gæti árlega afhent eður lukt, leitandi því ennframar eftir meiri vægð, og um síðir gjörðist helmingi minna. Þess á milli sem þeir við ræddust leitaði þessi maður við með sínum málmklang þann óhreina anda að útrýma eftir venjunni, hvað í það sinn ei gilti, og kvaðst ei út fara fyrir þesskonar sakir fyr en sjálfum sýndist. Eftir contract og forlíkan gjörða komu að þeim auma manni miklir geispar, titran og teigjur, og varð

öllum skipað í burt að víkja, svo dyr hússins auðar stæði. Og nær sá óhreini andi útfór af manninum fjekk hann einn ofbjóðslegan geispa og teygjur, svo menn hugðu hans munnur mundi til eyrna upprifast, með miklu froðufalli og lá eftir lengi sem dauður væri. Síðan spratt hann á fætur með miklum hast og hljóp út í eitt vatn þar nálægt og lá þar lengi, svo menn hugðu hann dauðan vera. Síðan kom hann upp úr þessi vatni sem hálfrotaður væri, og fór svo sem hjá sjer lengi. Guð veri oss öllum náðugur, nálægur og miskunsamur! Amen!

XXVI. KAP.

Nú er þar til máls að taka, að í Octobermánuði sendi kóngurinn til Travanzour sinn einn herramann mikilsháttar til vorra yfirvalda, sá eð hafði með sjer 7 sveina, er sverð báru eftir honum. Nær þeir stigu af sínum palakínum inn á kastalann í pörum gengu. Þessi nico og herra varð vel meðtekinn af kastalamönnum. Undan honum gengu 12 taliaris eður stríðsmenn með miklu hrópi, svo sem þar tíðum plagast, er sverðum voru girtir, og löng spjót báru þeir í höndum, fremjandi með þeim mikla fimleika á margan hátt eftir hermanna vísu. Allir kastalans hermenn stóðu týgjaðir tveim megin kastalans porthliðs, þeir eð þrisvar affýrðu, item þrisvar sinnum þrisvar stórstykkjum af kastalanum. Þessi nico kom með brjeflegan boðskap frá kóngi inum, innihaldandi að krafðist af rector og gubernator svo mikið blý að tilljetu, sem 6 vagnar naumast upptæki, hvartil rector svaraði, sem alt kastalans góss hafði í sínum reikningsskap, að svo mikið bly, sem kóngur hafði tilmælst, skyldi í tje látast, nær sem hann skriflega ávísan fengi frá kónginum, hversu mörg skippund hann girntist, og hversu dýrt hvert skippund af honum metast skyldi. Og hjer með bað hann kóng fyrir sjer vel virða þvílíkt útgefandi andsvar.

Kóngsins gesanter varð strax forreiður og strauk strax í burt mjög forsugt, og allir hans sveinar innstigu á sínar palakínar, og fóru svo ókvatt og án virðingar frá vorum kastala upp til Travanzour til Nico de Regnato, og sagði honum af sinni ferð til lykta. Og nær hann heyrði rectors andsvör, varð mjög grimdarlega reiður. Og að næsta morgni síðar útsendi hann boðskap og brjef til rectors, að ef hann ljeti ei svo mikið blý til sem hann girntist og án allrar aðspurnar við sig um nokkurn reikningskap á því sama, svo lýsti kóngurinn hann hafa rofið þann sáttmála er fyr var milli kónganna gjörður, og þar með hótaði hann honum ekki alleinasta blýið með kónglegri makt að taka fyrir ekkert, því hann ætti meir hjá oss, heldur kastalann til grunna með oss og öllu því þar inni væri, til heljar að færa, því hann kvaðst lóðið eiga og alt hvað þar á stæði, með því af oss væri trygð rofin. Og þó rector sig stórum afsakaði með brjefum, tjáandi sinn vanda og vanmátt nokkuð að gjöra óbífalað í gegn sinni fyrirsettri reglu, þá kunni það ei stoða eður mýkja hans bræði, þar til rector skrifaði alvarlega ásamt gubernator að hans vilji mætti verða, vjer mundum átaka bíða.

Kóngur sendir strax til síns hershöfðingja, sá Calicut nefnist, að hann strax með sín 40000 útbyggi sig til orustu oss í móti, hverjum kóngsins boðskap hann fúslega og skjótt gegndi, kastalann inntaka skyldi en oss lífi svifta. Þessi kóngsins hershöfðingi, nefndur Calicut, lá iðuglega í tjaldbúðum með þennan sinn mikla her 40000, og aldrei kom hann undir sótugan raft, og nær herboð kóngs kæmi að kvöldi skyldu að morgni til víga búnir. Nú hugsuðu þeir gott til krása hjá oss, og útbjuggu sig því harðlega oss í móti.

Vjer í sama máta tilbjuggum oss með hraðasta hætti með allra handa stríðsútbúnaði. Vjer hlóðum öll vor stykki, sem umkring kastalann lágu á múrunum fyrst með púðri og hampi, og síðan ljetum vjer fyrir sum stykkin knippi af 9 þumlunga járnnöglum hart samanvafin með sterkum hampþræði, og snerum oddum út, en fyrir sum ljetum vjer

standkúlur, skæralóð og hlekkjalóð. Og nær alt þetta var tilbúið og skrákoppar[1]) voru fyrir sum stykkin settir, þar með fólki, fílum, úlföldum og hestum að spilla með margskonar fýrverki, útbjuggum vjer oss í mörkina með þeim, sem vatnið áttu að sækja, svo vjer náðum 80 vatnspípum fyr en oss varð aðþrengt, sem var 800 vatnstunnur. Calicut hafði í sínum her 1100 hesta, 1100 úlfalda og 1100 elefanta eður fíla.

Síðan ljetu vor yfirvöld alla indíanska kaupmenn staðarins innkalla á kastalann, og urðu slíkir kostir fyrir lagðir, að þeir mætti útvelja sjer hvort þeim heldur geðjaðist, að ingefast í hóp sinna landsmanna, og þeim svo meðfylgi gjöra. eður með oss ljúft og leitt líða, eftir því sem uppá kæmi og tilfalla kynni. En þeir allir samjafnt með einu hljóði játuðu sig í vorn selskap, og kváðust vilja með oss líða alt hvað tilfalla kynni, með öllu því stríðsfólki og borgurum þar inni athvarf og bygð hefði. Og til sjáanlegs teikns þar uppá ljetu þeir alt sitt góss á kastalann innbera, en á nætur höfðu flestir sinn náttstað í borginni. Einnin voru talíaris, þeir indíanisku stríðsmeun, sem með oss hjeldu vörn og vakt, daglega á kastalanum í sama máta aðspurðir hvort þeir sjer kjósa vildu. En þeir með knjefalli játuðu sig allir uppá líf oss til handa, og mynduðu til, að þeir skyldu fyr láta sig kvika í sundur partera en þeir frá oss viki eða játaðri trygð töpuðu.

Nú fjell svo til að fólk daglega sýktist á kastalanum Dansborg og margir önduðust, ei þeir sístu af voru fólki, þeir eð lágu skamma stund, sumir 3, 4 og 5 daga. Ei varð þetta svo í launung lagt að ei spurðist upp í landið til herbúða Calicuts, kóngsins hersofursta, hvar við hann magnaðist til meiri illgjörða og ofsókna í gegn oss kristnum. Vjer í sama máta höfðum og njósnarmenn á stigum úti, sem og fluttu daglega fregn frá þeim til vor (en þó með duld), um

---

[1]) hjer mun líkl. átt við „skraasække", pokum með járnrusli sem var notað stundum í stað kúlna.

flutning þeirra hers daglega oss í nánd meir og meir, item um þeirra uppsát, hótanir og hreystiyrði. Mörg hrot af þeirra her komu oss mörgum sinnum í sigti, þá vjer vorum útí mörkinni hjá þeim, sem vatnið sóktu svo sem hálfa mílu í vestur frá kastalanum. Voru þar hvorir varir um sig fyrir öðrum. En um síðir, af því þá tók að fjölga dag eftir dag, sýndist oss vatnsburði best að hætta og við kastalann í kyrleika blífa, og þar með því taka er á drifi og Guð vildi oss tilfalla láta. Mörg hótunaryrði og skelfileg spurðust frá þeirra legrum[1]) til vor og ýmislegar ráðagjörðir. En þó var að merkja að ótti væri sendur af Drotni í þeirra her, en þó þeir ljeti stór orð út af sínum herbúðum til vor flökta, að þeir vildu þann dag og þann oss gista, heimsækja og helfarir veita, samt aftraði Guð þeirra bráðri atför, svo þeirra dagferðir oss á nánd meir og meir smækkuðu. Þó um síðir komst Calicut með áðurnefndan allan sinn her til Trichlagour, og lá þar í 14 daga aðgjörðalaust. Þetta var um miðföstu og eftir, að hann þar svo dvaldist. En svo bar við tveimur nóttum fyrir jól um veturinn fyrri, að eitt mikið stykki úr kastalans múrvegg niðurhrundi af sjálfu sjer til, og óttuðust menn vorir, að ógott mundi merkja þessi viðburður. Og þar sem vaktmenn áður fyrri stóðu í 5 stöðum var nú einum viðbætt svo að vjer í 6 stöðum eftir þetta skeð urðum vaktstæði að hafa í hvert sinn, bæði nætur og daga, og við þetta múrskarð voru þeir menn á vakt settir, sem yfirvöldin helst treystu til vareygðar, hollustu, mannskaps, fimleika og atburða, og var mjer óverðugum og þremur öðrum í mínu kvarteri þessi vakt skikkuð, hverjum einum til umskifta fjögur stundaglös, og það var sá mesti vandi (að svo tilföllnu) við það skarð að standa, því mönnum bæði sýndist og heyrðist margt í þreifanlegu níðamyrkri um nætur við þetta múrskarð, en ei voguðu menn neinar aðgjörðir að hafa þar við að svo búnu. Og með slíkum ugg og ótta vorum vjer um allan veturinn fyrst til jóla og síðan eftir nýjárið, alt til passionis-sunnudags, á

[1]) sbr. d. Lejr, þ. Lager, herbúðir.

hverjum að sást vort skip St. Laurentz frá Tenasseri að sigla, með hverju að var minn kapteinn Christofor Boye og Hermann arkelímeistaramæti, minn sjerdeilis góður vin, sá eð hjer hafði 3 ár innanlands dvöl átt með kaupskap reiðaranna vegna í Danmörk. En vorn prest á útreisunni, H. Christián höfðu þeir af sjer mist og Herrans náð befalað, ásamt öðrum átta, er sitt líf á þeirri reisu mist höfðu. Og sá maður af oss til, er skipið sá aðsiglandi fyrst hjet Jens Andrjesson, og fjekk einn silkiklæðnað og stórt vínstaup fyrir gleðisjón, og urðum vjer þeim næsta fegnir sem nærri má geta, þar sem vjer vorum mannfáir orðnir af skæðri blóðsótt, sem þar í landi um naudar, og enginn verður frí fyrir af öllum þeim til India reisa, og þeir menn af oss, sem ei önduðust í það sinn, urðu að ganga og liggja með ofbjóðlegum sjúkdómshætti sömu tegundar, en ei lá eg í þær 12 vikur nema tvo daga, en ei þó í mínu kvarteri eður vaktróðu, — og það yfirtók óvinanna makt, ilska og umsát, og heiðinna manna harðýði að utan á nótt og degi mátti oss mjög skelfa, og þar með vorra yfirmanna skörp og strengileg tilsjón og jafnleg umvöndun, hvar um sje nóg talað.

Og nær þetta skip kom fyrir kastalann útslógum vjer merkjum ásamt þeim, er sín ljetu og strax í ljósi, með skotum til skips og lands. Og nær Calicut heyrði dun þessara skota til sinna herbúða, sem var nærri mílu frá sjó, sendi hann jafnskjótt til strandar, að vita hvað á ferðum væri. Og nær hann spyr vors skips komu, hafði hann nokkuð um bil hljóðnað við, en þó upphresti sig, og kvaðst oss ei að heldur þessvegna hlífa skyldi, og skipaði að uppbrjóta sínar herbúðir og sínum her upp og af stað rykkja með skyndi. Hann bað stöðva hálfa mílu frá kastalanum í vestur, og í því plássi lá hann þá viku alla í gegn til pálmasunnudags, án allra aðgjörða, utan daglega fengum vjer hans hótanir að frjetta. En Guð sjálfur deyfði og deigði hans harðýðgi, svo hann fjekk ekkert ilt meir við oss uppbyrjað nje framkvæmt, en sem skeði. Lofað sje nafnið Drottins eilíflega! Amen!

Nú er þar til máls að taka, að pálmasunnudag sjálfan snemma morguns gekk eg til gubernator, hann var að ídraga sig sín klæði, og var nú á þessum sama degi til gesta boðinn af mínum kaptuga Christofor Boga til skips, og leita eg orðlofs af honum að eg og mætti fá leyfi til skips draga, til tveggja minna góðra vina Hermanns og Bente Andrjessonar. Hann kvaðst varla voga vegna yfirstandandi fárs og fjandskapar heiðinna mjer það að leyfa, því þá mundu fleiri hið sama girnast. Minn skutulbróður Henrich stóð mjer til baka, og var hann sama æskjandi, hvar við hann gramdist, en varð þó með sterkum skilyrðum, að við um kvöldið til lands kæmum af öli óhindraðir til alls þess er við þyrfti og vort embætti áhrærði. Nú sem við gengum frá kastalanum og til strandar, þar fjórir Indíanar með bát biðu, birtist okkur ný sjón, við hverja við glöddumst næsta mjög. Sáum við tvö skip úr suðri sigla með drifthvítum seglum og útvarpaðri flaug á skiptoppum. Kendum við strax Perluna, það stóra skip upp á 700 lestir, og Juppiter, það minna skip. Strax á kastalanum var merkjum offrað og stykkjum jafnmörgum affýrt í móts við þau, er þeir ljetu afhlaupa til virðingar. Ei aftraðist okkar ferð að heldur, og urðum við heiðarlega meðteknir og líka skenkingar gefnar af því slagi, er þaðan úr heimi fluttist.

Öll yfirvöldin drógu út til skipanna eftir prjedikun gjörða, og á fund generalsins Rollants Crappa, er þar var með Perlunni kominn, og 7 reisur hafði áður til Indíum gjört í kaupmannsstjett, en var nú til slíkrar tignar kominn sem greinir. Hann var ókvongaður maður, en hollenskur að ætt, og af fátæku fólki kominn, og þegar á unga aldri var í siglingum og fyrir skipsfágara og káhyttuvaktara hafður, og á meðal skipmanna í fyrstu í bókmentum æfðist, og svo eftir hendi með æðri framtökum við jók, þar til hæð sinnar lukku hann um síðir náði. Þetta greindi hann mjer einn tíma til lærdóms á litlum vegi í spátseran, með fleirum atvikum, er hans ungdómi og munaðarleysi viðkom og aðhnje.

Á næsta degi eftir fóru indíaniskir kaupmenn allir út

til skips general að fagna, þeir í staðnum bjuggu. Og nær hann dró til lands höfðu þeir tilsett allar kirkjudækjur með sínum baldor, sem þeim stjórnar, og alt stríðsfólk borgarinnar Trangobarich að mæta honum strax er hann landgang gjörði, og þeim danslátum, með þeirra venjuaðferð hjeldu þeir og það alt hyski fyrir honum heim að kastalans porthliði, og varð honum til virðingar níu stykkjum af múrnum affýrt, og allir soldátar stóðu týgjaðir innan porta sínum vopnum í orðentlegri röð, er affýrðu sínum múskvettum.

Nær hershöfðinginn Calicut spurði hvað gjörðist kom hann í miðri viku fyrir páska með 500 hertýgjaðra sveina og 9 palakínur, í hverjum hann, hans sonur 7 vetra og hinir aðrir hans æðstir, er honum í meðfylgd voru, voru bornir eftir venju þeirra, þeir eð stóðu í röð við kastalans porthlið. Og nær hann sjálfur inngekk á kastalann varð honum til virðingar 9 stykkjum affýrt, og allir týgjaðir soldátar sínum herbúningi affýrðu þrisvar sínum byssum, kastalans stórflagg uppsett og í trómet blásið. Og nær hann var uppá kastalann genginn og hans meðfylgd gekk eg og einn annar af voru fólki að skoða þeirra palakínar og fleira af þeirra ferðatýgjum. En nær eg lauk upp þeim palakín, sem hershöfðingjans sonur lá inni, brá hann við, og eg svo einnin. Hann lá þar á nokkrum silkisængum og svæflum, alt með gulli, perlum og gimsteinum sett, samið og búið, og einn ljettir, með hverjum þeir í sænginni sig viðrjetta hver í ástrjeð upp yfir sænginni er festur, var á einni sterkri gyltri snúru, christallus og fleiri gimsteinar uppá dregnir. En palakínar voru þessum ásamt með veglegu smíði af fílsbeinum gjörðir, og er að sjá sem fágað hvítt gler. Og nær einn af þeirra þjenurum sá mig þetta gjöra hljóp hann strax til og bandaði með báðum höndum segjandi »Ille! Ille! Ille!« það er »ónei, ónei, það má ekki!« Þessi ungi maður var bæði fríður og fallegur að yfirlitum, með bleikt hörund og vænn að allri líkamans sköpun, og allur var hann balsameraður með ýmsum farfa. Mikið gull með dýr-

mætum steinum bar hann víða um sig og í sínum eyrum eftir þeirra vísu.

Síðan í viðræðum gaf Calicut stóra áklögun vorum rector, og kvað hann alla orsök til þess klamaríis og ósamþykkis, sem gjörst hafði vor á meðal. Níu fíla, er þeir kalla elefanta, hafði hann með sjer, og 500 hesta. Hans soldátar höfðu flestir tyrkneskan búning; þeim leyfðist alls að neyta og líka sig drukkna að drekka. Generall sýndi honum öll sín herlegheit, og með vorum viðurbúning ógnaði hann honum, og umkring allan kastalann á múrnum sýndi hann honum öll stykki, er þar í vígskörðum lágu, á eggsljettum bryggjum stóðu, og var skotið honum til virðingar, er hann nam staðar hjá hverju stykki, og af hverju skipi varð með jafnmörgum aftur svarað. Perlan hafði tvö koparstykki stór er altaf lágu úti og aldrei voru inntekin, er þeir kalla hálfa cartov, hennar kúla vegur 48 merkur, þær stóðu fyrir framan stýrpligtinn, hver eð var við káhyttudyrnar; þessum stykkjum var nú af skotið til afturs svars af Perlunni með öðrum gildum stykkjum. Nær eg hafði mínum þremur affýrt er eg uppá skansinum hafði undir minni vaktan, Calicut á portogalisku tungumáli spurði general að, hvort þessum í skipunum væri nokkur stærri, en hann sagði já. Það ógnaði honum mjög, og nær hann heyrði þeim tveimur stykkjum áðurgreindum affýrt, sló hann með báðum höndum sjer á brjóst, og sagði »Abbæ! ó faðir!«

Á þessum miðvikudegi var svo mikill hiti að undrum gegndi, svo að um nónbil urðum vjer, sem vakt tilfjell á múrum kastalans, að venda oss um kring jafnaðarsamlega sem einni steik, er ei skal brenna, og einn af þeim fílum, er þar stóðu bundnir fyrir utan portin við eikur með sínum afturfæti, sem þar plagast að gjöra við hesta, fíla og camel, þessi sleit sig lausan, þó með hlekkjum bundinn væri, svo eikinni með rótum upprykti, en sá sem hann skyldi vakta var ekki í nánd, því hann sat í nálægu húsi að taka tóbak með sínum lagsmönnum. Og nær honum var þetta undirvísað gekk hann til hans með blíðmálum,

og hjelt á einni heytuggu, hverri hann hafði í oleo drepið, og bauð honum lengi fyr en til friðs fjekk stöðvað, eftir langan drykk tekinn úr því vatni, er þar var fyrir hendi. Þessir fílar skilja mál manna, og hafa vit mikið, svo þá brestur ekki utan málið eitt. Einum þessara fíla riðum við, einn að nafni Pjetur Lálik og eg, fyrir kaup lítinn veg, og þótti okkur mjög harðstígur vera, og enn þó þeir hafi ekki miðlið, samt liggja þeir og taka sjer hvíld.

Calicut var fríður maður með bleikt hörund og úr máta digran búk, og bar mikið skart á sjer af gulli og gimsteinum, og um sig miðjan gullvefnaðarklæði, og um sitt höfuð með dýrlegum gimsteinum. Einnin bar hans smásveinn gyltan staf af fílsbeinum með veglegu smíði eftir honum. Og nær aðmíráll Rollant hafði og hann úttalað sín á milli og friður staðfestur með kóngs samþykki, afreisti Calicut og hans selskapur að gjörðri lotning fyrir guðunum í þeirra pagógu eða goðakirkju, og dró strax á fund kóngs. Og þar eftir innan skamms dró vor generall til kóngs með brjef og skenkingar frá vorum kóngi í Danmörk, sem voru tvö koparstykki ný og velfáguð, sem höfðu sjö fólksmyndir steyptar í sumum stöðum á sjer, hver eð kóngur ljet innsetja í sitt svefnherbergi og meðtók fyrir mikinn æruskenk af hans hendi, ei síst fyrir sakir myndanna, þar með og eina sæng af sýprisvið uppreidda, og sitt sjálfs contrafey[1]) veglega tilsett. En sá heiðni kóngur sendi honum aftur sína sjálfs myndan vel controferaða, og af dýrum vefnaði uppreidda sæng, af fílsbeinum vel til setta, sú eð skatteruð var fyrir 100,000 dali eður tunnu gulls. En fyr en vor generall afreisti kom brjef og sterkur boðskapur frá kóngi, að vor rector skyldi meðfara til Travanzour á kóngsfund, hvað og skeði, og lá við sjálft að hann mundi lífið missa. Og þar með komst hann í ógunst vors generals, og hjelt hann hinn mesta óbótamann, að hann hefði

[1]) d. Kontrafej, mynd; (upprunalega = „eftirlíking", úr fr. contrefait); — controferaða er orðskrípi, sem á að þýða „málaða" eða „teiknaða".

sett svo margra líf, þar með kóngsins og compagníisins góss í hættu. Svoddan órjettlæti hlaut hann að mæta, sakir síns trúleika og hollustu, en varð þó náðaður, með því móti að skyldi ferðast eina langa og farlega reisu til Moluchas eylanda, í ferð þeirra, er þangað sendust frá vorum kastala eftir allrahanda specerí og vöru.

Og slík ókjör varð vor prestur Hr. Jens að líða af generalsins harðýði (það eg meina hann væri borinn ósannri sök). Því svo bar við, að hann heimuglega bað bartskerann, þann með Perlunni kom, M. Vilhjálm, að stinga á kauni, er hann bar á sjer í heimuglegum stað, en þessi engelski bartskeri var svo ótrúr í sjer, að hann gekk til generals, og kvað prestinn hafa það fengið af indíaniskra kvenna saurgan eður samblandan. En með því generall hafði nokkurn óþokka til hans áður fyrri af djarflegu tali í sinni prjedikun uppá kjettara[1]) og villumenn, tók hann fegins hendi við þessum frjettum, og meinti nú að hefna sín aftur á honum, og tilskikkaði með valdi og ofríki að hann skyldi í einhýsi leggjast og þar af bartskeranum reynast með sterkustu þess slags drykkjum, er slíkt auglýsa ef satt væri, þá af flotnar þeirra gjörvalt hár og skegg, og hjer með leitaði generall honum að fyrirkoma, hefði honum það tekist, en Guð sá svo til, að ei fjell sem fjandmenn ætluðu. Generall Rollant fyrirbauð hverjum vorra manna í það hús að koma er hann var innlagður, eða nokkra hjúkrun eður atlot gjöra undir hæsta straff, og voguðu engir því þangað at vitja. En með því eg var honum kær, vitjaði eg hans við og við, en þó með leynilegum hætti, hvar við hann gladdist mjög af hjarta, enda og skelfdist fyrir mínar sakir, og nær hann í 9 nætur þar inni með gráti og kveinkan legið hafði, og til Guðs síns drjúgum andvarpað, uppstóð hann af þessari sinni píslarrekkju án þeirra teikna, er þeir meintu sig mundu á honum til sýnis gefa. Þá uppfann generall það ráð, að hann skyldi þesshátt eið vinna að hann ósaurgaður væri af allslags kvennmönnum Indía-

[1]) o: d. Kætter, villutrúarmaður.

lands. En með því þar var ein portogalisk kvinna og ein ekkja, sú eð María hjet, gaf hann sig ei til eið að vinna, með því hann ljet þar sín línföt jafnan vaska; hvernin því hagaði vissi Guð best. Þá fyrirbauð generall honum prestlegt embætti að framflytja eður kirkjunnar þjónustugjörð við snerta. Presturinn kvaðst slíkt hans forboð ei akta, með því hann fyndi sjer engar löglegar sakir og augljósar, þar fyrir sagði hann ei máttugan sitt embætti af sjer að taka, og skaut sjer undan hans og slíkra veraldlegra dómi undir andlegrar stjettar og erkibiskupsins í Kaupinhafn úrskurð og ályktan. Nú með því generall sá sig engu geta til leiðar komið það prestsins embætti kynni að raska og hindran efla, þá tilsetti hann honum, svo sem til nokkurs straffs, að sigla þá fárlegu reisu samjafnt rector til þeirra Moluchisku eylanda með skipinu Juppiter, og þar með sína sök og sekt svo kvitta. Og þau prestleg klæði, er hann honum fyr skenkt hafði, og aftur í byrjan þeirra óvildar hafði frá honum gripið, í ásýnd mikils haturs til prestsins, fjekk hann honum aftur. En sá prestur, sem með Perlunni kom, var prestur á kastalanum á meðan í ríg stóð með general og Hr. Jens. Hann hjet Hr. Matthías[1]) og hann varð samt prestur á Perlunni, með hverjum eg var í samfylgd meðal annara á heimreisunni.

Sá maður kom frá Kaupinhafn með general, er Ólafur Vismar[2]) hjet. Hann bjó austan til við Eyrarsund í Skáney. Hann var nálega manna hæstur og var skartsmaður mikill, og bar daglega rauð klæði með silfursnúrum. Ei var hann stórlátur maður. Hann hafði lengi þjent kóngi vorum sálugum Christián fyrir kaptuga yfir soldátum, og fyrir það sama embætti útgafst til Indíen, og það sama meðtók, nær fyrst þar á land kom, yfir mjer

---

[1]) Hann hjet Mads [Matthías] Rasmussen, og hefur samið rit um ferð sína til Indlands og heim aftur, sem prentað er í Danske Magasin I. Række 1. Bd. bls. 104 osfr. Hann varð síðan prestur í Vallensbek nálægt Khöfn.

[2]) Mads Rasmussen kallar hann Ole Viseer. Hann mun hafa tekið við stjórn á kastalanum eftir Henrik Hess.

og mínum meðþjónum. Einn annar maður, Páll Árnason að nafni, hans sjerdeilis góður og ástkær vinur, fylgdist þangað með honum, og höfðu bæði í framandi landi og heima lengi aðfylgst, og hvor við annan hvorki kynningu nje vináttu brugðið. Þessi Páll hafði mörg ár í Skáney þingfógeti verið eður sýslumann. Þessi maður ljet mig sjerdeilis vel, hvað hann oftlega ásýndi bæði í orðum og verkum.

Þar var á kastalanum einn ungur hjörtur í uppvexti hver heim til Danmerkur skyldi fara og vor gubernator átti. Hann var oft við marga glettinn og óbýll, og skautst að mönnum illa, stangaði og stundum lítt við ljek, en engir voguðu honum með líku að launa fyrir ótta af gubernator, því hann var vandlátur um hann, og ei ásýndi það, að honum þætti hann í neinu ofgjöra við þá, er hann átti að sælda. Svo bar til einn tíma síðla dags, að eg gekk frá portinu af minni vakt sem snarast heim í mitt herbergi, að þessi hjörtur stóð í nokkurri hilmingu, svo eg fjekk hann ei sjeð, rendi skeið til mín hart, svo eg um koll fjell af hans sterku áhlaupi, og stangaði mig mjög, en eg fjekk ei við risið. Þetta leit Páll Árnason, og hljóp frá portinu með sinn forkeðjustokk í hendi, og greiddi honum mörg högg með tveim höndum yfir hrygg. Og í sama kom gubernator að rennandi með miklum skunda, og greip sína verju af balinu og vildi til Páls höggva. Og með því eg var á fætur staðinn og Páll hafði sinni verju ogsvo úr skeiðum rykt, brá eg með hast minni verju þeirra á milli, svo engar skemdir urðu, og skildust svo að, en voru þó hinir reiðustu. Vaktmenn, þeir við portin stóðu, komu allir með skyndi þar að, nær þeir sáu hvað gerðist, og voru með Páli til leika búnir hefði svo við þurft, og gáfu allir sömu klögun yfir ófyrirlátsemi hjörtsins, er svo mörgum hafði ótta og áhlaup gjört. En síður þess vegna kvaðst honum lóga mundi. En Páll sagði hans ranglæti því meira. Og nær generall það heyrði gjörði hann strax forlíkun þeirra á milli.

Og nær sem gubernator, generall, rector og þeim túlk-

um, þremur mórlenskum bræðrum, ásamt sínum meðfylgjandi þjenurum komu aftur frá Travanzour að slitnu samtali við kóng og gjörðri forlíkun um frið og fleira hvað tilhlýddi, bæði um skipsfragtina af öllu slagi er þar keyptist, eftir fyr gjörðri contract, hvað alt skyldi flytjast til vors kastala af landsmönnum eftir þess heiðna kóngs skikkan og bífalningu, stóð nú alt með friði og spekt vor á meðal. Og upp frá því meðan eg og minn selskapur þar dvaldist, alt til vorrar heimferðar, sem með Perlunni heim fórum, þá sendi kóngsins hershöfðingi Calicut hvern laugardag upp á virðing og velþóknan til stríðsmanna 3 villisvín til ferskrar fæðu úr sinni jagt með nokkrum sínum jagtsveinum og jagtrökkum, þeir eð oss skyldu sýna þeirra jagtaðferð. Þeirra hundar eru mjög stórir og hafa broddmen sjer um háls.

Allan þann pipar, er sá heiðni kóngur ljet oss í tje fyrir tilsett verð, keypti hann af kónginum til Cotzina, og frá honum varð fluttur til þeirrar borgar upp í landinu er Peita[1]) hjet, 8 mílur frá vorum kastala, og þaðan á kóngs hestum, fílum, úlföldum og uxum færður til vors kastala, og allur sá flokkur hefir klukkur sjer við háls, svo fyr heyrist til þeirra en sjest.

XXVII. KAP.

Í Junius-mánuði kom eitt engelskt skip þar við land, eina mílu vegar frá vorum kastala í suðurátt, þar Carical nefndist. Þeirra yfirmenn reistu strax á fund þess heiðna kóngs, og óskuðu þar veru og landsvistar til að brúka

---

[1]) Cotzina = Cochin (Kochchi), höfuðborg í litlu ríki samnefndu á Malabarströndinni. Hvaða borg Peita er, er óvíst, en hugsanlegt að sje átt við Pudukota, er liggur milli Cochin og Tandsjúr, nær síðari borginni, eða Amapettah milli Tandsjúr og Tranquebar.

kaupmannsskap. Og jafnskjótt sem þeir sín erindi höfðu kóngi auglýst, sendi hann brjef og boðskap til vors generals, að með 12 sína bestu soldáta kæmi upp til Travanzour á sinn fund það hraðasta sem hann kynni á nótt eður degi, til hverrar ferðar eg einn með öðrum var tilnefndur, hvar til mig stórum langaði, en vjer fyrir blóðsótt urðum hindraðir frá þeirri ferð, svo vjer settumst aftur 5, og voru aðrir 5 í vorn stað teknir. En fyr en generall afreisti varð öllum vín gefið að drekka, og á þeirri eftirkomandi nóttu forbrutu sig 3 menn, er vakt skyldu halda á skansinum, hver á sínum rúndel, þeir eð sofandi fundust af vaktmeistaranum, er jafnan plagaði vaktina að besækja og reyna ásamt gubernator og lutinant. En á þeim fjórða rúndel vöktu taliarias, þeir indíanisku heiðnu stríðsmenn, þá sem oftar vel og trúlega. Þessir 3 menn, Pjetur Arndal, Salómon og Ljenarður, einn hollenskur meinleysismaður, urðu í fangelsi strax settir og vandlega athugaðir til þess að generall heim aftur kom frá Travanzour.

Nú er þar frá að segja, að nær generall kom fyrir kóng, auglýsti hann sitt erendi og vilja, að hann aðspyr hann, hvað svar hann vilji gefa síns herra og kóngs vegna uppá sína spurning, hvort hann samþykki það, að hann leyfi þeim Engelsku þar landsvist til að fremja þar kaupmannsskap oss í nálægð. En generall með stórri auðmýkt afbað þeirra óskan. Kóngur meðtók hans andsvör vel og lofaði hann mjög fyrir hans trúleika sakir, og kvað svo ske skyldi, og sagðist hann hjer með reynt og prófað hafa, hversu hollur hann væri sínum herra. Og að því svo úttöluðu þar um þeirra á milli, ljet kóngur þá Engelsku innkalla fyrir sig. Og að þeim inngengnum og fyrir kóng þeirra skenk framlögðum spyr kóngur þá enn að nýju, hver þeirra vild og begering væri, og var sama og fyr segir. Kóngur segir þá ofdjarfa að girnast þar landsvist hjá sjer, með því þeir um öll lönd sjeu að vantrygð ræmdir, einkum við þeirra sjálfra kóng og herra[1]), hvað miklu síður

[1]) Hjer er það nú líklega fremur Jón Ólafsson, sem talar, en Raghunatha konungur, og Jón hefur, býst jeg við, rámað í að Eng-

mundu þeir sjer hollir reynast. Og að því svo útsögðu skipaði kóngur þeim burt með hasti, segjandi uppá sitt mál: »Pá! Pá!«[1]), það er »burt! burt!« og með slíkri sneypu útgengu þeir frá honum og úr hans herbergjum, við hvert þeirra samtal generall var staddur. Og að meðtekinni góðri plögun við kóngsborð í höllinni, hver eð prýdd var mjög af gulli og gimsteinum, fjekk generall leyfi kóngs til burtferðar, og aðskildust svo með vináttu, og urðu allir með skenkingum sæmdir. Hann skenkti general tvo desmerketti, þó sinn með hvort slag, einn sá hvers eistu að var des að honum deyddum, en hins saurindi, svo lengi hann lifði, hver eð 60 sinnum hinum meir gilti að verðaurum.

Og svo að general heimkomnum með sínum selskap, að öllu óhindraður, voru greindir menn, er sig með vaktbrest forsjeð höfðu, fyrir rjett kallaðir. En með því stór mannþurð var orðin vor á meðal varð sú ályktan gjörð, að í einn hatt skyldi 3 seðlar innleggjast, tveir óskrifaðir, en »dauðinn« á hinn þriðja, og skyldi dúkur fyrir hvers augu bindast, og hver sá þeirra þriggja, er seðil dauðans tæki, skyldi líflátinn verða. Og þeim meinlausa Ljenarði tilfjell að deyja, og var strax af prestinum sakramenteraður, og síðan útleiddur að þeim stólpa, er þar stóð fyrir utan port kastalans, hvar við hann var bundinn, og dúkur um hans augu. En fyr en hann varð útleiddur kaus hann 5 menn af öllum soldátum og sína bestu vini sig í hel að skjóta alla undir eins, tvo í hjarta en þrjá í höfuð. En svo bar við fyr en hann varð útleiddur, að mjer tilfjell dagvakt að standa í portinu eftir orðentlegri tilfallandi venju og vísu. Og nær hann kom í portið og fann mig þar, sagði hann sjer brugðist hefði mín aðstoð í greindu efni. En eg eftir hugboði mínu sagði honum, að hann mundi ei þann dag líflátinn verða. Hann kvað það ei ske mega vegna

---

lendingar settu Karl 1. af völdum og ljetu hálshöggva hann, en hann hefur ekki munað eftir því, að það skeði fyrst löngu síðar, 1649.

[1]) á tamíl pō, „Farðu burt, gaktu burt“, boðháttur í eintölu af pōga, ganga.

allra undangenginna aðgjörða undir dauða. Eg bað hann hughreysta sig við Guðs náð og Herrans dýrmætu forþjenustu, og minnist svo við mig með kærri kveðju og miklum gráti, og bað mig ásamt öðrum að gjöra bæn fyrir sjer til Guðs í Jesú nafni. Og nær hann stóð svo við stólpann bundinn og þeir 5 menn til aðgjörða reiðubúnir kom kall af skansinum með friðarbendingu, er þjenari generalsins eftir tilskikkan gjörði, með sterku friðarhrópi og eins hvíts klúts uppveifan. Allir sögðu Guði hátt lof, og allir soldátar affýrðu undir eins sínum byssum, og svo varð honum aftur með pípu og trumbu innfylgt, og varð með okkur fagnaðarfundur. Síðan gekk hann upp til yfirvaldanna og með auðmýkt ljúfar þakkir gjörði.

Á næsta eftirkomandi degi heimsóktu oss yfirmenn af því engelska skipi, er eg fyr nefnt hefi, og plöguðust vel. Var þá affýrt mörgum stykkjum alt til skilnaðar, er með vináttu endaðist. Síðan afsigldu þessir menn þaðan að uppleita sjer annarstaðar pláss og samastað til kaupmannshöndlunar.

Sá Páll Árnason, er eg fyr um gat, tók stríða sótt, en kaptuginn Ólafur Vismar, hans trúfastur vin, umspurðist við Temperentzíu kvinnu Hieronymi bókhaldara, sú eð var engelsk, hvern góðan mann hún vissi vor á meðal, sem hann mætti vel til treysta honum að þjóna í hans veikleika og sjúkdómi. En með því eg hafði áður fyr veitt tveimur mínum lagsmönnum litla þjónustu til þeirra andláts, svo eg þar fyrir fjekk ei stórt vanrykti, og þar með elskaði mig mjög fyrir Guðs náð, þá sagðist hún ei annan vita þar til honum hentugri en mig. Og gjörir sterka forlíkun við mig um kaupgjald þar fyrir. Og með því af nokkurs launum má ei lofast nje gefast allra þeirra manna, er kvinnu eður börn eður systkin áttu, utan alleinasta sængurföt og vopn, því lofaði hann mjer undir generalsins, gubernators, rectors og prestsins heyrn, ef hann andaðist, með handsölum, en ef hann aftur viðrjettist, skyldi hann mjer sjálfur jafngildum verðlaunum lúka. Þessir frómi mann lá í 8 daga og andaðist. Ein kona sú þar fór um landið,

kom í þær borgir, hvar sjúkir menn lágu, og varð brúkuð þeim til lækninga, er við þurftu, hverja hún trað með fótum sjer, lim fyrir lim, svo allir ófeigir öðluðust skjótt bata undir hennar fótstigi, en hinir skjótt fram stigu. Þessa konu ljet Ólafur Vismar sækja í næstu borg til síns ágæta vinar, hvað mjer ei þó geðjaðist nje honum sjálfum. En kaptuginn Ólafur vildi ráða, þar hann með stórri eftirlangan girntist að Páll mætti lifa og aftur verða heilbrigður. En strax sem hún leit hann kvað hún ei gilda mundi, hvað og skeði. Samt vildi hún sín full áskilin laun meðtaka, og við slíka peningaútgreiðslu ól hún sig rúntlega frá barndómi til æfiloka.

Að honum önduðum og úthöfðum til síns legstaðar meðtók eg öll hans sængurföt eftir hans sjálfs innilegri befalningu að honum lifandi, og yfirvaldanna, með tveimur kostulegum höttum og húfum, nokkrum skyrtum og línklæðum, og eina 5 dala verju með vænu gehengi, hvað alt virt var nær 40 dala virði. Hann biður mig þá einkanlega að unna sjer kaups á þessu vegna hans kvinnu, og skuli hann fá mjer aftur að liðnum 8 dögum til fulls betalings þar fyrir tvo silkiklæðnaði, og vilji hann þar til bæta mjer tveimur skyrtum, og hjer uppá gjörðist enn að nýju handsöl okkar á milli.

En nú með því vjer skyldum nú segja laust við kastalann, þeir allir sem heim girntust, og að allri inntekinni fragt, sem virtist fyrir 10 tunnur gulls að dýrleika, sem var $3^1/_2$ hundrað lestir pipars, catonsvefnaður breyttur og óbreyttur fyrir tunnu gulls, silki og gullvefnaður með þesshättar fleira fyrir tunnu gulls, gimsteinar fyrir 60,000 dali í 5 smásekkjum, og einn á meðal þeirra allra gilti 500 dali, item farfi, sem kallast indigo, fyrir tunnu gulls, sem brendur er úr grasi í fyrstu mjög sjerdeilis vænu; item helmingur silkis við caton ofið, er þeir kalla salvecat og bengalli[1]), sem að kemur úr Ben-

[1]) e. bengal, svo var áður kölluð þesskonar vefnaðarvara; að því er Yule-Burnell segja notuðu Serkir á Spáni orðið al-bangala um einskonar fínt músselín og er það orð enn til í spænsku (albengala); salvecat = sauvagagi, einskonar bómullarvefnaður.

galía kóngsríki, og svo við silki blandað og viðkomu sem skinn, fyrir tunnu gulls, með fleira öðru fásjenu vor á meðal — þá tilsagðist voru fólki burtfararleyfi til skips En með því að slæm og óholl stykki reyndust vera á Perlunni fyrir hverjum dáið höfðu þeir hinir mætustu menn íbland hennar fólks, og í annan máta bauð generallinn mjer og öðrum manni, Andrjesi Ólafssyni að nafni, hjá sjer eftir að verða, ásamt Niels Dreyer mínum constabel, hvern hann kónginum til Travanzour að oss afsigldum ljeði með öðrum tveimur og fjórum stykkjum til stríðs móti kónginum af Bengalía, hvað eg vildi hafa upptekið, hefði mjer það gagnast fyrir mínum lagsmönnum, sem mjer þar frá jafnlega rjeðu, því eg hafði stóran viðbjóð vegna þeirra gamallra stykkja, sem með Perlunni voru, heim með henni að fara. En með því lítið var í boði af general, sem ekki meir en eitt gyllini á hverjum mánuði bauð til viðurlags okkar launa, þótti okkur oflítið vera og svo lengi dróst okkar burtferð undan frá kastalanum, að við urðum þeir síðustu þeirra manna, er til heimferðar bjuggust. En sakir öftrunar og andboða, er með general frá Danmörk komu, að engir Indíaniskir skyldu fleiri heim flytjast, því þeir meintu ef nokkrir fleiri heim kæmi, og einhver þeirra umhlypist til India aftur mundi kaupskapur þar við spillast, þar fyrir fjekk eg ekki minu pilt með mjer tekið, hvað mig og hann stórum angraði. Samt fylgdi hann mjer til strandar með miklum gráti, og nær við skildum tók hann mína hönd og lagði sjer á hvirfil, og bað mig að blessa yfir sig og sínum bróður að heilsa, og gróf sig í sand þeim indíanska bát undir kjöl er þar stóð, hvað mjög hryggilegt var að líta og eftir að hugsa, og margur yfir aumkaðist ásamt mjer, og mig löngum tregað hefir.

Fóru þann dag, sem var sá 28. Augusti, allir þeir menn til lands af Perlunni, sem eftir skyldu verða, en vjer til skips, sem heim skyldum fara í þeirra stað í Jesú nafni

Þrír herramenn af Nicopotan, fjórar mílur að suðri við, komu á næsta degi til vors kastala að heimsækja vorn general,

hverjir með æðstu virðingarmerkjum urðu meðteknir, plagaðir og afgreiddir.

Að næsta morgni síðan fórum vjer með Perlunni fjórar mílur í vestur, þangað vatn að sækja er Pularom[1]) nefndist. Þar lá eitt slot eður kastali fyrir á landi, sem 40 ár hafði í eyði legið, með áttköntuðum múr umkring, og vildi kóngur ei nokkrum leyfa þar inni að byggja, fyrir þess sakir, að einn hertugi fyr meir, er sig kónginum sama ríkis í gegn setti, og úr þessum kastala varðist í 15 ár fyrir kóngi og hans her, hverjum hann skyldi stórum spilt hafa fyr en til þrota sóktist. Þar rann ein móða ofan með kastalamúrnum, úr hverri að vjer vatn jusum í vorar pípur, fyrir neðan sjálfan kastalann um flæðar í 3 daga, nær brim og bylgjur helst gengu upp í þennan ós, og var ógott með bátinn að vera, en um fjörur, nær brim náði ekki upp yfir flúrur að komast, varð ei vatn fyrir seltu sakir tekið. Og nær vjer til skips á vorum stóra bát, sá eð bar 10 lestir og 30 menn, fórum, upphóf vor kaptugi Christofor Boye, sem sig með oss gaf til heimreisu, spurning þesskonar, hver sá væri að sjer sagt gæti, hvað til efna væri þess hlutar, að nær allur sjór væri útfallinn og í burt, þá yrði ekki vatnið tekið fyrir seltu sakir úr ósnum, en nær sjórinn rynni með brimi og boðaföllum þá væri klárt vatn, og hjet þeim einni myskin víns er þar rjett uppá hitti, nær þeir til skips kæmu. Enginn kvaðst því fá gegnt, svo yfir alt stóð í stansi, þar til eg fyrir kaptugans ávarp tillagði slíkt, sem honum ánægði.

Þann 7. dag Septembris, sem að var sá tíundi dagur, er eg frá kastalanum og landi kom, nærri nóni bar svo við sem tíðar, að skotið var á kastalanum, en generall hafði fyr svo tilsett, að hvert sinn, sem skotið væri á kastalans skansmúrum skyldi aftur af skipunum, er þar lágu, með jafnmörgum ansað verða. Nú í þetta sinn bar svo við, en

[1]) Það er ekki gott að vita við hvaða stað Jón á hjer; „vestur“ frá Tranquebar er sem sje upp í land. Líklegast er þó hjer átt við mynnið á Cularun-(Coleroon-)fljótinu, nokkru fyrir norðan Tranquebar; þar í grendinni eru mikil forn mannvirki (vatnsveitingastíflur) og víggirt musteri.

vor bátur var í landi, eður hið fyrsta í atróðri, því drjúg hálf vika var til lands. En áður en svo við bar sat eg og tveir assistenter fram í galíónu skipsins í hjegómlegu samtali um það, hjá hvers þeirra foreldrum eg skyldi um veturinn dveljast, er eg heim kæmi, og voru þar um að þrákka í mestri fávisku, hvar um eg bað þá ei tala, með því enginn af oss vissi, hvernin vorum högum háttað yrði til þess að þar kæmi, eður hvort oss auðnaðist með lífi og heilsu heim að komast. Og í því sama var skotið á skansinum. Strax var hrópað á byssuskyttur af constabel til að skjóta. Andrjes Ólafsson var krankur nokkuð, þóttist því ei geta til verks farið; varð svo þrákallað til mín, hvað menn þó sögðu ei hefði oft verið eður viðborið, svo sem hver eilendur og framandi best reynir í slíkum ókendum og misjöfnum selskap, og ei muni annað henta, ef hann annars vill fá sínum augum vel upp lokið, og ei vill sínu föðurlandi til því stærri hneyxla verða. Svoddan viðbjóð hafði eg í það sinn að ganga til skota.

Nokkrar skútar, sem þeir kalla siampaner, sigldu þar hjá, og ætluðu að skjóta sjer undan tollgjaldi, með því þeir sáu ekki vorn bát eftir sjer eður til róa. Og með því vjer sáum engin önnur því glöggvari tilefni eftir nje til að skjóta, en þessar skútur, þá bífalaðist mjer eftir þeim að skjóta, en þó þeim án skaða. En með því þær sáu ekki vorn bát sjer eftirför veita hjeldu þær djúpara frá landi. Og nær eg hafði 18 skot endað, eftir því, sem á kastalanum ogsvo gjörðist, var þar eitt stykki, sem eg fyrir góðri stundu hafði áður affýrt, að eg skyldi steyta. Og nær eg skyldi svo gjöra hafði eldur sjer eftir leynt í stykkinu í þess holum, er þar voru inni, en með cardúsum[1]) var áður með skotið, sem eru ljereftspokar, hvar inni skamtur hvers stykkis er inn látinn til flýtis, og nær stykkinu er afhleypt verða af ljereftinu eldlegir neistar eftir í þeim sviksömu holum, sem í stykkinu eru, sem í fyrstu verða nær steypt eru. En þessi stykki voru 300 ára gömul, og voru nefnd

[1]) Sjá Blom, Chr. IV.s Artilleri, bls. 283.

Súrlands-stykki[1]). Eftir það eg hafði stykkið þrisvar afþurkað eftir venjunni, og eg skyldi púðrið aftur innláta og fyrir stykkið setja, fann eg að púðrið kviknaði í stykkinu. Og nær svo skeði neytti eg minnar orku púðrinu að aftra, með þeim stjaka, forsetil[2]) og stimpil, er þar til jafnan brúkast, svo að eldgusa stóð upp af stykkisins fenggati, en sakir þess mjóddar leitaði púðrið víðar úthlaups. En þó púðursins kraftur stórum útleitaði af stykkisins munna að komast, gat eg svo fast haldið að púðrið fjekk ei svo hastarlega úthlaupið, sem þess art er til, þar til stimpillinn í smástykki molaðist, og minnar hægri handar þrír fingur í sundur brotnuðu, og aðrir þrír fingur minnar vinstri handar stórlega lerkuðust, en eldsins áhlaup brendi báðar mínar hendur og mig upp undir axlir, og í því sama bili kastaði stykkið mjer 60 faðma lengd af sjer og frá skipinu, og þar eg kom niður sökk eg því nær til grunna, hvar eð var nærri tírætt djúp. Og á meðan eg var á ferð ofan eftir kafinu bífalaði eg mína sál í hendur almáttugum Guði, og vonaði ei meir til þessa lífs að komast. En nær eg upp aftur viðleita vildi með sundi mjer að bjarga ef ske mætti, gat eg ei með höndum vör tekið fyrir minna beggja handa brotnum fingrum. En fyrir Guðs sjerdeilis náðar aðstoð fjekk eg fyrir fóta aðfylgd og meðal uppá sjóinn aftur komist. Heiður, lof og þakkargjörð veri og veitist, sje og syngist því blessaða og dýrðarfulla nafni vors Guðs, sá eð sína náð og miskun og gæsku ljet á mjer svo föðurlega og linkindarsamlega auglýsast, langtum framar en eg aumur og óverðugur hafði forskuldað eður tilverkað, heldur alleina sína náð hjer með að bevísa, öllum trúuðum til styrkingar, huggunar og dygða-aukningar, svo hans heilaga nafn mætti því heldur vegsamast og elskast, og hans dásemdarverk í

[1]) fallbyssur fóru fyrst að tíðkast á 15 öld, svo 300 ára hafa þessar fallbyssur ekki getað verið; Súrland = hjeraðið Sauerland milli ánna Sieg og Ruhr, er falla í Rín, þar er járn mikið í jörðu og voru þar áður steyptar fallbyssur. Sjá Blom, Chr. IV.s Art., bls. 237.

[2]) forsetill, o: d. Forsætter. Sjá Blom, Chr. IV.s Art., bls. 302.

minni leggjast af mjer og hans trúuðum og með þakklæti mætti þar jafnan á minst verða. En í þessum svifum kom vor bátur frá landi, og nær þeir fengu mig litið varð þeim skjótast aðvent mig að sækja. Og nær þeir komu þangað, þar eg á grúfu flaut, og allur gagnstokkinn í blóði, en þó með máli nokkru en lítillri heyrn, því blóð og heili útflaut af báðum mínum eyrum, höfuðið aflagað af því mikla hljóði, er stykkið af sjer gaf nær þess affýring tilgekk, og nær það mjer á augnabliki í burt fleygði, brjóst og kvið sprengdi og fordjarfaði. Sá maður hjet Marcús er fyrst höndum til mín þreif, vor undirskipherra, einn sjerdeilis mætur, skynsamur maður og skarpvitur mjög. Nú var eg ei meir klæddur en einni skyrtu og ljereftsbuxum með silkihúfu á höfði, berfættur. Og nær eg með bátnum kom að skipsborði stóð fólk svo þykt sem kunni tveim megin stigans, er eg með þeirra tilstuðningi upp gekk, en báðir kaptugar fyrst Sixtus Jacobsson[1]), skipskaptuginn, þarnæst Christofor Boye, sem var á heimreisunni ásamt mjer og mínum lagsmönnum fartugi, en í öllum ráðum hinum samjafn, stóðu út við borðstokk og meðtóku mig sjer á arma. En eg voga ekki að innskrifa hjer míns kaptuga orð eða hrósun, sem hann mjög grátandi mælti, nær hann mig með kossi sjer í faðm tók, en þó með leyfi, að hann sagðist heldur hafa viljað missa 2 eður 3 menn en mig, hvað ótrúlegt má nú virðast, en samt eru það vissuleg sannindi. Þeir leiddu mig svo báðir aftur yfir miðskipa að vindustólpanum, og þar að seig mjer ómegin.

Strax tók mig Christofor Boye og bar mig ofan á kistu bartskerans, M[eistara] Arntz, en M[eistari] Vilhjálmur var í landi og nýlega kominn, sá eð var engelskur, sá eð var yfir öllum hinum, er sig með þessari reisu gefið

---

[1]) Sixtus (Sixt, Six) Jacobsen var með í Indíaför Ove Geddes. Hann var síðar í ýmsum sjóferðum, meðal annars kom hann til Íslands með Holger Rosenkranz 1629. Mads Rasmussen segir að hann hafi verið enskur að ætt. Um hann sjá annars Lind, Kr. IV. og hans Mænd, bls. 257—258.

höfðu, var nú ei til í þetta sinn eður nálægur, og fyr ei aftur von en að morgni. Christofor Boye befalaði Meistara Arntz að viðleita strax með mestu kostgæfni blóðið að stilla, og til ferskra benja sem fyrst að taka, hvar út í hann taldi sig vanmáttugan, af því meir en úr hundrað stöðum blóð pípti, og kvaðst þá vinstri hönd um unglið afliða verða, hvar við kaptuginn biturlega gramdist, svo hann sló hann högg undir hvorn vanga, svo hinum rjeð við, og fyrirbauð honum í það sinn neitt meir til að gjöra en blóðið að stilla. Bartskerinn heimti umbönd og það hvað þar meira tilhlýddi, en hann greip þá skyrtu, er með móru var saumuð víða og kosta kunni í Kaupinhafn eitt rosenobel, og hana í refla sundurreif, fjekk honum og skipaði það fleira að heimta er með þyrfti. Var svo tekin full, stór vínskál, hálfvarmt, og mínar báðar hendur þar í lagðar, með annari viðleitni blóðið að stilla, hvað þó ei varð leikið fyr en um miðnætti frá nóni. Og síðan varð eg sakramenteraður og meintu menn eg mundi þá og þá sofna og hjeðan í Herrans hendur burt fara. En eftir miðnætti tók til að vaxa minn andardráttur, og síðan smáhjarnaði eg, svo menn sáu mig gjörla með lífi og hræringu. Timburmönnum var bífalað að gjöra mjer eina breiða trjesæng með fjórum smástólpum, sem og strax gjörðist, sú eð flytjast mátti um skipið úr einum stað í annan.

Strax um kvöldið eftir þennan atburð nýlega orðinn sendu kaptugar til lands með sitt tilskrif til generals, honum þar inni að auglýsa mitt óheillasamt tilfelli hvatskeytlega orðið, hvar yfir hann ásamt yfirsettum og undirgefnum, er á kastalanum voru, og þar með indíanskum (kunningjar mínir orðnir) sig stórum aumkuðu, og að næsta morgni sjálfur persónulega með indíaniskum bát ásamt gubernator, rector, prestinum og mörgum indíanskum marcatoris eður kaupmönnum útdrógu og erusamlega vitjan gjörðu.

Og að öllu því fólki samankölluðu og komnu varð M[eistara] Vilhjálm og M[eistara] Arntz befalað til minna brendra beina, brotinna fingra, óslitinna sina með mestri snilli, og hóglátlegri viðleitni að taka og sína ment og kunnáttu

það frekast mættu í ljósi að láta, og lofuðu drykkjupeningum og tilglýjun hverjum þeirra fyrir utan sín mánaðarlaun, ef mögulegt væri að þeir með guðlegu fulltingi fengi mig læknað. Bartskerum þótti mest um það, hvernin eg var allur brendur svo mjög að mín bein voru hvít sem í eldi hefði legið. Voru þar öll yfirvöldin áhorfandi og margir með gráti sig yfir mig aumkandi, þó allra mest minn kapteinn Christofor Boye, hver eð setti 6 menn á mjer að liggja á meðan bartskerinn Vilhjálmur mig undirlegði og viðhöndlaði sem tilhlýddi eftir venjunni. En eg bað hann mig engan snerta láta utan stór nauðsyn tilneyddi, því mjer prestarnir og þeirra hjávist með Guðs náð þar til nægði, þeir eð sátu fyrir framan mig og hugguðu með Guðs náðar fyrirheitum og orði, hvað og sannlega skeði. Ei þóttist bartskerinn hafa vitað nokkurn mann mjer þolinmóðari, hvað Guð sjálfur alleina verkaði af sinni náð, þar sem hann varð með knípitöng að sundurbrjóta fingurnar, þar sem tilhlýddi, og með járnum liðina út að taka og plokka það brenda skinn, með lítt beittum járnum í sundur sagla, og inn í hendina milli sjerhvers fingurs og liðar með margslags járnum að leita, einkum þær trjeflísar hið nákvæmasta út að höndla, er hann sagði yfir 300 vera mundi. Kaptuginn bað hann mig ei svo mjög kvelja sjer fyrir augum. Hann kvað svo vera yrði, hann hlyti sín instrúment að brúka. Þessar allar kvalir og margt annað meir varð eg að líða og útstanda, hvar yfir sig allir furða ljetu, og það eg úr slíkri dauðans neyð frelsaður og til lífs leiddur ei fyrir nokkurs manns skynsemi augljóst, heldur tillagðist það dásemdarverk Guðs heilaga nafni, honum til lofs, vegsemdar og heiðurs, svo sem alleina tilhlýddi, og með öllu verðugt var, og varð innskrifað fyrir eitt stórt jarteikn Guðs í vora reisubók, að Guð hefði mig læknað framar en þeir.

Generallinn bauð mjer þá og þrásamlega endrarnær til sín í land upp á kastalann, og svo gott með sjer hafa sem honum sjálfum veittist, hverju eg neitaði jafnan, því minn hugur stóð ætíð heim. Tveir menn af öllu skipsfólkinu

voru mjer jafnan til þjónustu og vöktunar fengnir á nóttu og degi, og þar til 2 menn af vaktinni. Í 14 vikur lá eg alls, en 8 vikur upp í loft á bakið, með útbreiddum armleggjum, hvar undir lagðir voru 80 svæflar, er mjer af sjerhverjum voru svo ljúflega framboðnir og tillátnir af sjerdeilis ástsemd, hvers eg vona að Drottinn hafi minst og athugað, þeim öllum til góða, í sinni náð. Item 7 myskin eður pelar víns voru mjer á hverjum tveim dægrum tilsögð og fram látin, einnin sá best tilreiddi matur borinn, og mjer með mjúkasta hætti boðinn, svo sem og fleira annað, er mig kynni eftir að langa, var mjer skikkað þess að óska á hverri stundu, er mín girnd til rynni, hver elskuatlot meiri háttar og minni ei verður hjer nóglega uppreiknað, en Guð allrar mildi, miskunar og náðar virðist sjerhverjum þeim, eð svo gjörðu, eilífum náðar verðlaunum aftur að miðla í dýrðinni eilíflega. En þó með mestri nákvæmni og alvöru viðleitað væri, að eg fengi nokkurs matar neytt, hefði mögulegt verið, gat eg ekki með nokkru móti, og tjáði ei þessvegna, en þó vor kokk, Hans Pjetursson að nafni, sig þar yfir oft ýfði, að eg vildi einskis neita, með því hann þóttist með mörgu móti sig stórum tillagt hafa minn mat að tilreiða með besta hætti, kunni þó ei þar með að forbetrast, því eg mátti ei matinn líta og ei vín smakka, sakir þeirrar pínu, sem eg innvortis leið, er þá hina ytri langt yfirtók, því stykkið hafði sprengt mig innvortis, og einnin mitt höfuð, inn frá hvirfli til ilja allan aflagað og úr rjettri hegðan fært, svo eg varð mínum kunningjum óþekkjanlegur.

Margir hörmuðu mitt slyslegt tilfelli, einkum minn kaptugi, generall, rector, minn góði Herra Jens, mínir lagsmenn, og jafnvel Indianskir, og sá sem minn þjenari verið hafði kom út tvisvar að harma yfir mjer. Sú fróma Temperentzía sendi mjer út mjólk, epli og aldini, og það fleira, sem hún meinti mjer smakkast. Generall kom út þrisvar að vitja mín, og bauð mjer vingjarnlega til lands og vist með sjer, hverju eg neitaði, því eg treysti ei þeim bart-

skerum, er á kastalanum voru, sakir þeirra ungdóms, en generall meinti að eg sjer vantreysta mundi, hvað ei var að nefna.

XXVIII. KAP.

Að seytján dögum liðnum eftir það eg hafði þennan skaða fengið, sem var þann 24. Septembris[1]), sigldum vjer í burt þaðan í Jesú nafni, einskipa að loknum kærum kveðjum, að bæn og blessan gjörðri og flestum stykkjum affýrðum.

Þessir voru yfirvöld skipsins eiginlega: kaptugi Sixtus Jacobsson, skipherrar tveir, en Christofor Boye, tveir herramenn, Arnt Van Coten og Söfren Harebó[2]) með gubernator og flestöllu skipsfólki voru fartugar heim á því skipi, því hennar heimanferðarfólk settist að mestu alt uppá vorn kastala Dansborg í vorn stað, en vjer aftur í þeirra stað til Perlunnar. Fengum vjer góð byrleiði þaðan eftir því sem þeim árstíma tilhlýddi. Eina pagagöju[3]) þaðan höfðum vjer með oss til ferðar tekið, sú eð kunni manns mál að tala, bæði í indíanisku, portogalisku og þýsku tungumáli. Og nær vjer höfðum nær 11 vikur í sjó verið sýktist hún og talaði general hart til, að hann hefði sent sig í slíka háskasamlega reisu, og kvað hann valdan vera síns dauða, ef hún þess vegna dæi, en þó ef Guð vildi svo vera láta sagðist hún tilfriðs gjarnan skyldi vera. Og þar eftir innan þriggja daga dó hún og varð útbyrðis varpað.

[1]) Mads Rasmussen segir 27. Sept. 1624.

[2]) Sören Harbou var með í Indíaför Gjeddes. Um hann sjá Lind, Kr. IV. og hans Mænd, bls. 238. — Um Arent von Kalden eða Kolden er getið 1626 sem skipstjóra. Sbr. ath. RC. við dönsku þýðinguna.

[3]) Þess ber að gæta að Jón Ólafsson hefur líklega ekki sjálfur getað heyrt til páfagauksins þar sem hann var fárveikur, en hann hefur trúað því, sem honum var sagt um hann.

Eg hjarnaði smásaman fyrir Guðs náð og vilja, eftir því sem áleið, þó eg stóra þraut til þyldi, bæði hið innra og ytra, svo eg fæ þar ei nóglega umtalað. Mitt hár lá laust á mínu höfði svo það mátti af strjúka sem eitt laust duft, mitt skegg afflaut alt fyrir neðan munninn, en hitt varðveittist undir trúlegri aðgætni með hárinu, sem með dúk var umbundið, sem með hverju dægri hlaut aftakast og plokkast, og var sem úr smeltu vaxi hefði verið uppdreginn, af þeirri fitu, sem útgekk af mínu holdi, svo sem og annarsstaðar af öllum mínum líkama útkúgaðist mergur og fita, svo flestum mínum skyrtum hlaut í sjó að varpa. Það sje hjer um nóg að sinni sagt, þó hjer um mætti enn fleira og meira talast, bæði um mína drauma, sjónhverfingar og þessháttar fleira. En þó lampi brynni yfir mjer frá rökkri til albirtu og enginn skuggi mátti dragast nje komast fyrir hans birtu, og nær svo viðbar, var það líkast sem eg með sverði væri í hjarta lagður, og eigi þóttust mínir vaktarar vitað nje sjeð hafa að mig hefði svefn á runnið í ellefu vikur. Og nær 14 vikur voru frá liðnar mínum skaðadegi, varð eg í minni hvílu uppreistur, síðan á bekk settur hjá butileríinu, með umbúðum umkring, og þessir tveir menn til vöktunar. Síðan varð eg færður með sænginni og borinn uppá þilfar fyrir kaptugans befalning, hvar hann og aðrir hjeldu ljúflegu samtali við mig daglega, og vor prestur H[erra] Matthías, alt þar til eg komst á fótinn fyrir Guðs náðar fulltingi, en ei brúkaðist eg til nokkra verka, og öllum varð tilsagt af yfirvöldunum, að hver maður skyldi mjer til huggunar og gleði vera, hvað og skeði, hvað alt var furðanlegt Guðs verk. Hans nafn sje blessað að eilífu! Amen!

Ekkert sjerlegt bar til tíðinda á vorri heimreisu, utan vor kokk Hans, hvern þeir hjeldu gjört hafa contract við Satan, gjörði eitt sinn stórt klamarí, svo alt fólk var uppi honum í gegn, hvar um hann ei sinti, því hann á útreisunni hafði útboð gjört 180 fólks, og hann varð fjötraður, höfuð, hendur og fætur, og við sterka járnhringa reyrður á höfði niður en fótum upp, og á augnabragði strax laus. En eg

var einn undir þilfari nú í þetta sinn, er eg á heimreisunni tilvissi, er hann komst öllu fólkinu úr höndum, og hljóp ofan lúku hjá stórmastrinu og að sinni sæng. En eg spyr hvað nú eigi að vera. En hann segist kaptugann deyða skuli, og greip sína tvo stóru kokkshnífa. Og fyr en hann fjekk sjer umvent kom kaptuginn Christofor Boye á bak til við hann, og greip um hans báða ungliði, en hann senn friðmæltist, því mikill fjöldi fólks handgreip hann, og ljet hann sig þá viljuglega handtaka og í boltinn innsetja, og bað um 3 menn yfir sjer að vaka með byssum og brennandi luntum, og kvað þeim það best leikið, svo ekki stærri ólukku af sjer biði, og svo var gjört til næsta morguns, og varð enn laus látinn, því hann hirti um ekkert straff, og þjenti því ei neinu þesshátt ar við hann að offra, nema því stóra straffi alleina, því hvað straff er slíkum hentugra? — að hinu öðru gjöra þessir spott. Í öðru sinni hafði hann til reiðu eldrauðan brandfork, og með honum hugði hann kaptugann gegn renna, hefði eg ei viðlitið og til kaptugans gripið. Það sje að sinni nóg hjer um talað, en ei að heldur er hann úr sögunni.

Fyrst vjer frá Indíum afsigldum höfðum alls innan skipsborðs 140 fólks (eg meina stórt hundrað), en nær meir og meir á heimleið dróst tók vort fólk að sýkjast smámsaman af þeirri almennilegu vatnssótt, er flestum til vill á þeirri löngu og háskasömu reisu, svo að fyr en vjer komum hingað í Afríka voru 5 vorra manna í burt sofnaðir og fyrir borð drifnir. Og þegar vjer vorum komnir fram undan Caput de Bona Sperantia í Afríka þá hljóp á mikið veður af norðvestri, svo fáir menn mundu til þvílíks. Þar kemur mikill sjór, því þá menn koma þangað tekur nokkuð loft að kólna, og þar er bærilegt hitans vegna, en ei komum vjer þar, því vjer hjeldum þar mjög djúpt fyrir[1]). En við St. Helena eyland komum vjer, sem liggur nær undir mið-

[1]) Að því er Síra Mads Rasmussen segir kom skipið við Góðarvonarhöfða 6. November og lá þar til þess á annan í jólum. Þaðan hjeldu þeir til Saldanhaflóans og lágu þar frá 2.—13. Janúar.

dikislínunni Equinoctialis, svo sem siglingamenn tíðum plaga að gjöra, nær það finst og straumar og stormar ei forhindra. Það er lítið eyland og ein vika sjóar umkring. Það er að sjá sem einn stapi mjög hár upp úr sjónum og ei gott uppferðar. Portogaliskir menn bjuggu þar fyr meir nokkra stund og höfðu þar bæði svín og geitur og annan þarflegan kvikfjenað, sem sáðu þar til tóbaks og sett hafa dýrðleg aldinviðartrje víða þar niður, en allra helst uppá þess hvirfli um þær fögru, sljettu, lystugu flatir, hver trje að bera þau lystilegustu og sætustu epli. Þar er mjög þungbært neðan að komast, því að nær maður meinar sig að sjá það hæsta þá er eftir annað og hið þriðja slíkt, og ei þykjast menn vita svo landi varið eða með þvílíkri hegðan finnast mega. Ei verður þar lent nema í einum stað, sem kallast Kirkjuhöfn, og hafa þeir portogalisku menn þar haft sína kirkju, hver eð í þann tíma var vel stæðileg sem vjer þar komum, Anno 1625. En nær Spanskir og Hollenskir voru óvinir sín á milli, svo voru og þeirra þjóðir, hvar um heim hittust, og því þorðu ei þessi eylendingar þar lengur að viðhaldast fyrir sakir flamskra manna aðþrengingar og ofsókna, er þeir þar áttu sífelt að mæta, einkum síðast, að þeir með felmtri og ótta miklum urðu bæði land og eignir að umflýja. Og því er þar á þessa eylands hæðum og um dalverpi mikill hópur svína, af þeim þar eftirskilinn, og eru orðin vilt og nást ekki nema með hlaupum, hörku og fylgi margra manna. Vopn hafa þeir þar til þau að vinna, er þeir kalla krosslensur, og er það sjómannavísa, að nær hver fyrir sig (sem þar við land koma) hafa á haldið, að þeir skilja þessi vopn á götum eftir, þeim fyrst til fjalls horfa, og má þau hver sá brúka, er þeirra við þarf. Vorir menn náðu 9 svínum mjög stórum, en þó með stóru ómaki. Eg skreiddist og upp þessar háu hæðir og lá þar eina nótt með mínum kompánum við stórt tjald; gjörðum vjer þar mikinn báleld, og sátum kringum hann, hafandi bæði vín og vistir, og einn geithafur, hvern þeir höfðu nýlega deytt, varð á þessum krossteinum steiktur og síðan etinn. Og nær vjer sátum sem værilegast yfir vorri máltíð, kom einn stór villi-

göltur heim drattandi til vor að eldbálinu. Þeir köstuðu strax, sem fyr tilnefndir voru ef við lægi, bæði knífi og stykki, og runnu eftir honum þar til þeir fengu hann deyddan, og síðan sofnuðum vjer alt til morguns, utan vökumenn einir.

Í þessari ferð náðum vjer fjórum, og á miðjum degi fórum vjer út til vors mikla skips. Og á móti kvöldi sáu menn, sem í topp stigu, eitt stórt skip sigla undir eyna. Ei bárum vjer kvíða fyrir spönskum mönnum, því kóngar voru vinir í þann tíma, en strax var kíkir gripinn og skoðuð þeirra toppmerki, og þektust að vera flamskir menn, sem var *compagni*-skip, og austindíanskir farar frá Amsterdam, og hjet skipið Sá Væni Haukur en þess kapteinn Jóhann Cather. Þessir voru brauðs og annarar fæðu viðþurfandi, hvað þeir strax fyrir oss auglýstu, það fyrst sem samanbar vorum fundum. Þeir buðu oss samfylgd á meðan hvorki vindur nje önnur ókjör sundur bægðu, hvað vjer gjarnan þáðum, og urðu svo hvorir öðrum fegnir. Butiler Pjetur Franzson var í káhyttu innkallaður og af yfirvöldum aðspurður, hvort hann treysti sjer til nokkurt brauð við þá að afleggja. Hann kvað það satt vera, því hann meinti oss hólpna vera til alls þess, sem matarföngum að hnje. Slíkt gjörði hann fyrir vináttusakir og landsmannsskuld, en hugleiddi ekki hvað ske mætti, en þó í þann tíð vel fjelli og byr í báðum skautum lægi. Slíkt álit og grönn umhyggja gjörist enn nú margra og víða, kanske ekki síst í æðri efnum. Ljet hann þeim hið besta brauð í tje í mörgum sekkjum, en vor yfirvöld treystu honum til fullrar forsjónar hjer um eftir hans embættisskyldu, þar með fleira af mat og víni var óspart til útláta við þessa flamsku menn, þar með og líka var skift til helminga vor á milli af þeirri villiveiði, er skeði við þetta nefnt St. Helena eyland. Og nær sem vjer höfðum þar 5 daga legið hjeldum vjer samskipa þaðan frá landi og hingað í haf og höfðum besta byrleiði.

Einn hollenskur maður Pjetur Alkmar að nafni, brann af púðri óvarlega þar hann sat í skipsins galíónu

[öllum óvitanlega][1]) á sínum bakhluta, af því stykki, sem af var fýrt og rjett fram og við stefni stóð. Þessi lá lengi undir bartskera hendi, og þótti honum ógott við að eiga sakir hans óþolinmæði, og nefndu tíðum þá dýrðlegu gjöf Guðs, sem mjer var gefin af hans náð og föðurlegri elsku í mínum hörmungum. M[eistara] Arntz og mjer fór það á milli nokkra stund, að hann hjelt mínum tveimur afteknum fingrum hjá sjer, og sagði sjer þá tilheyra með rjettu, hvað mjer lítt líkaði, en varð þó svo búið að líða, og ljet gjöra koffur að á laun og með dýrlegum smyrslum þá þar innlagði, þó ei meðkendist, og hafði sagt drukkinn einn tíma, að hann þá ei vildi missa fyrir hundrað dali nær um framandi pláss færi.[2])

Einn dag var það blíðan og byr lá í báðum skautum og horfðist vel á um hagi manna eftir holdlegu áliti, að vjer lágum í hjegómlegu samtali nokkuð framarlega á þiljum; einn að nafni Barthel[3]), minn góður vin og leikbróðir, einkum í fikterii, var að tala, en þó einfaldlega, um vor efni, og bað nú Guð það náða, hvernin það hefði tilgengið, að allir kæmi nú lífs og lima heilir heim utan eg. En kaptuginn Christofor Boye bar fljótara að en varði neinn af oss, og gekk að Barthel og lagði sitt högg honum undir hvorn vanga, og sagði honum nytsamara verið hafa að gefa mjer huggunar en hrygðaryrði, og kvað hann enn ekki heim kominn, og tók oss vara fyrir öllu oftrausti, og fyrirbauð öllum mjer nokkra stygð að gjöra í orðum nje verkum, hvað og fullkomnaðist.

Nú þegar svo langt á leið vora heimreisu að vjer vorum komnir 90 mílur hingað fyrir Tyrkiríið, og alt til þess höfðum haft gott byrleiði og vel liðið, og ei mist utan 5

---

[1]) Þangað var gengið til kamars. RC.

[2]) Dauðra manna fingur (eða hjer dauða fingur) mátti eftir þeirra tíma trú nota til margs; hjer virðist vera átt við þá hjátrú, að sá sem bæri þá á sjer gæti ekki villst.

[3]) Á lista Sím. Jóhansens er getið um bátsmann að nafni Bertill Gundersen.

menn, sem var Jacob[1]) vorn stýrimann, ein byssuskytter og 3 bátsmenn, — nú bar svo við á sjálfan pálmasunnudag, eftir prjedikan og máltíð, að upphófst ljótlegur leikur með fólkinu undir þilfari, eftir indíanskri og heiðinglegri siðvenju og dansvísu, nær indíanskar pagóguhórur dansa fyrir þeirra bölvuðum afguðum, og í þennan leik hafði Arntz vor bartskeri sig gefið, því hann var þá einn ungur mann. Og nær eg leit slíkt hvað hjer með gjörðist gramdist eg í mínum anda þar yfir mjög þunglega, og forbauð eg bartskeranum og Pjetur Lálik slíkan djöfulsleik að fremja, því þeir báðir voru mjer kærir, og setta eg þeim stórar fortölur, svo það spurðist í káhyttu. Strax ljet M[eistari] Arntz af og Pjetur Lálik. Senn hjaðnaði niður þessi vondi leikur, og þóttust sumir hafa ofgjört. Prestur vor, H[erra] Matthías, þakkaði mjer stórum fyrir, og bað mig eflast framvegis til guðlegrar vandlætingar og fleira góðs annars, því hann var þá orðinn veikur nokkuð. Líka þóknaðist það kaptugum báðum.

Svo leið þessi dagur. Og sem kvöld kom og eftir máltíð og setta vakt gengu allir menn til hvíldar, utan vaktmennirnir.

Um miðnætti nærri dreymdi mig mjög þungan draum þess háttar, að mjer þótti að eg lá í minni hvílu sem og var, og þessi maður Barthel, er eg fyr nefnt hefi, kom þangað og lyfti yfirklæði minnar hvílu af mínu andliti ofan til miðs, og þótti mjer bera mikinn knífi beittan sjer í hendi. Eg þóttist skelfast við hans reiðuglegt andlit og hans grimt og mjög hastarlegt tilgrip, og þótti mjer hann upphefja þann stóra knífi, og ljetst vilja stinga mig með honum, en eg þóttist nákvæmlega hann um vægð biðja, og segja mig stórum forundra hans umbreytt sinni við mig. En hann sagði sjer væri svo bífalað af Guði, þeim mikla konungi, mig og alt skipfólk að deyða með þeim mikla hnífi. Eg þóttist því stórlega neita að hann mig deyða ætti eður

[1]) Jacob Adriansen, sem á lista S. Jóh. er talinn 1. stýrimaður á ferðinni til Indlands.

guðlega skikkan þar til hafi, því Guð hefði mjer nýlega líf gefið. En mjer þótti hann segja, satt væri það, ekki ætti hann mig að deyða, hann hefði viljandi svo freistað mín. En hitt væri sannindi, að fólkið ætti hann að deyða. Eg þóttist segja hvað mjer væri einum eftir að lifa, ef alt fólk annað deytt yrði, og þóttist eg hann nákvæmlega biðja að þyrma nokkrum með mjer, sem væru mínir bestu vinir. En hann sagðist svo eiga og skyldi gjöra, og hverjir sem svo náðuðust og líf yrði gefið, það skeði fyrir mínar sakir og bænastað, en tveim megin skipsborðs væri sjer bífalað með sinn knif að ganga. Og eg sá hann uppbyrjaði fyrst utan káhyttudyra á bakborð, og sagði: »Þjer höfðuð vondan leik í gær, nú vil eg leika í dag.« Slíkt grimt atferli ógnaði mjer svo mjög í svefni að undrum gegndi, og ei varð eg með hrópum vaktur þeirra í sængum lágu, fyr en tveir menn af vaktinni komu og fengu mig um síðir uppvakt, hverjum eg fjekk nokkra stund engu gegnt. Þeir gáfu mjer að drekka, því mjer var mjög dátt við orðið. Og nær minn kaptugi fjekk þetta að vita, jafnskjótt gekk hann til mín og kvað sjer litist þunglega á þeirra draums merking og kvíða í brjóst runninn. Menn báðu hann ei sig þar af harma eður neitt sjer til hrygðar taka, því draumum væri ei fullkomlega að trúa. Og á þeim degi fjekk eg einskis matar neytt, því þungur kjöllur var mjer að hjarta hniginn.

Um miðnætti kom Pjetur Alkmar ofan undir þiljur af sinni vakt, og gengur að minni hvílu, og spyr mig hvort eg vakandi sje. Eg sagði svo vera muni, og ei hafi eg stóra værð haft í tvær nætur. Eg spyr hann, hvernin veður sje, en hann segir vorn venjubyr þrotinn. Í öðru sinni hann kemur ofan til mín biður hann oss nú Guð náða, nú sje mótvindur kominn af norðaustri. En um sólaruppruna var komin svo mikil ógn, að varla var skiphelt og mersusegl inntekin, og skömmu síðar jók svo ógn hastarlega við, að stórsegl og fokka flugu burt sem pappír verið hefði. Var stórsegl fjórbyrgt en fokkan þríbyrgð. En af því alda var mikil úr vesturhafi áður en lausasjó jók hastarlega úr land-

norðri úr allri venjulegri gegnd, og að seglum burtdrifnum kastaði sú mikla sjóarógn því stóra skipi sem annari kistu úr einni báru í aðra, og en þó 7 málfaðma hæð væri af hennar compan eður rúndel til sjómáls samt mátti hver með hendi ausa, er þar stóð og til reyna vildi, útbyrðis sjó inn í skipið á hljeborða, nær til sjóar lagðist.

Sú fyrsta ólukka, sem skeði um morguninn, nær mersusegl skyldu inntakast, að Pjetur Alkmar fjell í sjó af rámúlanum, af einni ógnarlegri báru, er honum burt sló, en hann hjelt sjer í brasið, sem vjer köllum aktaum, þar til honum varð hjálpað. — Sú önnur, að seglin burtfóru sem eitt þarablað. — Sú þriðja að vorn litla bát tók útbyrðis upp yfir eins manns hvirfil, er stóð við borðstokkinn á stjórnborða í hlje, honum án skaða, sem var eitt stórt jarteikn Guðs almáttugs; þessi bátur plagaði jafnan laus að standa í þeim stóra bát. — Sú fjórða, nær vjer skyldum strika vora stórstöng með bramstöng og flagstöng þá sáu menn brest á stóra mastrinu. En báðir skipsins timburmenn voru uppi að viðleita að ofan strika mætti, hvað ei leikast mátti, af því skipið lá jafnan á stjórnborðssíðuna, og þó maður stæði við mann upp eftir reiðanum, þá fluttist ei hróp þeim til eyrna, svo þeir heyrt fengi, að þeir ofan kæmi fyr en mastrið hrykki. Og um síðir hrökk mastrið, og þessir tveir timburmenn með því út í sjó; sá eð hjet Andrjes Jónsson, norrænn, varð undir allri þyngdinni, því hann stóð í hlje, og marðist allur í sundur, en hinn annar, Cláus From, hafði staðið á vindborða, honum varð bjargað með útvörpuðum kaðli. Síðan hjuggu menn allan reiðann fyrir borð, svo alt frá laust yrði, svo skipið ei lesktist.

Hið fimta atvik ólukkunnar varð skömmu síðar, þá skipið hljóp í sjó framan brotnaði vort bogspjót við stefnið, og fokkstagurinn hrökk sundur. Þetta varð og strax höggvið laust frá skipinu. — Þá í sjötta máta, að litlum tíma liðnum, úthrökk vort fokkmastur, og með hast var frá höggvið og losað, hvað alt kostaði mikla summu peninga. Þá stóð ei annað eftir en meisanmastrið af skipsins öllum seglreið-

skap, og var þá skipið mjög hryggilegt ásýndar. Þetta skeði alt á þriðjudaginn næstan fyrir páska. Nú gekk stórsjór mikill yfir skipið svo undrum gegndi, og gengu menn til pumpuausturs, og varð ei uppausið, og voru þær alls 13 með slagpumpum. Sýndist mönnum það ljósast eftir holdlegri sjón og brest náttúrlegs meðals að ei mundi annað fyrir hendi vera en dauðinn og bráður viðskilnaður við þessa aumu veröld, hvað alt vjer settum í vald og vilja vors miskunsama og náðarfulla Guðs, hverjum vjer oss til allrar umhyggju lífs og sálar beföluðum innilega um tímanlega tíð og eilífa. Varð svo til bænar blásið og klukkum hringt, og að oss öllum samankomnum af prestinum, H[erra] Mattheo, föðurlega og ljúflega ámintir til iðrunar og angurtrega fyrir gjörðar syndir, og að hver og einn setji alla sína von uppá Guðs náðar fyrirheit í fullkomlegri trú og trausti, uppá þá dýru forþjenan og meðalgöngu vors endurlausnara og frelsara Herrans Jesú Christi. Var þá að heyra kvein og grát yfir alt. Hjer af læri sjerhver maður að athuga sig í gamni og alvöru, að varast athugalaust líferni og vita lukkan er völt, en það yfir alt fram, að minnast þess að dauðinn er vís en dauðastundin óvís. Fyrir sermón þann, sem presturinn hafði, var sunginn sá psálmur: »Hjeðan í burt með friði eg fer,« en eftir: »Nær hugraun þunga hittum vjer.« Einn maður, Adrían að nafni, flamskur, talaði til mín í miðri bæn og spurði mig að, hvort eg meinti að drukkna í sjó það harðan dauða að vera. En eg bað hann af slíkri fávitsku láta, og að hugsa meir um það eilífa en stundlega, að vera óhræddur og fela sig í Guðs vald í Jesú nafni. Einn að nafni Jóhann Christiánsson, sá eð á þeirri fyrstu reisu til Indíen hafði af þeim Portogalisku hertekinn verið, leitaðist eftir þrátt síðar og mjög eftir voru samtali, en þó við værum góðir vinir, vildi eg hvorki honum nje öðrum hans holds veikleika auglýsa, svo hann ei þar fyrir síðar fixeraðist.

Síðan eftir gjörða bæn bað minn kaptugi Christofor Boye að menn skyldu ganga til pumpna, og ennnú viðleita að bjarga lífinu, svo vjer sjálfir ei fyndumst sekir í vorum

dauða, ef vjer annars slíkt forsómuðum, en Herrann ætti frjálst á hvorn veg hann vildi vor efni tilganga láta, og játuðum oss það hollast sem hann vildi láta oss af sinni náð tilfalla, og eftir Herrans bænarformi í grasgarðinum báðum að hans náðugur vilji mætti verða og á oss auglýsast, og fólum oss svo honum á hendur til lífs og sálar.

En sem leið yfir nón þá varð allur lífatkerskaðalsstrengur Perlunnar laus, sá eð í fyrstu lá fram undir skipsstefninu á neðasta þilfari, og ei hafði á þeirri reisu ennnú brúkaður verið, sá eð var 300 faðma að lengd, en svo digur að hver faðmur hafði vættar þyngd og kostaði 5 dali. Og nær skipið reis framanvert í mót þeim mikla stórsjó því meir kastaði honum aftur í skipið og út í bæði borð svo skalf við, og vissum vjer ei nær hann þá og þá mundi skipið í sundur mola, svo vjer með óttafullu hjarta urðum án aðgjörða lengi hans aðgang og hræðilega hótan að líða. Þar með urðum vjer að áhorfa spilling og foreyðslu er hann gjörði með sinni harðbýllri umferð á allri vorri lífsbjörg, að fráteknu því litla, sem af brauðsmælki var eftir orðið eftir butilerans ofrúntleg útlát við þá Hollensku sína landsmenn af skaðsamri hans óframsýni við St. Helena eyland, og fyr var umgetið. Hann braut öll föt, pípur og ílát, þar spiltist alt vort vín, það góða og rauða spanska vín, því nær og tvær pípur fullar, sem hver þeirra tekur 10 tunnur; item tvö tveggja tunnu smjörföt; item 8 kjötföt; þar í bland spiltist tjara og lýsi, svo alt varð óætt síðar meir. Þar spiltust öll vor rísgrjón, sem til matar voru ætluð, item ertur og baunir. En vorar vatnspípur lágu undir þessu þilfari í skipsins fragtrúmi, og öll fragt skipsins, sem var pipar í blikkslegnum rúmum, og menn þurftu oftlega með rekum og járnskúflum að umvelta, sakir eldlegs hita nær vanþurkast, sem hjer taða; item lá þar og öll önnur indíanisk vara, sem vjer með oss höfðum, ásamt öllu öðru greindu aldeilis óhindrað.

Sá rjetti skipskaptugi var Sixtus Jacobsson; í þessari uppá kominni neyð varð honum ekkert til ráða, utan

lá og grjet í sinni hvílu. En minn kaptugi, Christofor Boye, hann var í allri framgöngu og ráðum fyrir öllu, svo eg sá í engum þar innan skipsborðs forstand nje atburði til nokkurs þess, sem oss gagn mætti að verða og líf af leiða, utan þessa eins manns og M[eistara] Mutten, sá eð var vor stýrimann, einn reyndur mann og gamall sjóhani, sem fyr meir hafði í hernaði og uppá fríbýteri í mörg ár verið með sín 5 sjálfseignarskip, en fyrir eitthvert eða fleiri hans frægðarstykki varð náðaður af kónginum á Englandi. Síðan leitaði kaptuginn Christofor Boye við að stilla þann mikla æðigang þessa fyrnefnda kaðalhrings, og ljet 5 menn koma 5 súlum öllum undireins innan í hringinn nær kyrrast stóð, og þær 5 stoðir ráku þeir strax undir bita, svo hann hvorki stökki, skrikan eður köstum viðkom. Alt til þess að svo gjörðist frá fyrsta var oss voði og lífsháski sýndur af umslögum þessa kaðaltogs. Og að honum svo stiltum fyrir góð ráð míns kaptuga Christofors Boga gafst meiri friður og minni ótti.

Í móti kvöldi þess sama dags komu þrjár bárur ógnarlegar, af hverra megni að stýrið frá gekk skipinu. Og hver stórsjór sýndist úr lofti yfirfalla, og ei var vært nokkrum manni á þiljum standa, svo þeir eð til reyndu rotuðust af sjómegni hverrar bylgju. Þá gafst enn meiri tvísýni til töpunar. En minn kaptugi Christofor Boye hafði því meiri hughreysti fyrir Guðs anda áfýsi, hvar með hann sig og aðra í Guði jafnlega gladvær huggaði, og sagði nú sinn kraft og annara rjenaðan með öllu til allra mannlegra atburða, bað því alla Guð um andlegan styrk að biðja, og þó að líkamlegt skipbrot tilfjelli, ef Guð svo vildi vera láta, að vjer mættum andlega varðveitast fyrir hans náð frá trúarinnar skipbroti, svo vjer mistum ekki, heldur hreptum þá eilífu sönnu sæluhöfn með öllum rjetttrúuðum í því eilífa fyrirheitna föðurlandi, alleina fyrir þá fullkomnu afrekan vors sæla sigurvegara Jesú Christi, sú eð á tíma vorrar hörmungar af Heilagri Þrenningu samþykkilega ályktaðist manninum fyrirheitin, öllum rjetttrúuðum tilsögð og í tímans uppfyllingu kröftuglega framkvæmd og fullkomnuð.

Og að þesshättar meining framsagðri setti hann menn við pumpurnar til umskifta, en hinum öllum til hvíldar að víkja. En mig bað hann með sjer uppá þilfar að ganga ef eg gæti, og leiddi mig upp að vindustólpanum, og bað mig til Guðs biðja það innilegast eg gjöf til hlyti um svíun hörmunganna, og um líknartillit í vorri áliggjandi neyð og stórri nauðsyn. Gekk hann svo um stund litla frá mjer, og kom síðan aftur, og leiddi mig til minnar hvílu.

Meginstormur stiltist strax um kvöldið. En um nóttina beinbrotnaði einn fallegur ungur maður mjög, Jóhann Fálki að nafni, sá eð lá í 12 vikur undir bartskera hendi. Eitt undarlegt sást að morgni, að gagnsjatnaðri ógn, að hringur úr voru stærsta lífatkeri var sjálfkrafa í burt horfinn. Nú á þessum morgni drógu menn sig uppá þilfar með sorgarlegum hætti, og horfðum í ýmsar áttir eftir voru fylgdarskipi og lagsmönnum, hverjir þá voru oss úr sigti drifnir, og höfðu mist sitt stóra mastur og verið staddir í lífsneyð og mesta fári. Ei fundum vjer þá síðan. Í þessum stormi forgekk eitt hollenskt skip í Afríka upp á 500 lestir, hvers fragt að virtist 13 tunnur gulls, en það annað hollenskt skip, sem því var í meðfylgd útvörpuðu 100 tunnum pipars, og var það nær umkomið.

XXIX. KAP.

En sem leið að miðdegi sáum vjer eitt lítið skipkorn sigla úr austsuðaustri til vor, og hugðum vjer í fyrstu vera stallbræður vora. En þetta voru Búskaier, sem fara allvíða fyrir hvali og fisk. Þessir sigldu í þrjár reisur í kringum oss og vort skip, meintu oss í herslagi verið hafa, og voguðu því eigi til vor að koma, þó vjer þá þar um þrásamlega beiddum oss í lífsneyð að hjálpa og til lands flytja fyrir þreföld verðlaun.

Þar liggur ein ey útí Spanska hafinu, sem nefnist Torney[1]), og þeir allir, sem þangað sigla, fara uppá fiskerí fyrir cabela[2]), það er fyrir þorsk og löngu, og nefnast Torneyjarfarar. Þessir og hinir er þeim síðar komu til vor, fóru þessa leið.

Nú vorum vjer komnir 90 mílur hingað fyrir Tyrkiríið og vorum djúpt fyrir Vesturhafi, og áttum hálft annað hundrað mílur til Spanía í landsuður en 500 mílur til Englands, skipið segla- og stýrislaust en vjer með öllu kostlausir. Þetta alt gaf ótta og vantraust voru fólki, og kváðu auðsjeða vora töpun, utan ef til vildi að eitthvað skip á vorn veg bæri, og þeir hinir sömu fyrir oss í land sigldu. Við svoddan menn gramdist eg í hvert sinn mjög, er sú ræða til fjell, með því þeir í meðlæti og mótlæti sýndu sig sem þeir engan Guð ættu, hvorki að óttast nje elska, og kynnu sjer því einskis af honum að vona. Þeir liðu mig vel, þó þeim þætti eg harðmæltur vera, og með því þeir fundu mig ei svo ósannsögulan vera í þessari vorri sameign og samræðu gáfu þeir tapt sitt hjegómlegt traust og ástæði, en eg hjelt á því, að sá Guð, sem oss hefði enn þá svo föðurlega líknað og við dauðanum forðað mundi sjálfur til lands leiða, þá honum sýndist. Presturinn bað mig að lýjast nje linast ekki í góðum áminningum til fólksins í sinn stað, og að aftra óguðlegu athæfi til máls og gjörða, því hann veiktist meir og meir, vort fólk ogsvo daglega eftir hendi af vatnssótt.

Oss hafði viljað það til lukku að vorar seglrár lágu eftir seglin farin á borðstokkum, og ljet kaptugi Christofor Boye timburmenn höggva úr þeim fokkmastur og seglrá.

---

[1]) Í Spánska hafinu er engin ey, er svo heitir. En það er þó auðsjeð hvað hjer er átt við. Torney er nfl. = Terre Neuve, franska nafnið á Nýfundnalandi, sem þá og nú er frægt fyrir fiskiveiðar. Jón Indíafari hefur líkl. haldið að nafnið Terre Neuve, sem danskir fjelagar hans hafa borið fram „Ternøv“ væri eitt orð, og að síðara atkvæðið væri danska orðið „Ø“, eyja; svo hefur hann snúið þessu á íslensku í Terney eða Torney.

[2]) holl. kabbeljaw, fr. cabliau, þorskur.

Vjer höfðum tvenn ný segl innanborðs. Stýri ljet hann gjöra úr 7 álna löngum bita sem þeir kalla pentelbjálka[1]), sem atkeri plagast að setjast með til rjettar, og urðu slegnir boltar úr skipinu til stýriskróka, en járnlengjur þar yfir beygðar, og alt kalt borað, og stóð það yfir í 8 daga fyr en vjer fengum því fyrir komið, en allra síst aftur inntekið, með því allur skipsreiði með trjánum var í burt. Og nær þessu stýriskorni var með stórri aflraun fyrirkomið og því litla seglkorni var útslegið og við vindi hagað, gaf Guð oss norðvestanvind í hálfan mánuð, þeir eð oss vel og frábærlega framleiddu.

Eitt kvöld, skömmu eftir skaða orðinn, litum vjer eitt mikið tyrkneskt skip í suðvestur frá oss. Sumir voru til friðs að Tyrkjar tæki oss heldur en í hungri deyja, því vjer höfðum lofun kónglega og skriflega, að leysast undan þeirra valdi, ef oss slyslega tilfjelli. Þar í móti bað eg og margir aðrir, ekki síst á þessari nóttu, að Guð vildi draga oss fyrir þeim í hlje og úr þeirra sigti, svo þeir fengi oss ekki að snerta, hvað oss veittist fyrir Guðs náð og hans mikla almættiskraft, svo að hvorki þeir nje nokkurs slags þjóð fjekk oss litið nje skaða gjört. Sje blessað nafnið vors Guðs, miklist og víðfrægist hans dýrð, vald og dásemdir! Amen!

Á næsta degi eftir orðinn skaða voru menn sendir ofan í brauðrúmið að hugleiða hvað þar til besta væri. Þá fanst þar ekki nema nokkrir molar og þó skemdir af þeim kvikindum, sem stór mergð er af og í skipin komast þar í Indíum á nætur fljúgandi, að stærð sem óskabjörn, og cachilacar[2]) nefnast. Á kvöldin nær menn uppreiða sín rúm undir næturhvíld, þá lúra þessi kvikindi þar inni í stórri mergð, og hafa menn vendi í höndum að hýða slíkan ólýð í burt, því þeir á daginn geta ei flogið fyr en sólsett er.

---

[1]) Jeg veit ekki við hvað hjer er átt.

[2]) d. kakerlakker, holl. kakkerlak, (lat. blattidae) upprunalega úr Indíanamáli, svo nefnast einskonar ljósfælin skordýr, sem eru skaðræðisvargar.